


skoðun 14

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Veljum íslenskt






## SMÁ FLIPP Á SUNNUDEGI
Katrín Brynja Hermannsdóttir kynnti dagskrá Sjónvarpsins með tveggja mánaða son sinn í fanginu.

fólk 30


# FRÉTTABLAÐIÐ
ÞITT
ÞRIÐJUDAGUR

27. apríl 2010 — 97. tölublað — 10. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000


## Það vantar vestfirsk lög


*Söngkeppni Vestfjarða haldin í fyrsta sinn.*

tímamót 18

## Met í fjölda rekkjunauta


*Fjöldi rekkjunauta og rakstur umhverfis kynfæri eykur líkur á smiti HPV-veirunnar.*

allt 4



## Börðu fram oddaleik
*Keflavík og Snæfell mætast í hreinum úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta á fimmtudagskvöldið.*

íþróttir 26

## veðrið í dag



**VÆTA SYÐRA** Í dag verða austan eða suðaustan 10-18 m/s með vætu síðdegis S-lands, annars hægari og víða bjart einkum N-lands. Hiti 4-10 stig.

veður 4

# Forseta settar siðareglur

**Hafin er vinna við setningu siðareglna fyrir embætti forseta Íslands. Líklegt er að þær verði annaðhvort í lögum um laun forseta eða gefnar út í forsetabréfi. Reglurnar á að smíða í samráði við forsetaembættið.**

**STJÓRNSÝSLA** Embætti forseta Íslands verða settar siðareglur. Undirbúningur verksins er hafinn í stjórnarráðinu þar sem meðal annars hefur verið skoðað með hvaða hætti reglurnar verða festar í sessi. Kemur til álita að færa þær í lög um laun forsetans eða gefa þær út með forsetabréfi. Forsetabréf eru ein tegund stjórnsýslufyrirmæla en aðrar eru forsetaúrskurðir og reglugerðir ráðherra.

Ákvörðun um setningu siðareglna forseta kemur í kjölfar útgáfu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Vinnuhópur um siðferði komst að þeirri niðurstöðu að æskilegt væri að forsetaembættið setti sér slíkar reglur.

Á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar í Garðabæ fyrir tíu dögum sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra að í ljósi skýrslunnar þyrfti að endurskoða stöðu forsetans og setja embætti hans siðareglur. Hefur hún nú sett undirbúning þess af stað.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er siðareglunum ætlað að ramma inn starfshætti forsetaembættisins. Um leið er horft til þess að fjallað verði með víðtækari hætti um eðli og hlutverk forsetaembættisins á stjórnlagaþingi en frumvarp um það liggur fyrir Alþingi.

Í ráði er að siðareglurnar verði unnar í samvinnu stjórnarráðsins og forsetaembættisins. Ljóst er að forsetinn hefur aðkomu að gildistöku siðareglnanna enda þarf hann að staðfesta breytingar á lögum um laun sín, verði sú leið farin, eða gefa út forsetabréfið, verði sá háttur ofan á.

Í kjölfar útgáfu skýrslu rannsóknarnefndarinnar lýsti Ólafur Ragnar Grímsson þeirri skoðun sinni að óþarft væri að setja embættinu sérstakar siðareglur.

- bþs/ sjá síðu 6



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ANDLIT GARÐABÆJAR** Börn í leik- og grunnskólum í Garðabæ brugðu á leik í gær og fóru í skrúðgöngu, sem er liður í listadögum barna og ungmenna. Margir báru grímur, þar sem skjaldarmerki bæjarins fékk nýja ásjónu.

Vísindamenn frá SÞ gáttaðir:
## Ítalskur hani skipti um kyn

**ÍTALÍA** Vísindamenn ætla að gera rannsóknir á ítölskum hana sem virðist hafa skipt um kyn eftir að refur drap allar hænurnar í hænsnakofanum hans.

Nokkrum dögum eftir að refurinn komst í hænsnakofann var haninn farinn að verpa eggjum og liggja á. Gerðar verða rannsóknir á erfðaefni þessa kynlega hana til að komast að því hvernig og hvers vegna hann varð að hænu. - kh

Þorkell Harðarson:
## Fálkamynd vinsæl á Tribeca

**FÓLK** Íslenska heimildarmyndin Feathered Cocaine hefur vakið óskipta athygli á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York. Myndin var frumsýnd á föstudaginn og hefur verið uppselt á allar sýningar. Þótt myndin fjalli um umfangsmikið smygl á fálkum til Evrópu þá er því einnig haldið fram í henni að hryðjuverkaleiðtoginn Osama Bin-Laden sé ekki jafnmikið í felum og vestræn yfirvöld hafi haldið fram. - fgg/ sjá síðu 30

Útlit fyrir að öskufall hindri flug um Keflavík eftir að morgunflugið tekur á loft:
# Keflavíkurflugvöllur að lokast

**SAMGÖNGUR** Bæði Icelandair og Iceland Express flýttu flugferðum frá Keflavíkurflugvelli í morgun til að þotur félaganna komist á loft áður en aska frá eldstöðinni í Eyjafjallajökli lokar flugvellinum.

Veðurspá bendir til þess að umtalsverðar truflanir verði á flugi um völlinn næstu daga.

„Miðað við öskufallsspá lítur ekki út fyrir að það verði flogið um Keflavíkurflugvöll [í dag] eftir að morgunflugin eru farin," segir Hjördís Guðmundsdóttir, upplýsingafulltrúi Flugstoða. Hún segir þó bót í máli að allt bendi til þess að Akureyrarflugvöllur haldist opinn.

Veðurstofa Íslands spáir austlægum áttum næstu daga. Rætist þær spár má búast við truflunum á flugi um Keflavíkurflugvöll áfram fram eftir vikunni. - bj










## SPURNING DAGSINS



*Hrafn, eru lífeyrissjóðirnir stefnulausir?*

„Nei, þetta stefnir allt upp á við.“

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssambands lífeyrissjóða, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær lífeyrissjóðina vilja leysa deilur um uppgjör gjaldeyrisskiptasamninga án þess að þurfa að stefna bönkunum.

Tillaga stjórnar fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík um reglur í prófkjöri 2006:

# Hámarksupphæð var tekin út úr reglum

**STJÓRNMÁL** Stjórn fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík lagði það til árið 2006, fyrir prófkjör vegna alþingiskosninga 2007, að prófkjörskostnaður mætti ekki fara fram úr einni milljón króna. Einnig áttu frambjóðendur að sýna háttvísi í baráttunni og gera grein fyrir kostnaði að henni lokinni.

„Þessu var breytt eftir umræður á fulltrúaráðsfundunum tveimur og upphæðin tekin út. Stjórnin var með þessa tillögu um milljón og það var mikil umræða um þetta. En það voru ýmsir sem töldu að það yrði erfitt að fylgja því eftir,“ segir Páll Halldórsson, sem þá var formaður fulltrúaráðsins. Fólk hafi óttast að reglan yrði brotin. Páll segist aðspurður ekki muna hverjir hafi haft af þessu mestar áhyggjur.



PÁLL HALLDÓRSSON

Samkvæmt samþykktu reglunum átti þó að stilla kostnaði í hóf og skila yfirliti um tekjur og gjöld.

Spurður hvort þessum reglum hafi verið fylgt eftir, segir Páll:

„Ég var ekki í kjörstjórninni og veit ekki hvernig það var, en ég geri ráð fyrir því að menn hafi eitthvað skoðað þetta.“ Hann muni ekki eftir sérstakri umræðu um það. - kóþ

### Tveir undir milljón

Sex núverandi þingmenn Samfylkingarinnar tóku þátt í prófkjörinu í Reykjavík 2006:

| | kostnaður |
|---|---|
| Ásta R. Jóhannesdóttir | 1,4 millj. |
| Helgi Hjörvar | 5,6 millj. |
| Jóhanna Sigurðardóttir | 530.000. |
| Steinunn Valdís Óskarsdóttir | 4,7 millj. |
| Valgerður Bjarnadóttir | 750.000. |
| Össur Skarphéðinsson | 3,6 millj. |

*Miðað við upplýsingar frá frambjóðendunum sjálfum á vef Ríkisendurskoðunar.

Keypti fyrir falsaðar krónur:

## Peningafalsari handtekinn

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður viðurkenndi við yfirheyrslur hjá lögreglu í fyrradag að hafa falsað þúsund króna seðla og keypt ýmsar vörur fyrir.**

**Lögreglunni bárust fyrir nokkrum dögum tilkynningar frá fyrirtækjum um að falsaðir þúsund króna seðlar væru í umferð. Seðlarnir voru illa gerðir samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, þannig að auðvelt var að sjá að þeir væru falsaðir. Það breytti því þó ekki að maðurinn gat verslað fyrir þá á tíu til fimmtán stöðum. Hann keypti sér smáræði, aldrei fyrir meira en þúsund krónur.** - jss

# Þingmenn sitji ekki í óþökk grasrótarinnar

**Iðnaðarráðherra segist ekki hafa annað umboð en kjósenda. Forseti Alþingis telur að þingmenn sem voru á þingi 2008 eigi ekki endilega að hætta. Endurnýjun hafi jafnvel verið of hröð. Formaður fjárlaganefndar vill bíða tillagna.**

**STJÓRNMÁL** Þingmenn eru á þingi fyrir kjósendur sína. Telji grasrót flokksins að þingmaður eigi ekki erindi á þing þá á hann einfaldlega ekki erindi þar.

Svo segir Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra Samfylkingar, spurð álits á tillögu flokkssystur sinnar, Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur. Steinunn hefur sagt að komist nýskipuð umbótanefnd flokksins að þeirri niðurstöðu „að menn hafi brugðist á þessum tíma“ eigi allir þeir þingmenn flokksins sem sátu á þingi fyrir hrun að segja af sér. Krafa um þetta hafi heyrst innan flokksins.

„Ég er ekki á því að allir sem einn eigi að víkja. Það er mismunandi í hverju menn hafa staðið. En það eru kjósendurnir sem ráða þessu. Það eru kjósendurnir sem völdu mig í forvali. Ef grasrótin í mínum flokki gerði þá kröfu þá myndi ég að sjálfsögðu víkja,“ segir Katrín.

Fyrrnefnd umbótanefnd teljist til grasrótar flokksins.

Aðspurð segist ráðherra ekki hafa hugsað um að segja af sér, enda sé hún á bólakafi í verkefnum. „En auðvitað kemur manns tími einhvern tíma. Ég er ung og á eftir að gera heilmikið annað en að vera í þessu. Ég verð að á meðan ég geri gagn og síðan taka aðrir við,“ segir Katrín.

Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, segist ekki sammála hugmynd Steinunnar:

„Ég tel að það sé mjög mikilvægt að inni á þingi sé fólk með reynslu og hef verið þeirrar skoðunar að endurnýjunin á þingi hafi jafnvel verið of hröð. Þar eru innan við tuttugu þingmenn með þriggja ára reynslu eða lengri. Ég vil hafa ferskt blóð í bland við reynslumikið fólk,“ segir hún.

Ásta vill ekki ræða umbótanefndina og segist ekki hafa hugsað um að segja af sér. „Ég hef nýlega fengið endurnýjað umboð í kosningum,“ segir hún.

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, segir þessi mál í farvegi bæði umbótanefndar flokksins og sérstakrar þingnefndar. Þeim farvegi eigi að fylgja.

„Það er mjög mikilvægt að þessar nefndir komi með niðurstöður og tillögur og síðan metum við þær. Ég tel eðlilegt að við bíðum eftir því. Annars þyrftum við ekki þessar nefndir,“ segir hann.

Spurður hvort hann hafi leitt hugann að því að hætta, segir Guðbjartur: „Ég hef alveg síðan ég kom á þing velt því fyrir mér hvort ég sé að gera gagn þar eða ekki og ég var auðvitað að meta það fram til 2009 hvort ég ætti að fara í slaginn. En rannsóknarskýrslan hefur engu breytt um það. Hún bara hvetur okkur til dáða.“

klemens@frettabladid.is



**AFSAGNIR** Tveir stjórnmálafræðingar sögðu í viðtali við RÚV í gær að mikið lægi á því að styrkjamálin væru uppgerð. Grétar Þór Eysteinsson prófessor sagði að flokksforysta Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks ættu jafnvel að krefjast afsagna þingmanna áður en nefndir innan flokksins komast að niðurstöðu um hvort slíkt eigi að gera.

## Létust í bílslysi

Stúlkurnar tvær sem létust í bílslysi á Suðurnesjum á laugardag hétu Unnur Lilja Stefánsdóttir, fædd árið 1991, og Lena Margrét Hinriksdóttir, fædd 1992.

Þriðja stúlkan liggur enn alvarlega slösuð á gjörgæsludeild Landspítalans. Samkvæmt upplýsingum frá lækni á gjörgæsludeild í gærkvöldi var henni enn haldið sofandi í öndunarvél.

Forsetakosningar í Póllandi:

## Tvíburabróðirinn fer fram

**PÓLLAND** Jaroslaw Kaczynski lýsti því yfir í gær að hann hygðist bjóða sig fram til embættis forseta landsins. Tvíburabróðir hans, Lech Kaczynski, sat á forsetastóli er hann lést í flugslysi 10. apríl ásamt fjölda pólskra ráðamanna.



LECH KACZYNSKI

„Pólland er okkar sameiginlega og mikla ábyrgð,“ sagði í yfirlýsingu hans þar sem hann sagðist vilja axla þá ábyrgð þrátt fyrir sorglegar aðstæður.

Jaroslaw Kaczynski sem er 60 ára varð forsætisráðherra árið 2006. Hann var þá í forsvari bandalags hægriflokka en þeir bræður stofnuðu flokkinn Lög og réttur árið 2001.

Jaroslaw var einungis forsætisráðherra í eitt ár.

Nýtt Reykjavíkurframboð:

## Vill hagsmuni íbúa í forgang

**REYKJAVÍK** Unnið er að undirbúningi nýs framboðs til borgarstjórnarkosninga 29. maí, Reykjavíkurframboðsins.

Tilgangur framboðsins er að vinna að helstu verkefnum með hagsmuni borgarbúa að leiðarljósi, sem er vonlaust innan fjórflokksins svokallaða, segir í tilkynningu.

„Augljósasta dæmið er flugvöllurinn, sem Reykvíkingar kusu burt úr Vatnsmýri,“ segir þar. Fulltrúar fjórflokksins geti ekki farið eftir þessum vilja íbúa, því það fari gegn hagsmunum flokkanna á landsvísu. Formaður bráðabirgðastjórnar framboðsins er Örn Sigurðsson, arkitekt og einn stofnefnda Samtaka um betri byggð. - kóþ

### LÖGREGLUMÁL

**Drakk stíflueyði**

Maður var fluttur á slysadeild um klukkan hálfníu í gærkvöldi eftir að hann hafði drukkið stíflueyði í Húsasmiðjunni í Skútuvogi. Starfsmenn Húsasmiðjunnar kvöddu sjúkralið á vettvang. Maðurinn var mjög veikur enda um baneitrað efni að ræða sem getur brennt innyfli sé það innbyrt.




Rannsóknarnefndin fékk ónógar upplýsingar frá Glitni um stjórnmálastyrki:

# Skilanefnd kannar hvort birta megi styrki til stjórnmálamanna

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Glitnis er að kanna hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að birta upplýsingar um styrkveitingar Glitnis til stjórnmálamanna með sama hætti og skilanefndir Kaupþings og Landsbanka Íslands hafa gert.

Í siðferðishluta skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kemur fram að ekki sé hægt að birta upplýsingar um styrki Glitnis til stjórnmálamanna.

„Frá Glitni bárust gögnin mjög seint og þau voru mun verr flokkuð en frá hinum bönkunum,“ segir í skýrslunni. Birtar eru upplýsingar Landsbankans og Kaupþings til bæði stjórnmálamanna og stjórnmálasamtaka á árunum 2003-2008. Hvað varðar Glitni fékk rannsóknarnefndin aðeins nothæfar upplýsingar um styrki til stjórnmálasamtaka.

Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, sagði við Fréttablaðið að hann hefði ekki skýringar á þessari afgreiðslu Glitnis á beiðni rannsóknarnefndarinnar um upplýsingar. Eftir samtal við Fréttablaðið lét Árni afla upplýsinga um málið og sagðist síðan vera að kanna hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu að birta þessar upplýsingar með sama hætti og hinir bankarnir hafa gert. -pg



**GLITNIR** Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, kannar möguleika á að birta upplýsingar um styrki bankans til stjórnmálamanna líkt og skilanefndir hinna föllnu viðskiptabankanna hafa gert.

www.ellingsen.is

# KYNNUM 2010 ÁRGERÐIR

## FERÐATÆKJASÝNING

Komdu í Ellingsen og skoðaðu árgerð 2010 af fellihýsum frá Coleman og A-húsum frá Aliner. Ýmsar nýjungar sem henta vel við íslenskar aðstæður. Ferðalög sumarsins hefjast á ferðatækjasýningu Ellingsen.



COLEMAN

Coleman

SEDONA
2.190.000 kr.

### SEDONA

Í Sedona-fellihýsunum fást gæðin á einstöku verði. Útlit Sedona er fremur hefðbundið en því meira lagt upp úr gæðum. Þessi eru fyrir þá sem setja gæði og verð í fyrsta og annað sæti.



### CHEYENNE

Sérstaða Cheyenne felst bæði í útliti og eiginleikum fellihýsanna. Þau eru rennileg, auðdregin og grunnfyrirkomulagið er sérstaklega vel heppnað. Undirvagninn er á galvaníseraðri grind.



### E1

Bráðsniðugt fellihýsi sem kemst flestum lengra. Mesti töffarinn af þeim öllum. Frábær hönnun og öflug bygging. Undirvagninn er á galvaníseraðri grind.

ALINER



ALINER CLASSICA
2.690.000 kr.

### CLASSICA

Hér er á ferðinni mest selda A-húsið frá Aliner. Þessi vagn er í millistærð og þægilegur að draga fyrir flest ökutæki. Hentar vel í hvaða ferðalag sem er. Undirvagninn er galvaníseraður.

MONTANA · ALINER · Coleman · HYMER · ADRIA · Camp-let

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • Opið mánud.–föstud. 10–18 og laugard. 10–16

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

PIPAR\TBWA • SÍA • 100817

## GENGIÐ 26.04.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,15 | 128,77 |
| Sterlingspund | 197,86 | 198,82 |
| Evra | 170,69 | 171,65 |
| Dönsk króna | 22,933 | 23,067 |
| Norsk króna | 21,732 | 21,86 |
| Sænsk króna | 17,821 | 17,925 |
| Japanskt jen | 1,3603 | 1,3683 |
| SDR | 193,8 | 194,96 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,9715

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samfylkingin setur fram tillögur í atvinnumálum í höfuðborginni:

# Vilja taka lán fyrir framkvæmdum

**REYKJAVÍK** Brýnt er að framkvæmdir verði ekki skornar niður í kreppunni heldur þeim haldið áfram, segir í atvinnustefnu Samfylkingarinnar sem samþykkt var á Reykjavíkurþingi flokksins um helgina. Lagt er til að tekin verði lán til þess að halda framkvæmdastiginu uppi. Borgarsjóður ráði við lántökur sem forðað gætu framkvæmda- og byggingariðnaði frá algjöru hruni.

Þá er lagt til að viðhaldi fasteigna borgarinnar verði flýtt og að lögð verði fram heildstæð áætlun um endurnýjun eldri hverfa, borgarumhverfis og útisvæða. Lagt er til að þessar framkvæmdir hefjist í Breiðholti. Verklegar framkvæmdir verði einnig tryggðar með því að skikka eigendur niðurníddra húsa til að lagfæra þau auk þess sem atvinnutækifærum hönnuða, arkitekta og iðnaðarmanna verði fjölgað með því að auðvelda breytingar á íbúðarhúsnæði sem geri eldri borgurum kleift að búa lengur heima og auðveldi aðgengi fatlaðra.

Til þess að lífskjör og velferð verði óbreytt í Reykjavík þarf að tryggja 3,5 prósenta meðalhagvöxt í borginni næsta kjörtímabil, segir í stefnuskránni, og að stefna eigi að 5 prósenta hagvexti árið 2014.


**BREIÐHOLT** Sinna þarf viðhaldi húsa og borgarumhverfis, segir í atvinnustefnu Samfylkingarinnar sem vill hefja framkvæmdir í Breiðholti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dótturfélag Nýherja:

## Gerir 1,8 milljarða samning

**VIÐSKIPTI Applicon A/S, dótturfélag Nýherja hf. í Danmörku, hefur sem undirverktaki þýska fyrirtækisins Siemens IT Solutions undirritað samning um að annast innleiðingu á SAP-viðskiptakerfum fyrir sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir í Kaupmannahöfn og á Norður-Sjálandi.**

**Í tilkynningu segir að heildarsamningurinn sé að fjárhæð um 4 milljarðar króna, þar af er hlutur Applicon A/S um 1,8 milljarðar króna. Vinnan við uppsetningu kerfisins tekur um þrjú ár.**


**GÖMLU BAUGSSTÖÐVAR** Þrotabú Baugs Group rekur fimm riftunarmál fyrir dómi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm riftunarmál hjá Baugi:

## Þrotabúið vill fá vextina

**DÓMSMÁL Fyrirtaka var í riftunarmáli þrotabús Baugs Group gegn Högum í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Málið varðar riftun á víkjandi láni upp á um milljarð króna frá Baugi Group til Haga sem var á gjalddaga 2011 en var gjaldfellt í fyrra.**

**Þrotabúið telur að Baugur hafi orðið af vaxtagreiðslum vegna gjaldfellingarinnar og vill rifta gjörningnum.**

**Þetta er eitt af fimm riftunarmálum þrotabús Baugs. Um miðjan febrúar gaf það út stefnu vegna sölu á Högum úr búi Baugs Group um mitt ár 2008. Búist er við að hinir stefndu skili greinargerð um málið fljótlega.** - jab

Hagsmunasamtök heimila:

## Ræða réttlæti fyrir lántaka

**SAMFÉLAG** Rætt verður um endurnýjaðar kröfur Hagsmunasamtaka heimilanna um réttlæti fyrir lántaka á aðalfundi þeirra í kvöld.

Í tilkynningu frá samtökunum segir að einnig verði kynntar hugmyndir samtakanna að lausn húsnæðisvanda heimilanna, auk annarra aðalfundarstarfa. Fundurinn verður í gamla Sjómannaskólanum við Háteigsveg. - kóþ

# Þarf stærra átak en eftir bankahrunið

**Bregðast verður við vísbendingum um fækkun ferðamanna með öflugu markaðsátaki að mati Samtaka ferðaþjónustunnar. Þegar unnið að kynningaráætlun segir ráðherra. Einnig gerðar áætlanir um viðbrögð við stærra eldgosi.**

**EFNAHAGSMÁL** Miklu skiptir að fara strax af stað með markaðsátak til að koma í veg fyrir mikinn samdrátt í fjölda ferðamanna sem koma hingað til lands, segir Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Farið var í slíkt átak eftir bankahrunið haustið 2008, en Erna segir þörf á enn stærra átaki nú. Að því verði íslensk stjórnvöld að koma, ásamt hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu.

Ómögulegt er að segja til um hversu mikill samdráttur í tekjum af komu ferðamanna verður vegna eldgossins í Eyjafjallajökli, segir Erna. Gjaldeyristekjur af komu ferðamanna hingað til lands í fyrra voru um 155 milljarðar króna.

Margir hafa þegar afpantað ferðir hingað til lands, en Erna segir þrátt fyrir allt ákveðin tækifæri í gosinu. Þegar stöðugleiki komist á flugferðir til og frá landinu sé ekkert því til fyrirstöðu að ferðaþjónustan komist á flug.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir þegar unnið að kynningaráætlun til að draga úr afbókunum. Hún segir að starfshópur hafi raunar verið starfandi frá því fljótlega eftir að gos hófst í Eyjafjallajökli til að reyna að koma réttum upplýsingum á framfæri við erlenda fjölmiðla.

„Við erum líka að horfa inn á við. Það er verið að teikna upp sviðsmyndir svo við getum verið tilbúin við öllu í sumar. Ein sviðsmyndin er stórt gos, stærra eða sambærilegt en núverandi gos.


**FERÐAMENN** Gjaldeyristekjur af ferðamönnum voru um 155 milljarðar króna á síðasta ári. Óttast er að eldgosið í Eyjafjallajökli hafi slæm áhrif á fjölda ferðamanna sem koma til Íslands í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Við viljum vita nákvæmlega til hvaða ráða skal gripið við slíkar aðstæður," segir Katrín.

„Það er engin leið að segja til um á þessari stundu hvort eða hversu mikil fækkun verður á ferðamönnum hér í sumar," segir Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri. „Þrátt fyrir að ástandið sé ekki gott í augnablikinu trúi ég því að okkur takist í sameiningu að tryggja að ferðaþjónustan beri ekki skaða af í sumar."

Ólöf bendir á að eldgosið hafi vakið gríðarlega athygli og augu heimsins hafi beinst að Íslandi. Gosið gefi því líka tækifæri á því að kynna landið betur. Ótamið eðli landsins laði að sér ferðamenn, og svo lengi sem eldgos trufli ekki flugsamgöngur eigi áframhaldandi hraungos í Eyjafjallajökli ekki að þurfa að hafa slæm áhrif á komu ferðamanna hingað til lands.

brjann@frettabladid.is
klemens@frettabladid.is

Nick Clegg:

## Breytingar á kosningakerfi fyrsta verk

**ENGLAND Nick Clegg, formaður Frjálslynda demókrataflokksins, segir að næsta ríkisstjórn Bretlands þurfi að breyta kosningakerfi landsins.**

**Núverandi kerfi sé svo ósanngjarnt að breytingar á því ættu að vera fyrsta verkefni hvaða ríkisstjórnar sem tekur við völdum eftir kosningarnar 6. maí. Breyta eigi kosningakerfinu í hlutfallskosningar í stað þeirra einmenningskjördæma sem þingmenn eru nú fulltrúar fyrir.**

**Kannanir benda til að enginn flokkur fái hreinan meirihluta á þinginu og því verði að mynda samsteypustjórn.**

Hæstiréttur leggur línur:

## Héraðsdómur skal dæma

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur að taka mál sem Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu sækir til efnislegrar meðferðar. Sonur varðstjóra hjá LRH kærði annan pilt fyrir að skalla sig í andlitið.**

**Dómari héraðsdóms vísaði málinu frá, því lögreglustjórinn væri vanhæfur í því vegna tengsla við varðstjóra.**

**Þessi dómur Hæstaréttar nú er í samræmi við nýgenginn dóm hans þess efnis að Héraðsdómur Suðurlands skyldi taka brot gegn lögreglumanni á Selfossi til efnislegrar meðferðar. Dómurinn hafði vísað því frá þar sem það hefði verið rannsakað í umdæminu þar sem lögreglumaðurinn starfaði.** - jss





Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að auðvelda reykingafólki að venja sig af tóbaki með því að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt. Nota má forðaplásturinn einan og sér eða samtímis 2mg Nicorette lyfjatyggigúmmíi eða Nicorette innsogslyfi. Hámarksdagskammtur er 1 stk forðaplástur og annað hvort 24 stk lyfjatyggigúmm eða 12 hylki af innsogslyfi.Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ


Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**MILT Á LANDINU**
**Í DAG** en snýst smám saman í norðaustlæga átt á morgun með kólnandi veðri norðan til en áfram verður nokkuð milt syðra og léttir smám saman til. Svipuð staða á fimmtudag en dregur heldur úr úrkomu.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 16° |
| Billund | 13° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 19° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 15° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 12° |
| París | 20° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 9° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

Nýtt happdrættisár hefst í maí.

www.das.is




## Fjórir á árinu

# Audi A4



eða

# 14,6 milljónir
á tvöfaldan miða!

+ 7,3 milljónir í skottið
á tvöfaldan miða!

## Milljónavinningar á árinu

# 10x6 milljónir
# 38x4 milljónir

Tíu 6 milljóna króna og þrjátíu og átta 4 milljóna króna skattfrjálsir vinningar á árinu á tvöfaldan miða.
Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.




**Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.**
Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.
**Kauptu miða á www.das.is**

dregið vikulega!
52 útdrættir á árinu!

HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

ÍSLENSKA/SIA.IS/DAS 49452 04/10

## Þáttur forsetans og lærdómarnir

Fjallað er um hlut forseta Íslands á níu blaðsíðum í skýrslunni, í sérstökum kafla vinnuhóps um siðferði. Þar er komist að þeirri niðurstöðu að forsetinn hafi gengið hart fram í þjónustu sinni við útrásina og þá einstaklinga sem fremstir voru í flokki. Hann, ásamt öðrum, beri siðferðilega ábyrgð á því leikriti sem leikið var í kringum foringja útrásarinnar og fyrirtæki þeirra og hafi gengið mjög langt í þjónustu við einstök fyrirtæki og einstaklinga. Bent er á að ábyrgð forsetans liggi í því sem hann segi á opinberum vettvangi og við hverja hann tali. „Í ljósi sögunnar hefði þurft mun meiri aga og reglufestu við ákvarðanatöku, hófsemi í framkvæmdagleðinni, reglur um skráningu fundargerða sem og óæskileg tengsl milli einstaklinga“, segir í skýrslunni.

**Lærdómarnir eru eftirfarandi:**

- Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni.
- Setja þarf reglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki.
- Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veiti viðskiptalífinu stuðning.



Á BESSASTÖÐUM Ólafur Ragnar Grímsson hefur verið forseti frá 1996. Framganga hans í aðdraganda bankahrunsins varð til þess að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur sett af stað vinnu við setningu siðareglna fyrir forsetaembættið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Áratuga gamalt forseta-embættið enn í mótun

**Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er kallað eftir að hlutverk forseta Íslands verði gert skýrara í stjórnarskrá og að settar verði reglur um hlutverk hans og verkefni. Þá er kallað eftir að embættið setji sér siðareglur. Forsetinn sjálfur hefur tekið dræmt í þessar tillögur en nokkrir lýst sig sammála þeim. Í þeim hópi er forsætisráðherra sem hefur þegar hafið undirbúning að setningu siðareglna.**

Tveimur dögum eftir að skýrslan kom út leitaði Morgunblaðið álits Ólafs Ragnars Grímssonar á þeim tillögum sem þar koma fram. Sagði hann ekki nýtt að sumir vildu skýra stöðu forsetans í stjórnaskrá en að ekkert í skýrslunni kallaði sérstaklega á slíkt. „Það hefur gætt tilhneigingar hjá embættismönnum og einstaka ráðuneytum að vilja girða forsetann af með regluverki sem er sett af ráðuneytunum. En þá gleyma menn að forsetinn er þjóðkjörinn og ber ábyrgð gagnvart þjóðinni. Því gengur það ekki að slíkar stofnanir taki sér vald til að setja honum reglur,“ sagði Ólafur. Og um tillöguna um að embættið setji sér siðareglur sagði hann: „Ég held að ekkert embætti á Íslandi sé eins opið og gagnsætt og forsetaembættið er orðið. Við höfum í áraraðir birt á heimasíðu embættisins frásagnir af öllum fundum forsetans. Einnig höfum við birt allar ræður forsetans og ýmsar aðrar upplýsingar. Þannig höfum við reynt með gagnsæi og opnum stjórnunarháttum að bæta siðahætti embættisins.“

### Gripið til aðgerða

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra er á öndverðum meiði við Ólaf Ragnar. Hún telur þörf á gagngerum breytingum. Í ræðu á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar á dögunum sagði hún: „Stöðu forsetans þarf að endurskoða“, og „Í ljósi skýrslunnar þarf einnig að setja embætti forseta Íslands siðareglur“.

Jóhanna vill sumsé ganga lengra en siðferðishópur rannsóknarnefndarinnar sem sagði æskilegt að forsetaembættið setti sér sjálft siðareglur. Og Jóhanna situr ekki við orðin tóm; undirbúningur að siðareglunum er hafinn á vegum stjórnarráðsins.

Ráðherrarnir og sendiherrarnir fyrrverandi, Svavar Gestsson og Þorsteinn Pálsson, eru sama sinnis og Jóhanna. Í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni á sunnudag kváðu báðir nauðsynlegt að forsetaembættinu verði settar starfs- og siðareglur auk þess sem hlutverk þess verði skýrt í stjórnarskrá.

### Fátt skráð

Fjallað er um forsetaembættið í 28 greinum í stjórnarskránni. Þar er í fáu vikið að hlutverki forseta að frátöldu því er snýr að Alþingi.

Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík, segir að forsetarnir hafi í gegnum árin mótað embættið eftir sínu höfði. Meira sé um óskráðar reglur en skráðar. Hann rekur ekki minni til þess að áður hafi verið rætt um þörf á að setja því sérstakar siðareglur þótt styr hafi staðið um ákveðnar aðgerðir eða yfirlýsingar forseta. „Sumum stjórnmálamönnum þótti til dæmis Sveinn Björnsson alltof ráðríkur og sumum þótti Vigdís Finnbogadóttir tala af sér á fundi í Kína. Það má finna einstök slík dæmi en það hefur aldrei verið deilt eins mikið um hlutverk forsetans og í embættistíð Ólafs Ragnars.“

### Pólitískt eða táknrænt?

Í ljósi sögunnar og krafti stjórnarskrárinnar má vissulega líta á forsetaembættið á mismunandi vegu, bæði pólitískt og táknrænt. Hvergi er stafkrók að finna í stjórnarskránni um að embættið eigi að vera sameiningartákn þjóðarinnar en á hinn bóginn er kveðið á um að forsetinn eigi að ákveða fjölda ráðherra og skipta með þeim störfum. Þá hefur hann í hendi sér hvort lög öðlast gildi eða þjóðin greiði um þau atkvæði, hann getur lagt fram frumvörp, rofið þing og gert samninga við önnur ríki. Með öðrum orðum er kveðið á um ýmis pólitísk afskipti forsetans.

„Þetta hefur farið eftir því hvernig forsetarnir hafa túlkað hlutverk sitt,“ segir Guðni um mótun embættisins hverju sinni. „Vigdís og Kristján Eldjárn voru með það á hreinu að þau væru ekki pólitískir forsetar heldur sameiningartákn.“

### Persónan og embættið

Ríkisstjórnin hefur á dagskrá að efna til stjórnlagaþings og liggur frumvarp þess efnis fyrir Alþingi. Víst er að á því verði kaflinn um forsetann tekinn til endurskoðunar, hverjar svosem niðurstöðurnar verða.

Guðni segir ómögulegt að segja til um hvort gagngerar breytingar verði gerðar á þeim hluta stjórnarskrárinnar sem snýr að forsetaembættinu. Nefnir hann í því sambandi að vinsældir Ólafs Ragnars sveiflist mikið.

Líklegt er einmitt að störf Ólafs Ragnars verði einkum höfð til hliðsjónar ef og þegar stjórnarskráin verður endurskoðuð. Sú var í það minnsta raunin í störfum síðustu stjórnarskrárnefndar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Menn staðnæmdust sífellt við persónu Ólafs Ragnars þegar embættið var til umfjöllunar.

Að mati Guðna er það hins vegar eðlilegt og í samræmi við stjórnarskrá að framkvæmdavaldið setji forsetaembættinu siðareglur. Í stjórnarskrá segir jú að forsetinn láti ráðherra framkvæma vald sitt. „Það gæti hins vegar orðið pólitískt bitbein og ef maður þekkir Ólaf Ragnar Grímsson rétt finnst honum eflaust lítið vit í að pólitíkusarnir setji sig í þær stellingar að segja honum hvað hann má segja hverju sinni og hvað ekki.“

### Er á netinu

Líkt og sést af tilvitnuninni í Ólaf Ragnar í Morgunblaðinu virðist hann telja heimasíðu embættisins, forseti.is, þjóna á einhvern hátt hlutverki siðareglna. Með því að birta þar ræður, frásagnir af fundum og ýmsar aðrar upplýsingar sé reynt með gagnsæi og opnum stjórnunarháttum að bæta siðahætti embættisins.

Guðni telur þessa skoðun samræmast illa raunveruleikanum. „Í huga fólks snýst þessi umræða ekki um að hafa flotta heimasíðu, þetta snýst um að það séu fastar reglur um hvernig forsetinn eigi að sinna störfum sínum, hverja hann eigi að hitta að máli, fyrir hverja hann eigi að skrifa bréf og þar fram eftir götunum.“

bjorn@frettabladid.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félag um hugræna atferlismeðferð og Sálfræðideild Háskóla Íslands kynna fyrirlestur norska sálfræðingsins Torkil Berge:

**Bætt aðgengi að sálfræðilegri meðferð**

Torkil Berge er formaður norska félagsins um hugræna atferlismeðferð og fyrrum ritstjóri norska tímaritsins um sálfræði. Hann hefur ritað bækur um þunglyndi og kvíða fyrir fagmenn og almenning og verið í framvarðarsveit að innleiða gagnreyndar aðferðir í meðferð þunglyndis í Noregi.

Fyrirlesturinn fer fram miðvikudaginn 28. apríl klukkan 12:00-13:00 í húsnæði Endurmenntunar Háskóla Íslands og er öllum opinn.

**Rannsóknar-skýrslan**

Samfylkingarfélagið í Reykjavík hélt fyrsta félagsfundinn af þremur um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis miðvikudaginn 14. apríl. Fjölmenni var á fundinum og voru góðar umræður meðal félagsmanna að loknum áhugaverðum framsögum þeirra Sigurðar Líndals, lagaprófessors og Jóhanns Haukssonar, blaðamanns.

Annar fundurinn var haldinn sl. miðvikudag, þann 21. apríl. Frummælendur voru Valgerður Bjarnadóttir, þingkona og Jóhann Ársælsson, fyrrverandi þingmaður en fundurinn bar yfirskriftina "Hvaða lærdóm má Samfylkingin draga af skýrslunni?" Sem fyrr voru góðar og skapandi umræður að loknum framsöguerindum.

Næsta miðvikudag, þann 28. apríl, mun umræðan um rannsóknarskýrsluna halda áfram á vettvangi félagsins. Þriðji fundurinn verður á Hallveigarstíg 1, hefst kl. 20.30 og nú er komið að félagsmönnum að segja skoðun sína á skýrslunni.

Miðvikudagur 28. apríl

**Hvað finnst þér um skýrsluna?**

Á þriðja fundinum verða engir frummælendur heldur munu flokksfélagar eiga sviðið. Haldin verður opin hugmyndasmiðja þar sem félagsmenn fjalla um skýrsluna, spyrja spurninga og deila hugsunum sem kviknað hafa eftir viðburði síðustu vikna. Umræðum stjórnar Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri.

Við hvetjum félagsmenn og aðra sem hafa áhuga á að ræða og kynna sér efni skýrslunnar að fjölmenna á miðvikudagsfundi félagsins og taka þátt í mótun samfélagsins.

Allir velkomnir!

**Stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík**

SffR



# Í dag eru 15 þúsund einstaklingar án atvinnu. Getum við sætt okkur við það?

Í dag þurfa 24 þúsund heimili á aðstoð að halda. Þessi heimili ná ekki endum saman eða eru á mörkum þess að standa undir greiðslum og framfærslu.

***Þessu ástandi verður að linna.***

Menn verða að axla ábyrgð vegna efnahagshrunsins og vanrækslu í aðdraganda þess. Endurreisn efnahagskerfisins á nýjum siðferðisgrunni er þó forgangsmál núna.

Ljúka þarf Icesave-málinu og setja hagsmuni þjóðarinnar á oddinn. Þar vega atvinnumál þyngst.

Í stöðugleikasáttmálanum eru nefnd fjárfestingaverkefni fyrir milljarða sem gætu skilað 26 þúsund ársverkum á næstu árum. Þau áttu að vera komin af stað fyrir löngu. Hvert og eitt þessara verkefna hefði veruleg áhrif á efnagasframvindu og atvinnustig næstu ára.

Ekki láta það tefjast lengur. Látið hendur standa fram úr ermum.

***Það er ekki eftir neinu að bíða.***

Starfsgreinasamband Íslands

FÉLAG ATVINNUREKENDA

## Heilbrigðisþjónusta á Íslandi

Langtímahugsun eða skaðlegar skammtímareddingar?

Félag atvinnurekenda boðar til ráðstefnu um framtíð heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Ráðstefnan verður haldin á Grand hóteli fimmtudaginn **29. apríl kl. 8.30–12.00**.

**Dagskrá:**

1. Framtíð frumlyfja á íslenskum heilbrigðismarkaði
   Robin Turner, forstjóri Roche í Danmörku
2. Mikilvægi heimamarkaðar fyrir Actavis
   Jónína Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Medís og Ólöf Þórhallsdóttir, markaðsstjóri Actavis á Íslandi
3. Ný tækifæri í heilbrigðisþjónustu
   Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri Primacare
4. LSH – stefnumótun og framtíðarsýn
   Björn Zoëga, forstjóri LSH
5. Lækningatæki á Landspítala
   Gísli Georgsson, deildarstjóri á Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild LSH
6. Ríkið í hlutverki kaupanda lyfja og heilbrigðistækja – útboðsmál á Íslandi
   Páll Rúnar M. Kristjánsson yfirlögfræðingur FA

**Boðið verður upp á léttan morgunverð og kaffiveitingar.**

**Fundargjald: kr. 4.000,-**

**Skráning á atvinnurekendur@atvinnurekendur.is eða í síma 588-8910.**

Félag atvinnurekenda er hagsmunasamtök fyrirtækja í inn- og útflutningi, heildsölu og smásölu. Innan vébanda félagsins eru m.a. fyrirtæki sem veita fjölda fólks atvinnu við innflutning, sölu og markaðssetningu á lyfjum og heilbrigðisvörum.




**MPM-nám:**

- Spennandi kostur fyrir þá sem hafa áhuga á mjög hagnýtu stjórnunarnámi.
- Alþjóðleg vottun í verkefnastjórnun í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).
- Skemmtilegir nemendur og heimsþekktir kennarar.
- Opnar starfsvettvang víða í íslensku samfélagi og um allan heim.
- Tveggja ára nám samhliða starfi.

**Inntökuskilyrði:**
B.A./B.S./B.Ed. eða sambærilegt.
Minnst þriggja ára reynsla úr atvinnulífinu.
Reynsla við verkefnavinnu æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 17. maí**

**Kynningarfundur um meistaranám í verkefnastjórnun miðvikudaginn 28. apríl kl. 17 í Námunni, sal Endurmenntunar Háskóla Íslands, Dunhaga 7.**

**Vor í íslenskri verkefnastjórnun**

Við vekjum einnig athygli á ráðstefnu um verkefnastjórnun sem fram fer á Hótel Sögu föstudaginn 21. maí kl. 13–17.

**Nánari upplýsingar um MPM-námið færðu á mpm.is**

www.mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

HÁSKÓLI ÍSLANDS VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ





**NÝJA STJÓRNIN EFTIR VIÐSKIPTIN** Nýir eigendur skiptu um menn í brúnni hjá Sjóvá. Hér eru þeir Þór Sigfússon, þá verðandi forstjóri, Karl Wernersson, Helgi Bjarnason aðstoðarforstjóri og Þorgils Óttar Mathiesen, fráfarandi forstjóri tryggingarfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## Stjórnendurnir

| Nafn | Staða |
|---|---|
| Bjarni Ármannsson | forstjóri |
| Þorgils Óttar Mathiesen | framkvæmdastjóri Sjóvár-Almennra |
| Tómas Kristjánsson | framkvæmdastjóri fjármálasviðs |
| Finnur Reyr Stefánsson | framkvæmdastjóri markaðsviðskipta |
| Haukur Oddsson | framkvæmdastjóri viðskiptabanka- og rekstrarsviðs |
| Jón Diðrik Jónsson | framkvæmdastjóri fjárfestinga- og alþjóðasviðs |
| Frank Ove Reite | framkvæmdastjóri Íslandsbanka í Noregi |
| Einar Sveinsson | formaður bankaráðs |

# Fengu milljónir að láni hjá Milestone

**Félag Karls Wernerssonar lánaði stjórnendum Íslandsbanka hálfan milljarð á sama tíma og hann var að semja við bankann um kaup á Sjóvá.**

**VIÐSKIPTI** Sjö fyrrverandi stjórnendur Íslandsbanka og einn framkvæmdastjóri Sjóvár-Almennra fengu 564 milljóna króna lán hjá Milestone Import Export Ltd. til kaupa á hlutabréfum í Glitni í maí árið 2005.

Í rannsóknarskýrslu Alþingis er vakin athygli á hugsanlegum hagsmunaárekstrum tengdum lánveitingunum. Karl Wernersson, stjórnarformaður Milestone og Þáttar International, sat á þessum tíma í stjórn bankans. Það hafði stjórn bankans samþykkt, rúmum mánuði áður en lánin voru veitt, að selja 66 prósenta hlut bankans í tryggingafélaginu Sjóvá-Almennum fyrir 17,5 milljarða króna. Íslandsbanki hélt eftir afganginum. Ári síðar keypti Milestone allan hlut bankans fyrir 9,5 milljarða króna. Samtals lánaði Íslandsbanki fyrir rúmum helmingi kaupverðsins. Þrír stjórnenda bankans sátu jafnframt í áhættunefnd Glitnis og fjölluðu um lánamál Milestone Import Export.

Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar kemur fram að upphaflega hafi verið áformað að Íslandsbanki fjármagnaði hlutabréfakaup stjórnendanna en frá því fallið vegna umræðu um málið í fjölmiðlum. Hlutabréfakaupin munu þó hafa verið gangin í gegn áður en fjármögnun þeirra var tryggð að fullu. Stjórnbankans leitaði því hófanna hjá öðrum fjármálafyrirtækjum. Úr varð að Kaupþing fjármagnaði áttatíu prósent kaupverðsins og rann það til einkahlutafélags í eigu áttmenninganna. Fjárfestingarfélagið Milestone Import Export Ltd. lánaði það sem upp á vantaði. Lánin voru á markaðsvöxtum með álagi. Engar tryggingar voru fyrir lánunum.

Sjö stjórnenda, sem keyptu bréfin á markaðsvirði og seldu aftur þremur mánuðum síðar, högnuðust um rúmar þrjú hundruð milljónir króna. Bjarni Ármannsson, þá forstjóri Íslandsbanka, hagnaðist um 184 milljónir króna en hinir um 31 milljón hver.

Steinunn H. Guðbjartsdóttir í slitastjórn Glitnis, sagði þetta eitt þeirra mála sem séu í skoðun í tengslum við fall bankans haustið 2008. Hægt verði að leita nokkur ár aftur í tímann. Telji slitastjórnin hugsanleg brot hafa verið framin takmarkast möguleikar hennar til aðgerða við gjaldþrotalög. jonab@frettabladid.is

## Sjóvá hjá sérstökum saksóknara

„Við vitum af þessu máli en höfum ekki komist í að vinna það,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Hann segir málin tengd Sjóvá mjög umfangsmikil og niðurstöðu ekki að vænta fljótlega. Embætti sérstaks saksóknara hefur haft mál Milestone og Sjóvár til skoðunar í um ár vegna gruns um að refsiverð háttsemi hafi þar átt sér stað. Félagið lenti í gríðarlegum rekstrarvanda í fyrra þegar upp komst að bótasjóður Sjóvár hefði verið misnotaður. Þá vantaði félagið tíu milljarða króna til að uppfylla lágmarkskröfur um gjaldþol. Eftir fjárhagslega endurskipulagningu lagði ríkið tryggingarfélaginu til 11,6 milljarða króna til að koma rekstrinum á réttan kjöl. Þór Sigfússon, sem tók við forstjórastólnum í kjölfar kaupa Milestone á félaginu, fór frá í fyrra og hafa tveir forstjórar stýrt því síðan þá. Íslandsbanki setti Sjóvá í söluferli um miðjan janúar á þessu ári.

# VORTILBOÐ!

## 2 GERÐIR • 4 STÆRÐIR • EITT VERÐ!

heilir
# STURTUklefar

69.900 stgr

Hert öryggisgler allan hringinn   Nuddsturtusett fylgir




til afgreiðslu af lager




**KANTAÐUR**

80x80 69.900 stgr.   90x90 69.900 stgr.

**RÚNNAÐUR**

80x80 69.900 stgr.   90x90 69.900 stgr.

INNRÉTTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:

LIONSKLÚBBURINN FJÖLNIR   KRÝSUVÍK

- hjálp til heilbrigðis

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332   i-t@i-t.is



**Í JEMEN** Sérfræðingar lögreglu í Jemen rannsaka vettvang þar sem sjálfsmorðssprengjuárás var gerð á bílalest breska sendiherrans í gær. Sendiherrann slapp naumlega, en að sögn lögreglu meiddust tveir vegfarendur. NORDICPHOTOS/AFP

160 þúsund lítrar leka í hafið á degi hverjum frá olíuborpallinum sem sökk:

# Vélmenni stöðvi gríðarlegan olíuleka

**BANDARÍKIN** Talið er að um 160 þúsund lítrar af olíu leki í hafið á degi hverjum frá olíuborpallinum sem sökk til botns á Mexíkóflóa í síðustu viku. Til að reyna að draga úr umhverfisspjöllum vegna olíunnar hafa vélmenni verið send á dýpið og eiga að gangsetja búnað sem gæti stöðvað lekann. Borpallurinn var í eigu breska olíufélagsins, BP, og lögðu talsmenn hans áherslu á að aðgerðin væri svo flókin að ekki væri víst að hún tækist. Leifarnar af pallinum eru á rúmlega 1.500 metra dýpi.

Óttast er að nái olían til bandarískrar strandar verði meiri háttar umhverfisslys. Borpallurinn var einungis 112 kílómetra undan Bandaríkjaströnd en í innan við 50 kílómetra fjarlægð er eyjaklasi sem er áfangastaður farfugla. Sérfræðingar óttast mjög áhrifin sem olían gæti haft á lífríki stranda, eyja og votlendis berist hún að landi. Vindar hafa verið hagstæðir til þessa og olíustraumurinn legið frá landi.

Nú þegar hefur olíubrákin breitt sig yfir svæði sem eru 1.550 ferkílómetrar að stærð. Alls 30 skip eru á vettvangi og vinna að hreinsun hennar.

Stefnt er að því að loka olíulindinni sem borpallurinn var yfir, en það getur tekið frá nokkrum tímum til margra mánaða. Borpallurinn var 121 metra langur og 78 metra breiður. Ellefu manns úr áhöfn hans er enn saknað. - sbt



**OLÍUBRÁKIN** Nær nú þegar yfir 1.550 ferkílómetra. NORDICPHOTOS/AFP

Íslenska fyrirtækið Betware:

# Skilar 181 milljónar hagnaði

**VIÐSKIPTI Íslenska hugbúnaðarfyrirtækið Betware skilaði 181 milljónar króna hagnaði eftir skatta á síðasta ári.**

**Þetta kom fram á aðalfundi félagsins, sem er með höfuðstöðvar í Kópavogi og skrifstofur í Danmörku, Kanada, á Spáni og í Póllandi.**

**Í tilkynningu segir að tekjur félagsins hafi numið 1.230 milljónum króna og aukist um meira en 50 prósent frá fyrra ári.**

**Betware er frumkvöðull í þróun og framleiðslu á hugbúnaði og netlausnum fyrir innlend og erlend ríkislottó og getraunir og á rætur í fyrirtækinu Margmiðlun.**

**Starfsmenn fyrirtækisins eru um 100 talsins, þar af um 60 hérlendis.**

Aukið samstarf í Afganistan:

# Evrópusamband sjái um þjálfun lögreglu

**LÚXEMBORG, AP** Auka þarf samvinnu Evrópusambandsins (ESB) og Atlantshafsbandalagsins (NATO) við þjálfun lögreglu í Afganistan. Þetta segir Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóri NATO. Hann ávarpaði fund 27 utanríkis- og varnarmálaráðherra ESB í gær.

Eftir fundinn sagði Fogh Rasmussen að tillagan hefði fengið „jákvæðar undirtektir". Engum andmælum var hreyft".

Rasmussen lagði til verkaskiptingu þar sem ESB annaðist uppbyggingu og þjálfun lögregluliðs Afganistan. Núna reka bæði ESB og NATO samhliða áætlanir í málaflokknum sem báðar líða fyrir skort á leiðbeinendum. Að sögn Rasmussens þyrfti NATO eitt að ráða 450 leiðbeinendur í viðbót. - óká



**ANDERS FOGH RASMUSSEN** Framkvæmdastjóri NATO vill auka samstarf við Evrópusambandið.



**LÖGREGLAN Á SUÐURNESJUM** Rannsókn lögreglunnar á þjófnaði á verkfærakistu leiddi til þess að hún komst á spor manna sem svipt höfðu mann í Reykjanesbæ frelsinu, haldið honum nauðugum og þvingað hann til að stela kistunni vegna fíkniefnaskuldar.

# Þekktir brotamenn sviptu mann frelsi

**Þekktir brotamenn eru grunaðir um að hafa svipt karlmann á þrítugsaldri frelsinu í Reykjanesbæ fyrr í mánuðinum og haldið honum nauðugum klukkustundum saman. Voru að innheimta fíkniefnaskuld.**

**LÖGREGLUMÁL** Einn þeirra manna sem grunaðir eru um að hafa numið karlmann á brott frá heimili sínu í Reykjanesbæ, haldið honum nauðugum yfir nótt, hótað honum og meitt, hefur að minnsta kosti þrisvar hlotið dóma fyrir líkamsárásir. Hinir sem taldir eru eiga aðild að þessu alvarlega máli eru allir þekktir brotamenn bæði í fíkniefna,- ofbeldis- og auðgunarbrotum. Mennirnir eru allir á þrítugsaldri, bæði fórnarlambið og gerendur.

Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar nú málið sem varðar ætlaða frelsissviptingu mannsins, líkamsmeiðingar, hótanir og þjófnaði. Rannsókn þess hófst 9. apríl. Þá var lögregla kvödd á vettvang vegna þjófnaðar á verkfærakistu sem eigandinn hafði lagt frá sér á bílastæði við leikskóla í Reykjanesbæ. Það sást til þjófanna og bifreiðar þeirra og tókst lögreglu að finna bifreiðina skömmu síðar ásamt þýfinu.

Við rannsókn málsins komu fram upplýsingar um að maður hefði verið numinn á brott með valdi frá heimili sínu nóttina áður, haldið nauðugum í heimahúsi eins ofbeldismannanna og sætt þar hótunum, ýmsum líkamsmeiðingum og pyntingum af hálfu fimm manna. Manninum var haldið nauðugum fram eftir degi og mun meðal annars hafa verið þvingaður til að stela verkfærakistunni.

Ástæða verknaðarins mun hafa verið innheimta á fíkniefnaskuld, sem nam fáeinum tugum þúsunda króna samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Fórnarlambið mun ekki hafa hlotið alvarlega áverka af völdum mannanna, en lögreglan lítur frelsissviptinguna og nauðungarvist mannsins mjög alvarlegum augum.

Sex menn voru handteknir vegna rannsóknar málsins og húsleitir gerðar á nokkrum stöðum. Við húsleitirnar fannst meðal annars ætlað þýfi. Þrír mannanna voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 16. apríl, en þremur var sleppt að loknum yfirheyrslum. Gæsluvarðhald var síðan framlengt um viku yfir einum mannanna, en sá sem hlotið hefur líkamsárásardómana, Ólafur Darri, er kominn í afplánun á tólf mánaða refsingu sem hann var dæmdur til í lok febrúar síðastliðinn. Þá var hann dæmdur fyrir að ráðast inn til karlmanns og kýla hann ítrekað í andlit og líkama með mótorhjólahanska með harðri brynju.

jss@frettabladid.is





**Reykjavíkurframboðið heldur framhaldsstofnfund í kvöld, 27. apríl, kl. 20.00 í Iðnó, 2. hæð.**

**Hópur fólks hefur ákveðið að efna til framboðs í Reykjavík, í borgarstjórnarkosningunum 29. maí næstkomandi, undir nafninu Reykjavíkurframboðið.**

Innan fjórflokksins svokallaða er vonlaust að vinna að mörgum helstu verkefnum í borginni með hagsmuni Reykvíkinga að leiðarljósi. Augljósasta dæmið er flugvöllurinn, sem Reykvíkingar kusu burt úr Vatnsmýri. Ekki er möguleiki fyrir forystufólk flokkanna að framkvæma vilja borgarbúa því hagsmunir þeirra á landsvísu eru öndverðir borgarhagsmunum. Það sama má segja um mörg önnur mál: Tekjur af umferð í Reykjavík renna að mestum hluta í vegaframkvæmdir utan borgarinnar. Sundabraut er dottin út af áætlun, Skerjabraut er ekki á blaði og nú skal reisa flugstöð í Reykjavík við flugvöllinn, sem við kusum burt fyrir 9 árum.

Það hefur verið Reykvíkingum dýrt að geta ekki nýtt sitt besta og verðmætasta byggingarland öll þessi ár.

Við vonumst til að sem flestir mæti til að kynna sér stefnu framboðsins og taka þátt í að móta framtíðina, stefnuna og framboðslistann.

**Dagskrá:**

***Ástæður fyrir óháðu framboði í borginni***
Friðrik Hansen Guðmundsson

***Kostir þéttrar byggðar***
Örn Sigurðsson

***Auðæfin í Vatnsmýri***
Baldvin Jónsson

Fyrirspurnir og umræður að loknum stuttum framsöguerindum.

Fundarstjóri: Páll Ásgeir Davíðsson lögfræðingur.

**Mætum og höfum áhrif á framtíðina!**

**Undirbúningshópur um Reykjavíkurframboðið**



# Óperukór Hafnarfjarðar

undir stjórn Elínar Óskar Óskarsdóttur óperusöngkonu og Rangæing heldur upp á

**10 ára afmæli sitt**

með stórtónleikum miðvikudaginn 28. apríl. kl 20.00 í Hafnarborg, Hafnarfirði ásamt 12 einsöngvurum úr röðum kórfélaga.

Mikið verður um söngdýrðir fyrir alla aldurshópa sem kunna að meta hressa söngtóna í óperu-og vínartónlistarstíl.

*Hlökkum til að sjá ykkur.*

Fh. Óperukórs Hafnarfjarðar
Elín Ósk


Omar al-Basjír er eftirlýstur fyrir stríðsglæpi í Darfúr en þar sigur úr býtum:

# Forseti Súdans heldur völdum

**SÚDAN** Tilkynnt var í gær að Omar al-Basjír forseti, sem eftirlýstur er fyrir stríðsglæpi í Darfúr, hafi orðið hlutskarpastur í forsetakosningum, með um 68 prósent atkvæða.

Þetta eru fyrstu kosningarnar í Súdan í 24 ár þar sem fleiri en einn flokkur býður sig fram og voru þær flóknar í framkvæmd.

Kosningaeftirlitsstofnanir og stjórnarandstaða fullyrða að svik hafa verið í tafli og um helgina urðu skærur vegna kosninganna milli araba og hermanna úr suðurhluta landsins. Um 55 manns voru drepnir.

Fréttaritari BBC, James Copnall, segir að túlka megi endurkjör al-Basjírs sem svo að kjósendur hafi viljað snupra Alþjóðaglæpadómstólinn, sem hefur gefið út handtökutilskipun á hendur al-Basjír, vegna meintra stríðsglæpa. Forsetinn segist enga glæpi hafa framið.

Súdan er stærsta land Afríku. Suðurhluti þess er að jafna sig á 21 árs borgarastríði, sem lauk 2005. Al-Basjír framdi valdarán 1989, án blóðsúthellinga, og tók sér þá forsetavald.

**- kóþ**



**OMAR AL-BASJÍR** Forsetinn fékk um 68 prósent atkvæða og verður áfram við völd. Í Súdan er gnótt auðæfa, svo sem olíu, en flestir landsmenn lifa við kröpp kjör. NORDICPHOTOS/AFP

Rússlandsforseti í Ósló:

# Norðurslóðir í fyrirrúmi

**OSLÓ Málefni Norðurslóða, fiskveiðiréttindi og yfirráð yfir olíu- og gaslindum á Norðurslóðum verða í fyrirrúmi í viðræðum Dimitrí Medvedev við norsk stjórnvöld.**

**Forsetinn kom í opinbera heimsókn til Óslóar í gærmorgun ásamt eiginkonu sinni.**

**Rússar og Norðmenn hafa lengi deilt um yfirráð í Barentshafi og munu viðræður um það mál setja svip sinn á viðræður þótt ekki sé talið líklegt að lausn sé á næsta leiti.**

Telur líklegt að geimverur séu í leit að nýlendum:

# Hawking er hræddur við geimverur

**VÍSINDI** Stjarneðlisfræðingurinn og stærðfræðingurinn Stephen Hawking telur mjög líklegt að geimverur séu til en að okkur mönnunum sé ráðlegast að hafa hægt um okkur og vona að þær taki ekki eftir okkur.

Discovery-sjónvarpsstöðin hefur gert fræðsluþáttaröð um Hawking og kenningar hans. Hawking, sem er fjölfatlaður og talar með hjálp gervils, er einn virtasti stjarneðlisfræðingur og hugsuður heims.

Í þáttunum fjallar hann meðal annars um líf á öðrum plánetum. Hann telur að það sé að mestu örverur og sýklar.

Þróaðri geimverur séu þó að öllum líkindum einnig til og það þurfi aðeins að líta til sögunnar til að sjá hvaða áhrif heimsókn þeirra gæti haft á jarðarbúa.

Þegar Kólumbus kom til Ameríku var það ekki mjög gott fyrir frumbyggjana, segir prófessorinn.

Hann telur líklegt að slíkar verur séu á ferðinni vegna þess að þær hafi þegar þurrausið sína plánetu og ferðist nú um í gríðarlegum geimskipum til þess að leita að nýlendum til að arðræna.

Hawking segir að sínum stærðfræðiheila finnist fullkomlega eðlilegt að hugsa um geimverur.

**- ót**



**FÍKNIEFNI** Fólkið reyndi að koma efnunum eftir þrælskipulögðum krókaleiðum en var tekið.

# Földu dóp í rafgeymi bíls

**Tveir karlmenn og kona hafa verið ákærð af ríkissaksóknara fyrir tilraun til að smygla nær þremur kílóum af metamfetamíni í bifreið til landsins.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvo karlmenn og eina konu, Mindaugas Strimaitis, Tadas Griskevicius og Rima Kavalskyte, fyrir að reyna að smygla inn nær 2,8 kílóum af metamfetamíni til sölu og dreifingar.

Fíkniefnin voru falin í rafgeymi BMW-bifreiðar sem Andrej Fedosiuk og Genrik Karuzel fluttu í farþegaferjunni Norrænu frá Esbjerg í Danmörku til Þórshafnar í Færeyjum þar sem þeir voru handteknir 13. nóvember á síðasta ári og hald var lagt á fíkniefnin.

Mindaugas skipulagði og fjármagnaði að hluta innflutning á fíkniefnunum. Hann, ásamt öðrum manni, ráðgerði í Lithaén í júlí að flytja fíkniefnin til Íslands. Mindaugas lét söluandvirði bifreiðar sinnar, tæpar 350 þúsund krónur, renna til kaupa á fíkniefnunum og skipti verkum með Rima og Tadas. Hann fékk Rima til að kaupa farmiða fyrir Andrej og Gernik til Íslands. Tadas fékk hann til að láta í té nafn sitt og símanúmer til að Andrej og Gernik gætu gefið hann upp sem tengilið sinn á Íslandi yrðu þeir stöðvaðir af tollyfirvöldum. Þá stóð til að Mindaugas tæki á móti mönnunum við komu þeirra til Íslands, en lögreglan hafði þá handtekið fólkið sem nú eru ákært. Loks sótti Mindaugas landa sinn á Keflavíkurflugvöll hinn 17. nóvember og ók honum til baka 26. nóvember en sá átti að fjarlægja fíkniefnin úr BMW-bifreiðinni.

**jss@frettabladid.is**


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÓDÝR VINNUFATNAÐUR

ÞJARKUR VINNUFÖT



9616 405
K-WEAR SOFT SHELL JAKKI
Litir: Gulur/appelsínug.
Stærðir: S-3XL
Verð 9.915 kr.



9623 5025-J T/C
JAKKI ÞUNNUR
Litir: Grár/svartur
Stærðir: 48-64
Verð 5.881 kr.

9623 5025-C T/C
BUXUR BASIC
Litir: Grár/svartur
Stærðir: 48-64
Verð 6.167 kr.



9621 5005
SAMFESTINGUR RAFSUÐA
Litir: Blár/rauður
Stærðir: 48-64
Verð 16.670 kr.



9623 0211
SAMFESTINGUR BEAVER
Litur: Kóngablár
Stærðir: 48-70
Verð 5.489 kr.



9623 5025-V T/C
VESTISBUXUR
Litir: Grár/svartur
Stærðir: 48-66
Verð 8.528 kr.




Opið alla virka daga 8–17

Knarrarvogi 4 | 104 Reykjavík | 533 6030 | thjarkur.is



FAGFÉLÖG TÓNLISTARFÓLKS Á ÍSLANDI TILKYNNA HÉRMEÐ AÐ HALDINN VERÐUR

**OPINN FRÆÐSLU- OG SPJALLFUNDUR**

**í kvöld 27. apríl kl. 20:00**

**á Kornhlöðuloftinu Bankastræti 2 (aftan við Lækjarbrekku á 2. hæð)**

**Til umræðu verður:**

1) Hið nýja fyrirkomulag listamannalauna. Fulltrúar úr stjórn listamannalauna og úthlutunarnefnda tónskáldasjóðs og tónflytjendasjóðs mæta, ræða tilhögun, veita tilsögn og taka á móti ábendingum um það sem betur mætti fara.
2) Fyrirkomulag og flokkar ÍTV, Íslensku tónlistarverðlaunanna. Stjórn ÍTV mætir og tekur þátt í umræðum og veitir móttöku góðum ábendingum.
3) Íslandsstofa - án aðkomu hinna skapandi greina?
3) Önnur mál er varða tónlistarlífið á Íslandi.

Aðgangur ókeypis og öllum opinn.
Fundarstjóri: Jakob Frímann Magnússon
Félag íslenskra tónlistarmanna
Tónskáldafélag Íslands

# HEIMILSTÆKI

## á lægra verði!

Hreint út sagt frábært verð!

Electrolux
5 ára ábyrgð



tekur 6kg

1200 snúninga

86.900

Electrolux
Þvottavél
1200 snúninga, tekur 6 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805455

Electrolux
5 ára ábyrgð



tekur 7kg

1400 snúninga

93.900

Electrolux
Þvottavél
1400 snúninga, tekur 7 kg.
Orkunýting A, þvottahæfni A
vinduhæfni B
1805446

Electrolux
5 ára ábyrgð



Barkalaus

Krumpuvörn

84.900

Electrolux
Þurrkari
Barkalaus m/rakaþétti,
tekur 6 kg af blautum
þvotti, krumpuvörn
1805461

Electrolux
5 ára ábyrgð



12 manna

96.900

Uppþvottavél
12 manna, orkunýting A, þvotthæfni A,
þurrkhæfni A. Hljóðlát.
1805331



Handlaug Cersanit
Meteor, vegghengd.
45x39 sm
8077635

4.995
~~6.990~~



9.900

Eldhúsvaskur
780x430 mm
8032532



23.900
~~29.795~~

Salerni Cersanit
Scandinava, gólfstútur
8077530

Frigor



69.900
~~82.995~~

Kælir/frystir
Frigor.
orkunýting A.
kælir 171 ltr.
frystir 41 ltr
142x58x55 sm
1805498

EMMEVI
ÍTÖLSK GÆÐI



4.990

Blöndunartæki
Winny, einnarhandar.
7900011



7.990

Eldhúsblöndunartæki
Winny, einnarhandar.
7900010



11.990

Sturtutæki
Hitastýrt.
7900030

Látum verkin tala!

Komdu og skoðaðu úrvalið!

HÚSASMIÐJAN

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvað á að gera þegar samningar renna út?

## Tækifæri til umbóta á að nýta

Samningur ríkisins við Bændasamtök Íslands, svonefndur búnaðarlagasamningur, rennur út í ár. Bændasamtökin og fulltrúar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins hafa þegar haldið fyrstu fundi um mögulega endurnýjun samningsins. Fullt tilefni virðist hins vegar til að staldra aðeins við og íhuga hvort ekki sé vert að nota þetta tækifæri til að koma á breytingum.

SKOÐUN

Óli Kristján Ármansson

olikr@frettabladid.is



Ríkisstjórnin hefur boðað margháttaðar breytingar á stjórnsýslunni sem meðal annars felast í sameiningu ráðuneyta og stofnana ríkisins. Undir lok síðasta mánaðar upplýsti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um vilja sinn til að fækka ráðuneytum úr tólf í níu á þessu ári og taldi raunsætt að fækka mætti ríkisstofnunum um 30 til 40 prósent á næstu tveimur til þremur árum. Rætt hefur verið um að félagsmála- og heilbrigðisráðuneyti verði sameinuð í nýtt velferðarráðuneyti, landbúnaðar-, sjávarútvegs- og iðnaðarráðuneyti í atvinnuvegaráðuneyti og að ráðuneyti samgangna og dómsmála verði lögð saman í innanríkisráðuneyti.

„Sé horft til þess að ríkisstofnanir eru í dag um tvö hundruð talsins og margar þeirra sinna svipuðum verkefnum er ljóst að ná má fram verulegri langtímahagræðingu í rekstri með því að sameina stofnanir og endurskoða verkaskiptingu á milli þeirra,“ sagði Jóhanna í ræðu á flokksstjórnarfundi Samfylkingarinnar og bætti við að þarna yrði um að ræða umfangsmestu breytingar og uppstokkun sem átt hafi sér stað í ríkisrekstri hér á landi.

Í ljósi þess sem á undan er gengið í hagstjórn hér á landi bera því væntanlega fáir í mót að hér sé umbóta þörf á mörgum sviðum stjórnsýslunnar. Má í því sambandi minna á að í greiningarskýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands eru gerðar athugasemdir við að Bændasamtökunum sé falin stjórnsýsla landbúnaðarmála. Bændasamtökunum sé til að mynda ætlað að greiða ríkisstyrki til einstakra bænda. Þá sé öll tölfræði um íslenskan landbúnað vanþróuð og byggi í mörgum tilfellum á ætluðum stærðum fremur en rauntölum. Bent er á að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið sé of veikburða til að sinna stjórnsýslu landbúnaðarmála. Hagsmunasamtök bænda virðast hafa bæði töglin og hagldirnar.

Núna virðist því einboðið að taka til greina ábendingar þær sem fram koma í skýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um þessar brotalamir í stjórnsýslunni og láta úrbæturnar ríma við fyrirhugaðar breytingar á ríkisrekstrinum.

Núna þegar samningur ríkisins við bændur um starfsemi Bændasamtakanna er að renna út er eðlilegt að taka þau mál til heildstæðrar skoðunar í samhengi við stefnu ríkisins til lengri tíma og hljóta þau mál að verða tekin upp á vettvangi ríkisstjórnarinnar, en ekki frágengin milli landbúnaðarráðuneytisins og samtaka bænda án þess að þar komi fleiri að.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Höfum opnað verslun

að Kauptúni 3 í Garðabæ (gengt IKEA).



Mikið úrval vandaðra garðhúsgagna sem þarfnast lítils viðhalds. Margar vörur á opnunartilboði!

Signature húsgögn

Opið: Má. - Fö. 12 - 18
Lau. 11 - 15

Kauptúni 3 • 210 Garðabær • S 771 3800 • www.signature.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Víkur ekki

Steinunn Valdís Óskarsdóttir vísar á bug öllum kröfum um að hún segi af sér þingmennsku vegna milljónastyrkja sem bankar og eignarhaldsfélög veittu henni til að kosta prófkjörsbaráttu. Nokkrir aðrir þingmenn hafa eins og kunnugt er tekið sér launalaust frí og beðið eigin flokksmenn afsökunar, til bráðabirgða, eftir að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis leit dagsins ljós. Undanfarið hafa mótmælendur beint spjótum að Steinunni. Setið hefur verið um heimili hennar og þess krafist að hún hætti á þingi. Steinunn Valdís er föst fyrir og víkur ekki.

### Vísar afsögn í nefnd

Yfirlýsing sem Steinunn gaf vegna mótmælanna vakti athygli. Þar sagði hún styrkina engar mútur og neitaði að hafa haldið hlífiskildi yfir þeim sem þá veittu. Úr textanum má lesa að Steinunn víki ekki nema umbótanefnd sem nú starfar innan Samfylkingarinnar leggi til að allir þeir sem sátu á þingi fyrir flokkinn árið 2008 geri hið sama. „Það er ekki óhugsandi að við komumst að þeirri niðurstöðu,“ segir Steinunn.





### Jók ekki öryggið

Þessi orð virðast ekki hafa aukið öryggi félaga Steinunnar í þingflokki Samfylkingarinnar um eigin stöðu. Og ekki heldur traust þeirra á Steinunni Valdísi sem arftaka Björgvins G. Sigurðssonar í embætti þingflokksformanns. Í gær var staðhæft að vilji hún ekki víkja verði kosinn nýr þingflokksformaður fljótlega, jafnvel á þingflokksfundi á morgun. Helst er rætt um Helga Hjörvar eða Þórunni Sveinbjarnardóttur sem arftaka. **peturg@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Stjórnlaganefnd

Alþingi

Njörður P. Njarðvík

rithöfundur og prófessor emiritus við Háskóla Íslands.



Í umræðu manna um hugsanlegt ráðgefandi stjórnlagaþing og nýja stjórnarskrá, hefur komið fram að Alþingi er þar ráðandi afl samkvæmt núgildandi stjórnarskrá. Það hefur einnig komið fram, að traust manna á Alþingi og þingmönnum hefur rýrnað á síðustu árum, fyrir og eftir hrunið mikla. Ljóst er að mörgum þingmönnum er óljúft að standa að stjórnlagaþingi og eru jafnvel algerlega mótfallnir því. Þeir vilja ekki láta frá sér lögbundið áhrifavald sitt, telja stjórnlagaþing þungt í vöfum og ærið kostnaðarsamt. Því er hætt við að þetta brýna mál muni valda miklum deilum og flokkadráttum á þinginu.

Til er ein leið til leysa þá pattstöðu sem þetta mál er komið í, og hefur Alþingi sjálft sýnt skýrt fordæmi sem telja má eins konar hliðstæðu. Það var þegar Alþingi skipaði sérstaka utanþingsnefnd til að rannsaka orsakir og tildrög efnahagshrunsins. Í því fólst sú afstaða þingsins að nauðsynlegt væri að fá utanaðkomandi fólk til þessa vandaverks, fólk sem sjálft ætti engra sérstakra hagsmuna að gæta. Þetta reyndist snjöll lausn. Vandað var til vals nefndarmanna og árangurinn eftir því, miklu umfangsmeiri og skýrari en nokkur þorði að vona. Þar var unnið af vandvirkni, menningarlegri reisn og djörfung.

Svipaða leið er unnt að fara til lausnar þessa aðkallandi máls. Alþingi getur skipað sérstaka utanþingsnefnd sem falið yrði að semja drög að nýrri stjórnarskrá, stjórnlaganefnd. Ef vandað er til vals nefndarmanna, er í rauninni ekkert sem segir, að 7-9 manna nefnd geti ekki unnið slíkt verk jafnvel og heilt stjórnlagaþing. Og það yrði áreiðanlega mun ódýrara, þótt hún hefði einhverja starfsmenn sér til aðstoðar. Nefndin gæti haft vinnubrögð rannsóknarnefndarinnar að fyrirmynd, sótt ráð sem víðast, kallað til sín fjölda manna, haldið fundi á ýmsum stöðum á landinu. Hún ætti að geta lokið störfum á 12-16 mánuðum.

Þegar hin nýja stjórnarskrá er lögð fram, tekur Alþingi hana til umfjöllunar og getur sem best vísað henni til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessari hugmynd er hér með komið á framfæri.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hugrekki og ábyrgð

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Þegar ein virtasta óperusöngkona landsins, Þuríður Pálsdóttir, settist á skólabekk með jafnöldrum barna sinna haustið 1965, var óvenjulegt að fullorðið fólk færi í nám. Hún hafði verið í tónlistarstarfi frá unglingsárum, stefnt að því að verða söngkennari og farið nýtrúlofuð til London þeirra erinda, en snúið heim þegar í ljós kom að hún átti von á barni. Síðar fór hún til Ítalíu, nam söng hjá góðum kennara og framhaldið þekkja allir. Þegar hún hóf nám í tónmenntadeild Tónlistarskólans þetta ár, var hún í góðu formi sem söngkona og hélt áfram að syngja næstu árin. Þegar það barst út að hún væri komin í nám, vakti það nokkra athygli, og hún fékk mikil viðbrögð. Fékk til dæmis upphringingu frá konu sem þakkaði henni mikið fyrir að stíga þetta skref.

Sjálf hefði hún lengi gælt við að fara í nám, en ekki þorað að láta til skarar skríða á miðjum aldri. En nú væri gatan greið. „Úr því Þuríður Pálsdóttir getur það, þá get ég það!“ sagði hún, upptendruð af þessu nýja frelsi.

### Að biðjast afsökunar

Það hefur lengi staðið í þeim sem misstigu sig alvarlega í góðærinu að gangast við því. Kannski hefur verið erfiðast að horfast í augu við það. Þeir sem hafa haldið um taumana í langan tíma, verið mærðir og klappaðir upp hvar sem þeir komu, og fengið þau skilaboð frá umhverfinu að þeir væru bæði sól og máni viðskiptalífsins, hljóta að hafa skilið það svo að þeir væru á réttri leið, þó að þeir hefðu átt að vita betur. Það er ekki bara í uppeldinu sem umhverfi og atlæti mótar fólk. Allir vildu eiga þessa menn að vinum, fá að standa í ljómanum af þeim. Stjórnmálamenn, listamenn, langskólagengnir sérfræðingar og almenningur. En svo kom vetur, og allt fraus.

Þó að við Íslendingar séum allajafna bærilegir í mannasiðum og kurteisi, ristir hún ekki alltaf djúpt þegar á reynir. Við biðjum afsökunar í minni háttar atvikum, þegar við rekumst utan í einhvern, eða komum of seint. En þegar afsökunarbeiðnin felur í sér umtalsvert gengisfall á okkur sjálfum, er okkur tamara að grípa til skýringa og sjálfsréttlætingar. Ef til vill er að verða breyting á því. Eftir að lykilmenn á stóreignastiginu hafa stigið fram, sýnt iðrun og beðið þjóðina afsökunar og leiðtogar stjórnmálaflokka beðist afsökunar á andvaraleysi og mistökum, verður auðveldara fyrir alla aðra að gera slíkt hið sama, bæði almennt og við yfirstandandi aðstæður.

> Eftir að lykilmenn á stóreignastiginu hafa stigið fram, sýnt iðrun og beðið þjóðina afsökunar og leiðtogar stjórnmálaflokka beðist afsökunar á andvaraleysi og mistökum, verður auðveldara fyrir alla aðra að gera slíkt hið sama.

Og það merkilega er, að því fylgir yfirleitt bæði léttir og frelsistilfinning fyrir viðkomandi.

### Að gangast við sjálfri sér

„Manneskja þarf hugrekki til að gangast við sjálfri sér“, sagði sr. Guðbjörg Jóhannesdóttir í útvarpsmessu frá Hafnarfjarðarkirkju síðastliðinn sunnudag. „Hugrekki til að sjá mistökin, óheiðarleikann og kærleiksleysið. En það þarf ekki síður von til að gangast við sjálfum sér. Von um að sú sýn leiði til nýs upphafs.“

Þetta var góð prédikun, vel flutt og á erindi við okkur öll. Sr. Guðbjörg sagði enn fremur: „Við getum mörg án efa sagt: Ég bar ekki ábyrgð á falli bankanna, mistökum í stjórnsýslu og pólitískri vanrækslu, en við berum öll ábyrgð á því hvernig framtíðin lítur út og hvernig samfélagi við ætlum okkur að búa í. Þeir sem báru beina ábyrgð verða að axla hana. Og við berum öll á því ábyrgð að það verði til lykta leitt. Og það þarf að leiða til lykta með þá sýn, að við ætlum að búa saman í samfélaginu, þar sem við mætumst á kassanum í búðinni, eða liggjum hvert í sínu sjúkrarúminu, börnin okkar ganga í sama skóla og ættmennin á sama ganginum á dvalarheimilinu. Það þarf að leiða það til lykta með svo afgerandi hætti að við getum farið að treysta hvert öðru.“

Hér talar prestur sem á erindi við samtímann.

Hágæða ofnar á áður óþekktu verði
VOTTUÐ GÆÐAVARA
EURO Panelofn 50x120 cm
15.490
MARGAR STÆRÐIR
EURO handklæðaofn beinn hvítur 50x80 cm
8.490
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM
KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss
EURO handklæðaofn kúptur króm 50x80 cm
15.490
MARGAR STÆRÐIR
Kletthálsi Rvk
Akureyri
Suðurnesjum
Húsavík
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

XXV
Gildi og gæði
í þjónustu við fötluð börn

Vorráðstefna
Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
Grand Hóteli 6. og 7. maí 2010

Fimmtudagur 6. maí
8.30-9.00 Skráning og afhending gagna.
Fundarstjóri: Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir, yfirlæknir, BUGL.
9.00-9.10 Setning ráðstefnu.
Árni Páll Árnason félags- og tryggingamálaráðherra.
Börn og kreppa
9.10-9.40 Geðheilbrigðisleg og félagsleg áhrif efnahagslægða.
Haukur Sigurðsson, klínískur sálfræðingur.
9.40-10.10 Áhrif kreppu á velferð barna til framtíðar: Hvað er til ráða?
Geir Gunnlaugsson landlæknir.
10.30-11.00 Velferðarvaktin: Staða barnafjölskyldna í dag.
Lára Björnsdóttir, formaður stýrihóps.
11.00-11.30 Meira fyrir minna: Hvernig tryggjum við gæði á tímum samdráttar?
Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.
11.30-12.00 Sérfræðiþjónusta sveitarfélaga fyrir börn: Hvers er hún megnug?
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri málefna fatlaðra á Norðurlandi vestra.
Matarhlé
Börn og rannsóknir
13.00-13.20 Rannsóknir á Íslandi: Helstu hindranir.
Sigurður Guðmundsson, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.
13.20-15.00 Kynningar á rannsóknum og þróunarverkefnum.*
15.30-16.00 Sjálfstætt líf - helstu hornsteinar.
Vilborg Jóhannsdóttir, lektor við Háskóla Íslands og Freyja Haraldsdóttir háskólanemi.
* Sjá nánar á www. greining.is

Föstudagur 7. maí
Fundarstjóri: Gerður Aagot Árnadóttir, formaður Þroskahjálpar.
Börn og samfélag
9.00-9.35 Færsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga: Er hún til bóta fyrir fötluð börn?
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.
9.35-10.10 Færsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga: Hvernig verður tilfærsla reynslu og þekkingar tryggð?
Þór G. Þórarinsson, skrifstofustjóri félagsmálaráðuneyti.
10.30-11.00 Systkini fatlaðra barna.
Olga Björg Jónsdóttir, félagsráðgjafi og verkefnastjóri Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.
11.00-11.30 Þjónustuþörf ungmenna metin með ICF greiningar- og flokkunarkerfi.
Þórunn Hanna Halldórsdóttir, talmeinafræðingur Reykjalundi.
11.30-12.00 Sjálfsskilningur fatlaðra ungmenna.
Eiríkur Smith meistaranemi.
Matarhlé
Börn og rannsóknir
13.00-13.20 Fötluð börn og rannsóknir: Ábati eða álag?
Sigríður Lóa Jónsdóttir, sálfræðingur Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
13.20-15.10 Kynningar á rannsóknum og þróunarverkefnum.*
15.30-16.00 „Nennið þið að passa að engu barni líður illa“
Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.

Skráning á www.greining.is eða í síma 5108400.
Þátttökugjald: 12.000 kr. fyrir fagfólk og 6.000 kr. fyrir fatlaða, foreldra og háskólanemendur.
Ráðstefnan verður send út um fjarfundabúnað á Háskólann á Akureyri.
Skráningu lýkur 29. apríl.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

# Sveltur sitjandi kráka en fljúgandi fær

Hlutabréfamarkaður

Þórður Friðjónsson
forstjóri Kauphallarinnar



Efnahagsleg velsæld þjóða ræðst ávallt af því hvernig þær skipuleggja þjóðarbúskap sinn. Þær þjóðir sem mestum árangri hafa náð hafa komið sér upp stofnunum sem styðja með ýmsum hætti við frjálsan markaðsbúskap. Þær eiga það jafnframt sammerkt að öflugur hlutabréfamarkaður styður við hagkerfi þeirra; ein grunnstofnana heilbrigðs markaðsbúskapar sem knýr hagvöxt. Ásýnd öflugustu hagkerfa heims væri eflaust önnur ef hlutabréfamarkaðar nyti ekki við. Þetta er brýnt að hafa í huga við endurreisn íslensks efnahags.

**Efniviðurinn er góður**

Nokkur af okkar betri fyrirtækjum eru nú í fangi bankanna. Mörg þeirra eru í góðum rekstri, þó að sum hver hafi verið skuldsett um of. Í öðrum tilfellum er efnahagurinn góður en bankarnir eignast fyrirtækin sökum þess að móðurfélög þeirra eru illa haldin. Hlutverk banka er að vera stuðningur við öll fyrirtæki í rekstri, þeir eru því ekki heppilegir eignaraðilar einstakra fyrirtækja. Sjónarmið samkeppni og gagnsæis verða að vera í forgangi þegar kemur að heilbrigðum markaðsbúskap. Hætt er við að núverandi skipulag geti orðið dragbítur á hagvöxt. Því er brýnt að koma fyrirtækjum sem fyrst í eðlilegan rekstur á ný undir stjórn nýrra eigenda, framtíðareigenda.

Hlutabréfamarkaðurinn getur leikið lykilhlutverk í þessu ferli með skráningu fyrirtækja á markað. Það bæði flýtir fyrir nauðsynlegum umskiptum og gefur almenningi tækifæri á því að njóta ávinnings af uppsveiflu í íslensku efnahagslífi.

**Hugarfarið**

Því er rétt að hafa í huga að við blasa mörg tækifæri sem við megum ekki láta tímabundna erfiðleika byrgja okkur sýn á. Sem þjóð höfum við tapað að nokkru því sjálfstrausti sem áður einkenndi okkur. Þótt ýmislegt hafi misfarist síðustu 10-15 ár hefur margt verið rétt gert. Samkeppnisstaða atvinnuveganna hefur sjaldan ef nokkru sinni verið betri en nú. Menntunarstig þjóðarinnar hefur stóraukist og er óvíða hærra. Sókn í hreina íslenska orku hefur aukist og erlendir aðilar vilja, þrátt fyrir allt, fjárfesta hér á landi. Innviðir og tæknileg þekking eru fyrir hendi.

Úrlausn Icesave og afnám gjaldeyrishafta eru vissulega brýn úrlausnarefni en koma ekki í veg fyrir að unnið sé af fullum krafti á heimavelli.

**Framtíð íslenskrar kauphallar**

Hvaða forsendur höfum við til að byggja upp öflugan hlutabréfamarkað hér á landi? Í fyrsta lagi er virkur hlutabréfamarkaður ein af grunnforsendum þess að við komum okkur í fremstu röð á nýjan leik. En einnig má benda á:

- Kauphöllin er hluti af NASDAQ OMX, stærstu kauphallarsamstæðu í heimi. Hún starfar eftir samevrópskum lögum og reglum um kauphallir. Viðskiptaumgjörð er í fremstu röð
- Viðskiptalífið hefur sett sér nýjar og ítarlegar leiðbeiningar um stjórnarhætti
- Fjárfestar munu veita fyrirtækjunum meira aðhald en áður. Hægt er að rökstyðja að fjárfestar, þar með talið stofnanafjárfestar, hafi ekki nýtt sér að fullu fyrir hrun þá vernd sem felst í skráningu verðbréfa. Þau mistök verða tæplega endurtekin
- Með áformuðum lögum um fjármálafyrirtæki, hlutafélög o.fl. eru leikreglur hertar og vernd minni hluthafa aukin
- Nóg af góðum fyrirtækjum sem eru tilbúin á markað
- Mikið ónotað innlent fjármagn er fyrir hendi og mikil eftirspurn eftir fjárfestingartækifærum
- Almenningi verður gefinn kostur á að taka þátt í uppsveiflunni í íslensku efnahagslífi
- Skipulag banka er með öðrum hætti en fyrir hrun. Með sölu fyrirtækja í þeirra eigu rofna þau óæskilegu tengsl milli banka og viðskiptalífs sem voru viðvarandi fyrir hrun og voru e.t.v. áhrifamesti þátturinn í hruninu.

Einnig verður ekki litið hjá því að skoða hvernig aðrir valkostir líta út í samanburði við endurreisn hlutabréfamarkaðar. Er líklegt að áframhaldandi eignarhald banka á fyrirtækjum og sala til valdra fjárfesta stuðli að heilbrigðara viðskipta- og fjárfestingarumhverfi en skráning á markað? Hér er umgjörð verðbréfamarkaðar í fremstu röð og fjárfestar geta nýtt hana og rétt sinn til upplýsinga og ákvörðunartöku. Hví skyldum við ekki feta braut gagnsæis og trausts þegar hún stendur til boða?




# Atvinnumál í Reykjavík og aðgerðir gegn atvinnuleysi

Atvinnumál

Dagur B. Eggertsson
oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn



Baráttan fyrir fullri atvinnu er hornsteinn jafnaðarstefnunnar og forgangsmál við núverandi aðstæður. Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf er alls staðar undirstaða velferðar og því lítur Samfylkingin á það sem eitt mikilvægasta hlutverk borgarinnar að efla og styrkja atvinnulífið í borginni. Atvinnuleysi er þjóðarböl og hvert prósentustig í atvinnuleysi kostar borgarsjóð milljarð króna á ári.

Alla síðustu öld var Reykjavík aflvél í efnahags- og atvinnulífi landsins. Þrátt fyrir mesta atvinnuleysi í sögu borgarinnar er engu síður rekin afskiptaleysisstefna í atvinnumálum í Ráðhúsinu. Þar er þess beðið að markaðurinn leysi úr málum. Samfylkingin vill þvert á móti að Reykjavíkurborg verði miklu virkari í atvinnumálum, beiti afli sínu og leiti allra leiða í víðtæku samstarfi til að Reykjavík og Ísland komist sem fyrst út úr kreppunni.

> Atvinnumálin eru úrslitamál í þróun efnahags- og lífsgæða í borginni á næstu árum og því mikilvægt að borgarbúar kynni sér stefnu flokkanna í þessum málaflokki.

**Nýsköpun og sóknarfæri**

Samfylkingin vill styðja við nýsköpunarsetur, sprota-hótel og/eða listasmiðjur. Í því skyni verði kortlagt hvaða tækifæri geti falist í auðu og óseldu húsnæði og hvernig tryggja megi notkun þess í þágu atvinnulífsins og hverfanna.

Einfalda þarf leyfisveitingar og umsóknarferli fyrir þá sem vilja stofna til reksturs í Reykjavíkurborg. Þeim standi jafnframt til boða leiðsögn og aðstoð við öflun nauðsynlegra leyfa til reksturs sér að kostnaðarlausu. Í þessu skyni vill Samfylkingin endurreisa Þróunar- og nýsköpunarfélag Reykjavíkurborgar í atvinnumálum. Meðal nýrra áherslusviða verði verkefni á sviði þekkingariðnaðar, kvikmyndagerðar og annarra skapandi greina.

Höfuðborgarstofa, viðburða- og markaðsskrifstofa Reykjavíkurborgar í ferðaþjónustu verði opnuð fyrir aðkomu, fjármagni og nánara samstarfi við ferðaþjónustufyrirtæki í Reykjavík. Sérstaklega verði kannaður grundvöllur til að fjölga viðburðum sem styðja við markaðssetningu Reykjavíkur gagnvart ferðamönnum utan háannatíma.

Kannaðir verði möguleikar á eflingu alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar og aðkomu Reykjavíkurborgar að samstarfi um rekstur kvikmyndahúss í miðborginni sem myndi helga sig sögu og sýningum á íslenskum kvikmyndum. Kanna fýsileika og sóknarfæri fyrir úthlutun lóðar fyrir alhliða kvikmyndaver í borgarlandinu.

Samfylkingin vill einnig að stutt verði við uppbygginguu þekkingar- og heilbrigðistengdra fyrirtækja með samstarfi um beina markaðssetningu á háskólasvæðum í Vatnsmýri í samvinnu við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann. Reykjavíkurborg greiði fyrir skipulagi stúdentaíbúða og annarra innviða sem stuðla að sömu markmiðum.

**Viðhald og verklegar framkvæmdir**

Samfylkingin telur skynsamlegt að taka lán til að halda uppi framkvæmdastigi í kreppunni í stað þess að skera framkvæmdir niður um 70% næstu þrjú ár eins og nú er ráðgert. Borgarsjóður ræður við þessar lántökur, hægt er að fá hagstæð tilboð og forða þannig algeru hruni í framkvæmda- og byggingariðnaði.

Sérstaka áherslu á að leggja á viðhaldsverkefni. Viðhald skapar flest störf og lækkar rekstrarkostnað. Samfylkingin vill tvöfalda viðhald á fasteignum borgarinnar árin 2011-2012 með því að flýta brýnum viðhaldsverkefnum sem annars hefðu komið til framkvæmda 2013-2015. Þannig skapast störf þegar mest þarf á þeim að halda.

Samfylkingin vill jafnframt setja fram heildstæða áætlun fyrir endurnýjun eldri hverfa að evrópskri fyrirmynd. Í stað þess að hverfin drabbist niður í kreppunni verði efnt til tímabærs viðhalds og endurnýjunar á húsum og opinberum byggingum.

**Vaxtarsamningur fyrir Reykjavík**

Til að standa undir velferð og lífskjörum þarf að tryggja 3,5% meðalhagvöxt í Reykjavík næsta kjörtímabil. Til þess þarf margþættar aðgerðir sem ekki eru allar á færi Reykjavíkur heldur þarf að ná um þær víðtækri samstöðu og samstarfi. Þessi tölulegu markmið eiga að vera markmið vaxtarsamnings Reykjavíkur, ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar, fyrirtækja, stuðningsstofnana atvinnulífsins og annarra samtaka í atvinnulífi. Meginmarkmið hans yrðu að styrkja samkeppnishæfni fyrirtækja í virkri alþjóðlegri samkeppni, auka veltu, verðmætasköpun, útflutningstekjur og skapa þannig grunn fyrir umtalsverða fjölgun starfa á næstu misserum.

Fyrsta verk Samfylkingarinnar við stjórn borgarinnar verður að skilgreina stöðu, styrkleika og sóknarfæri atvinnulífs Reykjavíkurborgar til skamms og langs tíma. Samfylkingin flutti tillögu sama efnis þremur vikum eftir hrun en hún hefur verið í frestun af hálfu meirihlutans í Ráðhúsinu allar götur síðan. Meðal áherslusviða verkefnisins og sóknarfæra sem horft verður til verði: Ferðamannaborgin Reykjavík, hafnarborgin, heilsuborgin, kvikmyndaborgin, orkuborgin og þekkingarborgin Reykjavík. Tækifærin liggja víða ef stefnan er framsýn og verkin látin tala.

Fjölmargar fleiri tillögur og áherslur í atvinnumálum eru í atvinnustefnu Samfylkingarinnar og kosningastefnuskrá vegna komandi borgarstjórnarkosninga. Atvinnumálin eru úrslitamál í þróun efnahags- og lífsgæða í borginni á næstu árum og því mikilvægt að borgarbúar kynni sér stefnu og tillögur flokkanna í þessum málaflokki.



**VÍSINDI Á VORDÖGUM** er árleg kynning á vísindastarfi Landspítala. Hún hefst föstudaginn 4. maí. Haldnir verða fyrirlestrar, tilkynnt um heiðursvísindamann ársins, ungan vísindamann ársins og úthlutað styrkjum úr Vísindasjóði Landspítala.




FRÉTTABLAÐIÐ Sölufulltrúar Henný Árnadóttir henny@365.is 512 5427 Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447



Eirberg

Betra loft
betri líðan

Airfree lofthreinsitækið
- Eyðir frjókornum og svifryki
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27 cm

Sími 569 3100 • Stórhöfða 25 • www.eirberg.is

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum
MAN-8183 SETT 3+1+1
299.900 kr
Láttu þér líða vel í sófa frá Patta
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið : Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

Viltu breyta mataræðinu til batnaðar? ....en veist ekki hvar þú átt að byrja?
INGA KRISTJÁNSDÓTTIR næringarþerapisti D.E.T. leiðir ykkur í allan sannleikann um hversu auðvelt það er í raun að breyta mataræðinu til batnaðar.
Farið verður með einföldum hætti yfir:
- Hvaða óæskilegum mat við getum skipt út.
- Hvaða fita er óholl og hver er lífsnauðsynleg.
- Hvernig við getum komið jafnvægi á blóðsykurinn og öðlast meiri orku vellíðan og heilbrigði.

Þriðjudaginn 4. maí í Heilsuhúsinu Lágmúla
Kl. 19:30 - 22:00
Í lok fyrirlestrar fáið þið leiðbeiningar um val á heilsufæði. Innifalið í námskeiði er mappa með uppskriftum og fróðleik. Verð aðeins kr. 4.400.- Inga tekur á móti fólki í einkaráðgjöf alla daga.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 8995020 eða á eig@heima.is
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið




Guðbjörg til hægri, Margrét fyrir miðju og Eygló Anna Tómasdóttir í Reykjavíkurmaraþoninu 2008. Guðbjörg hefur tekið þátt í maraþoninu nánast árlega síðan 1995 og stefnir ótrauð á þátttöku í ár. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Eins og að borða nammi

**Guðbjörg Jónsdóttir kennari hefur verið haldin ólæknandi hlaupabakteríu um nokkurra ára skeið og segir hlaup nánast ávanabindandi sökum þeirrar einstöku vellíðunartilfinningar sem íþróttin veiti.**

Guðbjörg Jónsdóttir hefur ásamt Margréti Knútsdóttur staðið fyrir hlaupanámskeiðum í Reykjanesbæ frá árinu 2007, þar sem þátttakendur læra meðal annars rétta hlaupatækni. Guðbjörg fékk sjálf hlaupabakteríuna fyrir um sextán árum og hleypur nú allt árið um hring.

„Þetta hófst nú bara allt einn góðan veðurdag þegar ég sá fólk með vasadiskó á hlaupum út um gluggann heima hjá mér og langaði líka að prófa. Ég fór að hlaupa með kunningjakonu minni, ánetjaðist þessu eiginlega og í kjölfarið setti ég mér það markmið að hlaupa Reykjavíkurmaraþonið árið 1995,“ minnist Guðbjörg, sem náði settu marki. Hljóp tíu kílómetra í Reykjavíkurmaraþoninu, hefur gert það nánast árlega eftir það og hleypur nú allan ársins hring.

Beðin um að lýsa því í hverju aðdráttarafl íþróttarinnar sé helst fólgið, segir Guðbjörg hlaup framkalla einstaka vellíðunartilfinningu. „Þetta er næstum eins og að fá sér nammi. Yndislegt meðan á því stendur og eftir á er maður endurnærður og uppfullur af orku. Það er þessi vellíðunartilfinning sem togar mann til sín,“ útskýrir hún.

Guðbjörg segist vilja að sem flestir upplifi ánægjuna sem fylgir þessari íþrótt og hafi hún af þeim sökum farið að halda hlaupanámskeið með Margréti fyrir íbúa Reykjanesbæjar. „Ætli við séum ekki búnar að kenna yfir 200 manns frá upphafi. Ekkert lát virðist ætla að vera á aðsókn og sem dæmi um það komust færri að en vildu á síðasta námskeið sem við fórum af stað með nú á dögunum.“

Mikið er lagt upp úr réttri tækni á hlaupanámskeiðunum að sögn Guðbjargar og meðal annars er stuðst við aðferðir sem þekkjast víða í Afríku. „Við kennum fólki að hlaupa með kviðinn spenntan og gætum þess að fara ekki of hratt yfir. Eiginlega erum við frekar að skokka heldur en að hlaupa til að ofreyna ekki líkamanum og ná fram þessari vellíðan. Það er svo mikilvægt að hlusta á líkamann og við teljum okkur nokkuð skynsamar í þeim efnum,“ segir Guðbjörg.

*roald@frettabladid.is*


LYFJA – Lifið heil

15% verðlækkun+
LAMISIL ONCE
~~2.393 kr.~~ 2.034 kr.

15% verðlækkun+
VECTAVIR frunsuáburður
~~1.697 kr.~~ 1.442 kr.

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju
+ Gildir til 30. apríl

**GRILLRISTINA** er gott að pensla létt með olíu áður en grillað er. Það hindrar að maturinn festist við. Þá er gott að snúa kjöti aðeins einu sinni meðan er grillað því annars er hætta á að það verði ofeldað.




## Ertu með eitthvað gott á prjónunum?

Sjálfboðaliðar í Kópavogsdeild Rauða krossins prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast Föt sem framlag, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, miðvikudaginn **28. apríl** kl. 15-18.

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma 554 6626.

**Rauði kross Íslands**
**Kópavogsdeild**

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl.10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur



KYNNING

## Vinsælar steikur á grillið

**Kjöthöllin,** Skipholti og Háaleitisbraut eru sérverslanir með kjöt sem bjóða upp á mikið úrval af spennandi steikum á grillið. Í kjötborðinu er hægt að velja um nauta, lamba og svínasteikur sem eru sérvaldar og fullmeyrnaðar. Hægt er að velja úr úrvali af kryddi á kjötið að óskum viðskiptavina.



Red Roy grillsteikurnar, 200 - 250 gr nautafilesteikur, hafa verið mjög vinsælar enda henta vel á grillið. Einnig eru Rib eye steikur og T-bone steikur frábærar á grillið.

Nautagrillborgararnir hafa slegið í gegn og eru til í nokkrum stærðum frá 80 gr. barnaborgara til 200 gr. risaborgara.

Lambagrilllærin eru alltaf vinsæl í sumarveisluna. Lærin eru búin að hanga og meyrna, eru hálfúrbeinuð og krydduð með sérblönduðu kryddi sem gerir steikina einstaklega bragðgóða. Af öðru lambakjöti má nefna lambafile og lambavöðvasteikur.

Boðið er upp á úrval af grillveislum fyrir hópa, þar sem mismunandi steikur eru í boði ásamt meðlæti á mjög hagstæðu verði.



**Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Kjöthallarinnar. www.kjöthöllin.is**

**Kjöthöllin • Skipholti 70 • sími 553 1270 • Háaleitisbraut 58-60 • s: 553 8844**




Sumarsteik með beikonkgljáa, endívu, sveppamauki og sveppum að hætti Austurs Steikhúss.

# Öðruvísi og létt steikhús

**Austur Steikhús var opnað fyrir örfáum vikum í Austurstræti. Stefán Magnússon er einn af eigendum staðarins og segir stefnuna að bjóða upp á öðruvísi matargerð, með léttu ívafi, í bland við klassískar steikur.**

Steikhúsið var áður bístró-staður en ákveðið var að breyta staðnum í þungavigtarveitingastað og úr varð „fusion“ steikhús, meðal annars undir áhrifum frá japönsku og frönsku eldhúsi.

„Þemað er steik og aftur steik, sem allar eru frá Kjötkompaníi og sérmeðhöndlaðar. Þær eru þó með léttari brag en gengur og gerist, með skemmtilegu meðlæti. Við erum ekki með þetta týpíska steikarmeðlæti, bakaða kartöflu, kalda sósu og steikt grænmeti heldur alls kyns mauk, grænmeti eldað á ótal mismunandi vegu, og fleira til, þannig að fólk stendur ekki á blístri,“ segir Stefán.

Mikið er um blandaða matseðla, þriggja til fimm rétta, þar sem sjávarréttir eru í bland við kjöt og svo grænmetismatseðla fyrir þá sem ekki leggja sér kjöt til munns.

„Matseðlarnir, svokallaðar óvissuferðir, eru mjög vinsælir enda á góðu verði. Einnig er hægt að fá klassíska rétti sem hver veitingastaður þarf að hafa svo sem humarsúpu og carpaccio og í salötin er hægt að fá humar, kengúrukjöt og alls kyns spennandi hráefni. Eftirréttirnir eru svo allir lagaðir af Örvari Birgissyni, meðlimi í kokkalandsliðinu, og er súkkulaði þar ofarlega á lista.“

*juliam@frettabladid.is*



Stefán Magnússon, einn af eigendum Austurs Steikhúss.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## GRILLUÐ SUMARSTEIK AÐ HÆTTI AUSTURS

með sveppamauki, shitake-sveppum og kartöflum **FYRIR 4**

4 stk. 300 g ribeye-steikur
100 g beikon
250 g Flúðasveppir
150 g shitake-sveppir
400 g litlar kartöflur
250 ml nautasoð
2-3 greinar af fersku tímjan
1 stk. endíva
smjörklípa
½ dl mjólk
Kjötkraftur
1 dl rauðvín
Salt og pipar eftir smekk

*Sveppamauk: Skerið Flúðasveppina og helminginn af shitake-sveppunum í sneiðar. Steikið upp úr smjöri á pönnu í 3-4 mínútur. Hellið mjólkinni saman við, sjóðið niður og maukið allt saman í matvinnsluvél.*

*Sósa: Afgangurinn af shitake-sveppunum er steiktur á pönnunni, kryddað með salti og pipar.*

*Beikon steikt á pönnu og skorið smátt niður.*

*Nautasoð soðið niður í 5 mínútur og rauðvíni bætt út í. Smakkað til með salti og pipar og þykkt með maizena-mjöli. Rétt áður en steikurnar eru tilbúnar er beikonkurlinu bætt út í sósuna.*



*Kartöflur og endíva: Kartöflur soðnar með smá olíu, tímjani, salti og pipar. Settar í smástund í ofn eða á grillið til að brúna þær aðeins. Skerið endívur í stóra bita, penslið með olíu og steikið stutt á pönnu.*

*Steikurnar penslaðar með olíu og kryddaðar með salti og pipar. Grillaðar í 3 mínútur á hvorri hlið, við háan hita, með um 54 gráður í kjarnhita til að hafa þær medium-rare. Bætið 1 mínútu við á hvorri hlið til að fá þær medium eða um 60 gráður í kjarnhita.*


weber







Söluaðilar: Húsasmiðjan - Garðheimar
www.weber.is

# Grillað úti á þrjá vegu

**Þrjár aðferðir eru notaðar við að grilla úti við, gasgrill, kolagrill og holugrill. Leiðbeiningarstöð heimilanna hefur tekið saman hvernig eigi að bera sig sem best að við hverja eldunaraðferð.**

*Gasgrill eru gríðarlega vinsæl á Íslandi og líklega flestir sem grilla á þann máta í dag. Auðvelt er að stjórna hitanum og maturinn brennur síður en á kolagrillum.*

Gott ráð þegar heilt lambalæri eða stór kjötstykki eru grilluð er að kveikja aðeins á öðrum brennaranum og setja kjötið þeim megin sem er slökkt. Grillinu er síðan lokað. Með þessum hætti brennur kjötið síður og bragðið verður gott. Möguleiki er að flýta steikingartímanum með því að forsteikja kjötið í ofni.

Annað gott ráð er að bera matarolíu á grillgrindina áður en byrjað er að elda og pensla kjöt- eða fisksneiðar með kryddlegi meðan á steikingu stendur. Þegar grænmeti er grillað er best að raða því á álbakka smurðan með olíu.

Ef notaðir eru trépinnar til að þræða bita upp á til að grilla þarf að leggja þá í kalt vatn fyrir notkun, annars brenna þeir.

Fisk er best að grilla í þar til gerðri grillgrind eða vafinn í smjörpappír/álpappír. Sama gildir um kjúklingabita.

Það er góð regla að þrífa grillgrindina sem fyrst eftir notkun. Annars er erfiðara að ná fitu og brunnu kryddi og blóðsafa og tægjum af. Með því að þrífa grillið reglulega endist það lengur auk þess sem bakteríur þrífast síður á því.

*Kolagrill eru klassísk og sumir grilláhugamenn vilja ekki grilla á neinu öðru.*

Ekki þarf að nota mjög mikið af kolum en mikilvægt er að leyfa þeim að grána vel áður en maturinn er settur á grindina. Ekki skal gera það meðan enn logar í kolunum enda skal varast að láta loga leika um matinn því brenndur matur þykir hvorki góður né hollur.

Kolagrill þarf að tæma og þrífa reglulega. Gott er að setja álpappír undir kolin, þannig er auðveldara að þrífa þau.

*Holugrill er skemmtilegur kostur, sérstaklega þegar hópar koma saman úti í náttúrunni. Tilvalið kjöt í holuna er lambalæri.*

Holugrill er búið þannig til að grafin er hola eða renna, allt eftir því hve mikið á að grilla. Þá þarf að safna grjóti, spýtum og taka torf. Grjótið er sett í botn holunnar til að lofti um kolin sem eru sett ofan á grjótið. Þá er kveikt í kolunum á hefðbundinn hátt og ágætt er að leggja grind eða járnteina yfir þau. Matnum er pakkað inn þannig að notaður er smjörpappír næst honum og þar utan um er vafinn álpappír. Þegar kolin hafa gránað er maturinn lagður ofan á. Holuna þarf að byrgja svo vindur blási ekki ofan í hana. Það er best að gera með því að raða grjóti og spýtum í kring og leggja síðan torf yfir. Gæta skal að því að súrefni komist að til að halda lífi í glæðunum. Það þarf að snúa kjötinu á eldunartímanum sem er um 1 klst. fyrir meðalstórt læri.



Lambalæri er tilvalið í holugrill.

Notið aldrei sama fat fyrir hráa kjötið og grillaða kjötið. Ein leið er að setja plastfilmu á fatið áður en hráa kjötið er sett á og svo fjarlægja filmuna áður en grillaða kjötið er sett á fatið.



www.vefupp-skriftir.com


Góð heilsa er auðveldari en þú heldur.
Heilbrigði er fyrsta auðlegð hvers og eins.
Ralph Waldo Emerson
Matti Ósvald heldur fyrirlestur
Þriðjudaginn 27. apríl kl: 17:30–19:00 í Borgartúni 24
maður lifandi
Borgartúni 24 105 Reykjavík
Hæðasmára 6 201 Kópavogi
Hafnarborg 220 Hafnarfjörður
Opið virka daga kl. 10-20 | Laugardaga kl. 10-17
www.madurlifandi.is










**BÖRN** sem fædd eru að hausti eða vetri eru líklegri til að þróa matarofnæmi samkvæmt nýlegri bandarískri rannsókn. Telja rannsakendur að þetta megi skýra með skorti á D-vítamíni sem líkaminn myndar í sólarljósi. www.bbc.co.uk



Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur var stofnað 1938. Félagar eru 4.000 talsins. Byrjendanámskeið eru á mánudagskvöldum en um er að ræða 6 vikna námskeið þar sem undirstöður badmintoníþróttarinnar eru kenndar.



www.tbr.is

# Ungir Íslendingar eiga Norðurlandamet í fjölda rekkjunauta

**Tíðni leghálskrabbameins fer ört hækkandi hjá ungum konum, en talið er að HPV-vörtuveirusmit sé alltaf undanfari leghálskrabbameins. HPV-veirur smitast við kynmök, en aukinn áhrifavaldur er rakstur umhverfis kynfæri. Almenn bólusetning fór í biðstöðu við bankahrunið.**



Fjöldi rekkjunauta skiptir sköpum við útbreiðslu HPV-vörtuveira.

„Okkar litla þjóð grípur svo margt með hraði, útbreiðsla verður mikil og lífsstíll breytist hér ört. Þannig voru íslenskar konur með þeim fyrstu í heimi til að fara að reykja í stórum stíl snemma á síðustu öld, eftir því sem við höfum séð með því að fara aftur í tímann,“ segir Laufey Tryggvadóttir, klínískur prófessor við læknadeild Háskóla Íslands og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Íslands, um mögulega skýringu á því hvers vegna íslensk ungmenni eiga Norðurlandamet í fjölda rekkjunauta.

Í norrænni könnun sem Laufey sá um fyrir Íslands hönd meðal ungra, íslenskra kvenna um þætti sem tengjast HPV-veirusýkingum árið 2004, komu í ljós örar breytingar á kynhegðun í samanburði við önnur Norðurlönd og að meðalfjöldi rekkjunauta hefur aukist hraðast á Íslandi með hverjum nýjum fæðingarhópi. Fjórðungur kvenna á aldrinum 18 til 45 ára, hvaðanæva af landinu, svaraði könnuninni.

„Uppsafnað nýgengi kynfæravarta hækkaði með hverjum nýjum fæðingarhópi og var orðið 20% fyrir 26 ára aldur hjá íslenskum stúlkum fæddum 1979 til 1986. Kynfæravörtur tengdust sterklega fjölda rekkjunauta og var áhættan tífalt hærri hjá konum með fimmtán rekkjunauta miðað við einn rekkjunaut. Íslenskar stúlkur höfðu því hæst algengi kynfæravörtusmits miðað við Danmörku, Noreg og Svíþjóð, og á Íslandi hefur verið hröðust aukning bæði á smiti og fjölda rekkjunauta,“ segir Laufey sem kallar eftir aukinni kynfræðslu í umsjá fagfólks.

„Aðeins þriðjungur kvenna á Norðurlöndum hefur heyrt um HPV-veirusýkingar og lítil vitneskja um hversu hættulegar þær eru. Okkur sýnist allt að ein af hverjum fimm ungum íslenskum stúlkum vera með kynfæravörtur, og þær eru jafnframt í aukinni hættu á að fá leghálskrabbamein. HPV-vörtuveirur hafa númeraða undirflokka og valda HPV-16 og -18 krabbameini,“ segir Laufey og bætir við að stúlkur virðist því miður ekki hugsa út í fortíð rekkjunautar síns áður en þær sofa hjá honum.

„Til dæmis ef stúlka hefur mök við strák sem hefur sofið hjá tuttugu stelpum, þá tengist hún allri kynfæraveirusögu hans. Og ef ein af hans fyrrverandi hjásvæfum er búin að sofa hjá fjölda manna þá berst saga hennar með kynfærum stráksins og líkur á smiti eru verulegar.“



Laufey Tryggvadóttir, klínískur prófessor við læknadeild HÍ og framkvæmdastjóri Krabbameinsskrár Íslands.



Ragna Leifsdóttir, sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómum.

Að sögn Laufeyjar smitast 80 prósent kvenna af HPV-veirum einhvern tímann á lífsleiðinni, en ónæmiskerfið vinnur á flestum þeirra.

„HPV-veiran smitast frá manni til manns við kynmök, en við endurtekið smit minnka líkur á að konan vinni bug á veirunni. Auk þess hefur komið í ljós að reykingafólk vinnur síður á henni en aðrir,“ segir Laufey sem vill sjá allar ungar konur, sem byrjaðar eru að stunda kynlíf, mæta í krabbameinsleit. „Tíðni forstigsbreytinga hefur aukist meðal ungra kvenna og ef ekkert er að gert geta frumubreytingar þróast yfir í leghálskrabbamein, sem er í öðru sæti varðandi nýgengi krabbameina kvenna á heimsvísu og í fimmta sæti varðandi dánartíðni. Þetta er því dauðans alvara og mikið öryggi sem felst í því að láta skoða sig.“

Smitleið HPV-veira er langoftast við kynmök. Þær geta einnig smitast með beinni snertingu ef húð sem snertir kynfæravörtu er með sárum eða sprungum. Kossar geta líka smitað því HPV-vörtur geta brotist út í munni eftir munnmök og þekkt að HPV-vörtuveirur geti orsakað krabbamein í hálsi og munni.

Ragna Leifsdóttir er sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómum, ásamt því að sitja í Sóttvarnaráði. Hún segir HPV-veirur þrífast best á kynfærasvæði.

„HPV-veirur hafa tilhneigingu til að breyta frumum okkar svo úr verði krabbamein og þótt við höfum mestar áhyggjur af leghálskrabbameini geta karlar fengið krabbamein í getnaðarlim af völdum HPV-veira,“ útskýrir Ragna. Hún segir líkur á vörtusmiti aukast til muna þegar svæði umhverfis kynfæri eru rökuð.

„Við rakstur verður rof í húð sem hleypir inn hættulegum veirum og auðveldar smit milli manna. Við sjáum sjúklinga með ógrynni af vörtum á rakstursvæði því með rakstri hafa vörtur dreifst á stærra svæði. Vörtusmit er algengasti kynsjúkdómur okkar og afar þrálátur,“ segir Ragna sem brýnir fyrir stúlkum sem fengið hafa kynfæravörtur að láta skoða sig á leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

„Þótt konur fái ekki köllunarbréf fyrr en tvítugar er oft ástæða til að fara fyrr. Frumubreytingar geta hafist löngu áður og ljóst að tíðni leghálskrabbameins fer hækkandi meðal ungra kvenna. Því er mikilvægt að fara sem allra fyrst hafi þær einhvern tímann fengið kynfæravörtur.“

Umræða um bólusetningu fyrir HPV-veirum sem valda leghálskrabbameini hefur legið niðri eftir bankahrunið, en til stóð að bólusetja allar tólf ára stúlkur.

„Bóluefnin eru tvö, Gardasil og Cervarix, og þarf þrjár sprautur til. Þessir þrír skammtar kosta um 100 þúsund krónur, og er miður að almenn bólusetning sé ekki farin af stað, en nú er að aukast að mæður komi með dætur sínar í bólusetningu á eigin vegum.“

Ragna segir líkur á HPV-veirusmiti aukast eftir fjölda rekkjunauta, sem geri lauslæti dýrkeypt.

„Hver og einn rekkjunautur er rússnesk rúlletta, því veirurnar búa í húðinni þar sem þær dreifa sér og engin leið að skima eftir þeim fyrirfram. Hins vegar höfum við smokkinn og ráðleggjum fólki að nota verjur fyrstu fjóra mánuðina í nýju sambandi. Þó ber að hafa í huga að smit getur komið fram allt frá þremur vikum og allt að tveimur árum síðar og ekki til nein próf sem staðfesta leynt smit. Með þessu reynum við að draga úr útbreiðslu þegar fólk hefur sofið hjá mörgum, en svo lendir maður líka í að tala við fólk sem fær vörtur eftir mörg, mörg ár með sama makanum og þá spurning hvort allir séu að segja satt eða hvort veiran leynist svo lengi án einkenna í líkamanum.“

*thordis@frettabladid.is*




**teg 810857** - mjúkur og flottur í BCD skálum á **kr. 3.950,-** buxur í stíl á **kr. 1.950,-**



**teg. 26021** - létt fylltur og sumarlegur í BC skálum á **kr. 3.950,-** buxur í stíl á **kr. 1.950,-**

Misty -fyrir allar konur

**Laugavegi 178 - Sími: 551 2070**
**Sími 551 3366.**
**Opið mán.-fös. 10-18,**
**laugard. 10-14.**
**Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.**
**www.misty.is**

**Vertu vinur**

KRINGÓMA



SURROUND

Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



dot by ReSound

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Frí ráðgjöf í apríl
Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

# veljum íslenskt

ÞRIÐJUDAGUR 27. APRÍL 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS.



● **ÍSLENSKT UM ALLAN HEIM** Netverslunin nammi.is, sem var stofnuð sem póstverslun árið 1998 en breytt í netverslun 2001, kemur útlendingum og brottfluttum Íslendingum til góða enda er þar að finna allt sem heita má íslenskt. Vörurnar er hægt að láta senda til allra heimshorna og eru margir sem taka því fegins hendi að geta fengið harðfisk og mjólkurkex heim að dyrum.




Síðan er einnig stórskemmtileg fyrir alla sem vilja glöggva sig á íslenskri framleiðslu enda hefur hún að geyma íslenskan mat, drykk, bækur, listmuni, fatnað, snyrtivörur og nammi af ýmsu tagi. Meðal vörutegunda má nefna þorskalýsi, Nóakonfekt, Ópal, skyr, lakkrísrör, reyktan silung, Hraun, Egils appelsín, íslenskar uppskriftabækur, íslenskar jurtir og íslenskt vatn svo dæmi séu tekin.

# Saltfiskur ársins 2010

Saltfisksetur Íslands og félagið Matur-saga-menning héldu uppskriftakeppni um bestu saltfiskréttina 2010 á dögunum. Keppnin var í umsjón Sigrúnar Franklín, verkefnastjóra SJF-menningarmiðlunar. Fjöldi uppskrifta barst og völdu Laufey Steingrímsdóttir næringarfræðingur og Sigurvin Gunnarsson matreiðslumeistari þær fimm bestu. Í fyrsta sæti varð Saltfiskur Íslands með mysuostabyggi frá Elínu Hjaltadóttur. Birt með góðfúslegu leyfi Hrannar Kristjánsdóttur hjá Saltfisksetri Íslands. *- ve*


**Fjöldi uppskrifta barst í keppnina og voru fimm þeirra valdar úr. Fleiri er að finna á www.matarsetur.is.**
NORDICPHOTOS/GETTY

## Saltfiskur Íslands með mysuostabyggi

**fyrir 4**

800 g útvatnaður saltfiskur
400 g bankabygg
100 g mysuostur að norðan
1 box Flúðasveppir
100 g rjómi
½ tsk. fiskikraftur
Pipar
1 hvítlauksgeiri
1 laukur
4 egg

HLEYPT EGG
4 egg
1 l vatn
1 dl borðedik

BLÓÐBERGSSMJÖR:
250 g íslenskt smjör
Blóðbergsknippi

*soðið saman þar til brúnast, framreitt heitt.*

*Byggið er soðið eftir leiðbeiningum á pakka og sett til hliðar. Laukurinn, sveppirnir og hvítlaukurinn skorið smátt og léttsteikt í olíu í potti. Bygginu bætt í ásamt rjómanum og mysuostinum. Soðið á vægum hita í 3-4 mín. Kryddað með fiskikrafti og pipar. Eggin eru brotin í varlega út í víðan pott með heitum vökvanum (ekki sjóðandi) tekið upp með gataspaða. Saltfiskurinn er steiktur á vel heitri pönnu mysuostabyggið sett undir fiskinn og eggið ofan á. Nýmulinn pipar á eggið skemmir ekki. Blóðbergs-smjörinu má sleppa ef vill þar sem eggjarauðan virkar sem sósa.*


**Lóa Bjarnadóttir er frumkvöðull á sviði sælkeramennsku og ber með sér lystaukandi evrópska strauma í nýjustu afurð sinni, tröllapylsum.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Pylsur fyrir tröll og menn

**Í Ísbúðinni Laugalæk fást nú lostætar, íslenskar tröllapylsur að þýskri fyrirmynd.**

„Ég fékk evrópska kjötmenningu beint í æð þegar ég bjó árum saman í Þýskalandi og á Englandi, og sakna hennar mjög hér heima. Að geta rölt til kjötkaupmanns sem sjálfur útbýr sínar fersku og hollu pylsur, en slíkt fyrirfinnst ekki á Íslandi," segir Lóa Bjarnadóttir, kaupmaður í Ísbúðinni Laugalæk, sem nú selur réttnefndar tröllapylsur eftir eigin uppskrift.

„Ég hef lengi gengið með draum um íslenskar bratwurstpylsur í maganum, en sjálf ann ég gröfri, lítt unninni pylsu. Ég fór því að prófa mig áfram í pylsugerð heima í eldhúsi, þar sem mér tókst meðal annars að rústa Kitchen Aid-hrærivél mömmu minnar, en loks datt ég ofan á lostæta uppskrift sem inniheldur eingöngu fyrsta flokks svínakjöt og fitu, og dásamlega passandi kryddblöndu," segir Lóa sem lengi gekk árangurslaust milli kjötframleiðenda til samstarfs um framleiðslu á tröllapylsunum góðu.

„Úr því mér tókst að útbúa ljúffengar pylsur án þess að nota vatn, bindiefni, rotvarnarefni eða mjöl saman við leitaði ég þess sama hjá kjötframleiðendum, en enginn hafði áhuga á slíkri vinnslu nema í þeim yrði vatn, sem áfram kallar á bindiefni. Loks fann ég Kjötpól; litla, framúrskarandi kjötvinnslu í Kópavogi sem er að gera frábæra hluti í ferskum kjötvörum á gamaldags hátt og án allra aukaefna, og hann framleiðir nú tröllapylsurnar, alveg eftir minni uppskrift, segir


**Enginn er svikinn af tröllapylsum heima á grilli.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


**Tröllapylsur Lóu eru bornar fram með íslensku hvítkálssalati og heimagerði tröllasósu.**
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lóa sem fengið hefur frábærar viðtökur við tröllapylsunum í Ísbúðinni Laugalæk.

„Ég ákvað að nefna þær tröllapylsur, því þær eru rammíslenskar, unnar úr íslensku kjöti og af íslensku fyrirtæki, þótt fyrirmyndin sé þýskættuð. Bratwurst-pylsur eru enda grófar og tröllslegar, en mínar aðeins minni í sniðum fyrir íslenskan markað, þótt ég gæti vel hugsað mér að bjóða stærri útgáfu seinna. Viðtökur hafa verið einróma og besta einkunnin að börn eru sólgin í þær líka," segir Lóa um góðgætið sem er bæði eggja- og glútenfrítt.

„Með pylsunum býð ég hvítkálssalat úr íslensku hvítkáli og tröllasósu sem ég útbý sjálf frá grunni," segir Lóa og lýsir bragði tröllapylsanna: „Þær minna á Bratwurst en eru samt enn betri því Þjóðverjar framleiða þær í massavís með vatni og aukaefnum. Tröllapylsurnar bera með sér að vera heimagerðar úr gæðakjöti, grófar og kryddaðar með ferskum kryddjurtum svo útkoman verður bragðmikil og góð."

Tröllapylsur Lóu fást einnig í pökkum á Laugalæknum en þær eru einkar gómsætar á grillið og æðislegar með kartöflumús. *- þlg*




# Góður árangur íslenskra nema

Norræna nemakeppnin í matreiðslu og framreiðslu fór fram í Noregi um helgina. Íslendingar hrepptu silfur í matreiðslu og brons í framreiðslu sem er með betri árangri sem nemar frá Íslandi hafa náð undanfarin ár. Sýnt var beint frá keppninni á slóðinni http://norcomp.blogspot.com en þar má sjá myndbrot og myndir af réttum keppenda.

Keppendur í matreiðslu voru Ari Þór Gunnarsson frá Fiskifélaginu og Ylfa Helgadóttir frá Fiskmarkaðinum. Þjálfari þeirra var Björn Bragi Bragason, yfirmatreiðslumaður í Gullhömrum. Keppendur í framreiðslu voru Sigrún Þormóðsdóttir frá Humarhúsinu og Stefanía Höskuldsdóttir frá Vox. Þjálfari þeirra var Tinna Óðinsdóttir, þjónn á Loftleiðum. *- ve*




**Íslendingar hrepptu silfur í matreiðslu og brons í framreiðslu.**




# Vöðva- & liða-galdur

*Gott fyrir:*

- vöðvabólgu
- liðverki
- beinhimnubólgu
- sinadrátt
- hálsbólgu
- skordýrabit
- vaxtarverki
- íþróttameiðsl

**Frábær áburður á allan líkamann vegna verkja, bólgu og þreytu, fyrir og eftir æfingar, göngur og hvers kyns álag.**

## VILLIMEY, LÆKNINGAMÁTTUR NÁTTÚRUNNAR

**Smyrslin frá Villimey eru lífrænt vottuð og unnin úr íslenskum jurtum tínd í hreinni og kraftmikilli náttúru Vestfjarða, án allra rotvarna-, ilm- og litarefna.**

**Vöðva- og liðagaldur** hefur reynst sérstaklega vel á beinhimnubólgu, vöðvabólgu, sinaskeiðabólgu, sinadrátt, hálsbólgu, auma liði, vaxtarverki, íþróttameiðsl, öll eymsli, þreytu og/eða bjúg á fótum, kúlur á höfði, flóa- og mýbit, unglingabólur o.fl. Er jafnframt frábært nuddsmyrsl.

**Sáragaldur** reynist mjög vel á minni háttar sár, brunasár, skrámur, fótasár, sólbruna, legusár, kynfæri og útvortis gyllinæð.

**Bossagaldur** reynist einstaklega vel á útbrot og bleiubruna. Verndar gegn raka og sýkingu og nærir og styrkir viðkvæma húð barnsins.

**Fótagaldur** er mjög gott smyrsl á fætur og húð vegna sveppasýkingar, sprungur á iljum og ef grefur í sárum. Flökkuvörtur barna. Er jafnframt frábært á kynfæri kvenna og karla vegna sveppasýkingar, kláða eða annarra óþæginda.

**Húðgaldur** reynist kláðastillandi, mýkjandi og græðandi á exem, sólarexem, soriasis og aðra húðkvilla.

**Bumbugaldur** er mjög gott smyrsl á strekkta húð ófrískra kvenna, sem og þurra húð. Vinnur gegn sliti, einnig gott sem alhliða húðkrem og inniheldur mikið magn af omega 3 og E-vítamín.

**Varagaldur** er mjög mýkjandi, græðandi og góður á frunsur, það reynist líka vel að setja hann undir eða yfir varalit.

**Villimey fæst í öllum helstu heilsuvöruverslunum og apótekum um land allt. Nánari upplýsingar um virkni, notkun, innihald og sölustaði smyrslanna er að finna á www.villimey.is.**

VILLIMEY

VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN

EES-ESB vottun IS-1

www.villimey.is · villimey@villimey.is · s. 892-8273

# Fánalitir og mosi

„Þemað var Ísland í því verkefni sem við fengum að undirbúa fyrir keppnina,“ segir Jón Þröstur Ólafsson, nýbakaður Íslandsmeistari í blómaskreytingum. Hann valdi blóm í okkar fánalitum, gerberur, crysi, túlípana og alpaþyrni ásamt mosa í sína skreytingu. Allt íslenskt að hans sögn nema alpaþyrnirinn.



Eldgos eftir Þóreyju Sigurðardóttur.

Jón starfar í Blómavali við Skútuvog og er menntaður blómaskreytir. Hann segir íslensk blóm góða vöru enda séu þau notuð að langstærstum hluta hér á landi í vendi og skreytingar. „Íslensku blómin koma auðvitað styttra að og eru því ferskari en þau innfluttu,“ segir hann. „Það eru helst grænar pálmagreinar og strá sem koma erlendis frá. Þar vaxa þau villt og eru því ódýrari en gróðurhúsaræktaðir pálmar,“ tekur hann fram. Hann bendir fólki á síðuna www.blomaskreytar.is þar sem þær verslanir sem hafa menntaða blómaskreyta í starfi flagga lógói félagsins. *- gun*



Jón með meistarastykkið.

MYNDIR/ PIOTR KOWALONEK PIOTERCZAK


# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið






„Auðvitað er hægara að keppa við útlönd nú en þegar evran var í 75 krónum,“ segir Anton. MYND/HEIDA.IS

# Nóg að gera frá fyrsta degi

**Slippurinn á Akureyri sinnir íslenskum sjávarútvegi og nokkrir Grænlendingar eru komnir þangað í fasta þjónustu með sín skip. Í næsta mánuði er svo von á norskum togara. Anton Benjamínsson er framkvæmdastjóri Slippsins.**

„Ég minnist þess ekki að norskt skip hafi komið hingað í breytingar fyrr en við munum gera talsvert miklar endurbætur á togaranum K. Arctander frá Lofoten í Noregi, meðal annars skipta um allan frystibúnað í honum til að hann samræmist nútíma mengunarstöðlum,“ segir Anton og tekur fram að Kælismiðjan Frost á Akureyri sé þar í samstarfi við Slippinn.

Spurður hvort auðveldara sé að ná í verkefni erlendis frá eftir að gengið breyttist svarar Anton: „Við erum búin að reka þetta fyrirtæki í fimm ár og höfum í raun haft nóg að gera frá fyrsta degi en höfum stigið varlega til jarðar. Uppsveifla vegna lágs gengis íslensku krónunnar er þó minni en ætla mætti. Auðvitað er hægara að keppa við útlönd nú en þegar evran var í 75 krónum en Ísland hefur ekki gott orð á sér út á við og margir halda að hér sé allt í skralli. Útgerðirnar hér heima hafa líka verið fremur varfærnar eftir hrunið. Þær hafa bara verið í þessu venjulega viðhaldi en minna í breytingum á skipum eins og þær voru fyrir nokkrum árum.“

Slippurinn er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar á landinu og þar fjölgaði starfsmönnum úr hundrað í hundrað og þrjátíu á síðasta ári. Í kvínni núna er rannsóknarskipið Póseidon, 67 metra langt skip sem verið er að taka í gegn. Mánabergið er nýfarið niður og liggur við kajann.

Ýmis verkefni leika í höndum starfsmanna Slippsins, sem tengjast bæði sjó og landi. Þeir smíða til dæmis DNG handfæravindur, sem Slippurinn keypti framleiðsluréttinn af fljótlega eftir að hann komst á laggirnar. Anton segir framleiðsluna mest hafa verið til útflutnings fyrstu árin en salan hafi tekið kipp hér innanlands aftur, meðal annars með tilkomu strandveiðanna. *- gun*



Póseidon er rannsóknarskip. Einu sinni hét það Harðbakur.



Börkur Birgisson í framleiðslu á DNG handfæravindunum.



Prentsmiðjan Oddi hefur tekið upp umhverfisstaðla og unnið að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfi og heilsu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Oddi hlýtur Kuðunginn

Prentsmiðjan Oddi hlaut á dögunum Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins, fyrir framlag fyrirtækisins til umhverfismála árið 2009.

Í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu kemur fram að Oddi hafi árum saman unnið eftir ákveðinni umhverfisstefnu, prentsmiðjan hafi tekið upp umhverfisstaðla og unnið að því að lágmarka neikvæð áhrif starfseminnar á umhverfi og heilsu.

Þess má geta að þetta er ekki í fyrsta sinn sem prentsmiðjan er verðlaunuð fyrir framlag sitt til umhverfismála. Oddi hlaut þannig norrænu umhverfisvottunina Svaninn á síðasta ári. Vottunin nær yfir alla prentþjónustu Odda og er fyrirtækið fyrsta prentsmiðjan í heiminum sem hefur hlotið Svansvottun á framleiðslu bylgjukassa.

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra afhenti Þóru Hirst, gæðastjóra prentsmiðjunnar Odda, Kuðunginn við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu.



Sölumiðstöðin hefur ekki enn þá fengið nafn en verður í hjarta bæjarins, með sölu á nytjalist og hönnun.

# Sölumiðstöð á Egilsstöðum

Sölumiðstöð með vörum hönnuða og handverksfólks verður opnuð á Egilsstöðum í byrjun júní, að Miðvangi 1-3. Auglýst er eftir vörum þessa dagana og er þar meðal annars leitað eftir vöruhönnun, nytjalist, skartgripum, fatnaði, keramik, textílhönnun og glerlist.

Gæðaráð mun meta og velja vörur inn í sölumiðstöðina og skila þarf myndum af vörunni eða sýnishornum í síðasta lagi 3. maí en umsóknir eiga að berast á netfangið lv@tna.is eða í pósti á Þorpið, Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir með nákvæmri lýsingu á vörunni. Niðurstaða gæðaráðs mun liggja fyrir 11. maí. *-jma*

# Humar fluttur lifandi til meginlands Evrópu

Flest bendir til að hægt verði að flytja út lifandi trollveiddan leturhumar frá Hornafirði til Suður-Evrópu, að því er fram kemur í niðurstöðum rannsóknaverkefnis sem Frumkvöðlasetur Austurlands, Skinney-Þinganes, Matís, Hafrannsóknastofnun og Promens á Dalvík stóðu að á Hornafirði.

Tilraunir voru gerðar til að hirða lifandi humar um borð í humarbátum sem veiða með trolli, en líka tilraunir til að veiða humar í gildrur í Háfadýpi austan við Vestmannaeyjar. Humarinn var sendur lifandi til meginlands Evrópu og var í góðu ástandi við komu. Reikna má að með þessum aðferðum fáist allt að þrefalt verð fyrir humarinn ef miðað er við frosinn humar. Í greinargerð AVS-sjóðsins segir að þess konar útflutningur sé áhugaverður ef tekst að koma á gildruveiðum á leturhumri sem standi undir sér.

Frá þessu er greint í Fiskifréttum og á vefsíðu AVS.



Reiknað er með að mun hærra verð fáist fyrir lifandi en frosinn humar.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Til mikils er að vinna fyrir fuglamyndir ferðalanga á Tröllaskaga í sumar.

## Milljón í reiðufé fyrir fuglamynd

Matar- og næturgestir á Brimneshóteli í Ólafsfirði í Fjallabyggð geta skráð sig í veglega ljósmyndasamkeppni í sumar. Skilmálar eru þeir að myndin sem skilað er inn sé tekin af lifandi fugli, á Tröllaskaganum, í Hrísey eða Grímsey, frá 15. apríl til 31. ágúst. Vegleg verðlaun verða í boði en hæst ber milljón króna peningaverðlaun sem besta myndin hlýtur. Þátttakendur geta skilað myndinni inn í síðasta lagi 5. september. Skráningargjald er 4.000 krónur og af því renna 1.000 krónur til Fuglaverndar. Nokkrar myndir verða valdar í úrslit og fá þeir ljósmyndarar Tröllafuglaverðlaunin, sem á VESTNORDEN-ferðakynningunni á Akureyri í september. Þar verður aðalsigurvegarinn tilkynntur. *-jma*

# Trúboðar á ferð um landið

**Samtök kristinna bifhjólamanna á Íslandi ætla að ferðast um landið vítt og breitt í sumar og eru Vestfirðirnir í allri sinni dýrð fyrstir á dagskrá.**



„Við ætlum að heimsækja Vestfirði í sumar og menn eru mjög spenntir fyrir ferðinni, enda mótorhjólatíðin rétt gengin í garð," segir Jón Þór Eyjólfsson, varaformaður Trúboðanna, bifhjólasamtaka kristinna manna á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir kalla sig Trúboðana, samtök kristinna bifhjólamanna á Íslandi, sem boða fagnaðarerindi Guðs og eru nú í óðaönn að leggja lokadrög á dagskrá sumarsins. Vestfirðir eru á meðal viðkomustaða en hópurinn hyggst þar fara eftir Arnkötludalsheiði sem var opnuð í haust.

„Menn eru mjög spenntir að prófa eitthvað nýtt og á Vestfjörðum leynast að auki ýmsar náttúruperlur," segir Jón Þór Eyjólfsson, varaformaður Trúboðanna og getur þess að frá stofnun árið 2006 hafi samtökin ferðast mikið innanlands. Á síðasta ári hafi hringurinn til að mynda verið farinn á ellefu dögum og í ár muni leikurinn berast vítt og breitt um landið. „Við ætlum sem sagt að byrja á Vestfjörðunum í ár en svo stendur til að heimsækja Snæfellsnes og sömuleiðis Akureyri. Það er alltaf gaman að koma norður."

Utan þess að njóta íslenskrar náttúrufegurðar og góðs félagsskapar ætlar hópurinn að leggja nokkrum málefnum lið og taka þátt í starfsemi ýmissa safnaða á landinu í sumar. „Við ferðumst ekki bara til skemmtunar heldur höfum við víða lagt okkar af mörkum í kristilegum anda, til að mynda annast gæslu á Kotmóti hvítasunnumanna í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð yfir verslunarmannahelgina," nefnir Jón Þór.

Hann segir trúna og áhugamálið eiga ágæta samleið. Yfir veturinn hittist hópurinn reglulega til að biðja og þegar sumarið nálgist séu mótorhjólin dregin fram. Næst sé keyrsla sem Sniglarnir standa fyrir um helgina áður en haldið verður út á land. „Þetta verður frábært ferðasumar." *-rve*


Sérblaðið Matur

Kemur út laugardaginn 1. maí

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**

Benedikt
• benediktj@365.is
• sími 512 5411

Bjarni Þór
• bjarni thor@365.is
• sími 512 5471

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 512 5439




**Brúin er fyrir ofan Hvalstöðina og Þyril.** MYND/VEGAGERÐIN

## Bláskeggsárbrú opnuð

Bláskeggsárbrú í Hvalfirði var byggð árið 1907 og á hundrað ára afmæli hennar fyrir þremur árum var hafist handa við endurgerð hennar.

Á sumardaginn fyrsta var brúin tekin í notkun á ný. Hún er, líkt og í upphafi, eingöngu ætluð gangandi fólki og ríðandi því hún var byggð fyrir tíma bílsins á Íslandi, síðar var hún reyndar breikkuð og styrkt til að þola vélknúin ökutæki. Brúin er fyrir ofan Hvalstöðina og Þyril og hægt að aka að upplýsingaskilti þar sem stuttur spölur er að brúnni.

Bláskeggsárbrú var fyrsta steinsteypta brúin utan Reykjavíkur. Í fyrstu var talið að hún væri fyrsta járnbenta brúin en svo reyndist ekki vera. Brúin var byggð árið 1907, lengd boga er 6,9 m og breiddin 2,8. Þegar bílaöldin rann upp var brúin breikkuð lítillega og bætt við vængjum á brúna, þessar breytingar voru styrktar með járni í steypunni. Þoldi brúin þá



**Brúin er líkt og í upphafi eingöngu ætluð gangandi fólki og ríðandi.** MYND/VEGAGERÐIN

bílaumferðina og var hún í notkun til ársins 1951.

Við endurgerðina var brúin færð í upprunalegt útlit frá 1907 og var tekið mið af myndum frá Geir Zoëga. Handriðið var til dæmis smíðað eftir þeim. Breikkunin og vængirnir voru teknir af og hleðslur lagaðar.

Endurgerðin var samvinnuverkefni Hvalfjarðarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins og Vegagerðarinnar. Fleiri myndir má sjá á vef Vegagerðarinnar www.vegagerd-in.is. *-sg*

Svíf þú inn í svefninn









RÚM

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfjörður
Sími 555 0397 rum@rbrum.is www.rbrum.is



Draugarnir verða sérstaklega fyrirferðarmiklir á laugardögum í sumar.

# Meiri draugagangur í sumar

Draugasafnið verður opnað 1. maí næstkomandi og verður haft opið um helgar frá klukkan 13-18 þar til sumaropnun gengur í garð og opið verður á virkum dögum.

Miklar endurbætur voru gerðar á safninu þannig að kunnugir safngestir ættu að taka eftir talsverðum breytingum. Það verður óvenjumikill draugagangur á laugardögum og er því talið betra að börn yngri en 14 ára komi frekar á sunnudögum og svo á virkum dögum í sumar. Álfa- og tröllasafnið, sem er á neðri hæð safnsins, verður einnig opnað með endurbótum 1. júní.

Draugasetrið er 1.000 fermetra völundarhús og á ferð um safnið er hlýtt á 24 draugasögur, sem hægt er að fá á ýmsum tungumálum. *-jma*

**● MIKIÐ UM AÐ VERA HJÁ PROMENS** Fyrirtækið Promens Dalvík ehf. hannar og framleiðir hverfissteypt einangruð ker sem nota má undir allar tegundir matvæla sem framleiddar eru í veröldinni. Þar eru einnig framleiddar Sæplast rotþrær og brunnar til fráveitulagna ásamt ýmsum öðrum tegundum af plasttönkum úr pólýetýlen.

Á vef Samtaka atvinnulífsins er greint frá því að mikið sé um að vera hjá Promens þessa dagana. Þar sé unnið allan sólarhringinn og um helgar líka. Þar er haft eftir Daða Valdimarssyni, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, að þrátt fyrir alþjóðlegu efnahagskreppuna gangi salan erlendis vel en innlend eftirspurn hafi minnkað, meðal annars vegna óvissu í sjávarútvegi sem hafi skapast vegna áforma ríkisstjórnarinnar.

Hann segir ekki útilokað að starfsemin á Dalvík verði aukin og verksmiðjan stækkuð en fyrst um sinn verði þó horft til þess að nýta til fulls þann búnað sem er til staðar. Nánar á www.sa.is.





**● LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI** er námsbraut fyrir þá sem vilja búa sig undir starf leiðsögumanns á Íslandi. Námsbrautin hefst í ágúst 2010 og lýkur í lok júní 2011. Námið býðst hvort sem er í staðnámi eða fjarnámi.

Námið er viðurkennt sem aukagrein með ferðamálafræði svo og á hugvísindasviði Háskóla Íslands. Megináhersla er lögð á hagnýta þekkingu á sviði leiðsagnar með ferðamenn. Námið er 60 eininga nám (ECTS) á grunnstigi háskóla og er kennt á tveimur misserum. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi og/eða verkefni áður en sú næsta hefst.

Í lok náms fá þeir nemendur sem lokið hafa öllum námskeiðum skírteini sem vottar þátttöku og frammistöðu í náminu. Leiðsögupróf frá Endurmenntun Háskóla Íslands veitir rétt á fagfélagsaðild í Félagi leiðsögumanna.

**Inntökuskilyrði í námið eru:**

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Gott vald á íslensku.
- Fullt vald á því tungumáli sem umsækjandi hyggst nota í leiðsögn. Standast þarf inntökupróf í tungumálinu.

*Umsóknarfrestur er til 1. júní 2010*


ÍSLENSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA Í 75 ÁR

**VANDAÐAR ÍSLENSKAR INNRÉTTINGAR**

**Eldhús- og baðinnréttingar, fataskápar og fleira**



**Teiknum og gerum föst verðtilboð í allar innréttingar útfærðar eftir þörfum hvers og eins.**

Veljum íslenskt – okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.si.is

AXIS

Smiðjuvegi 9
200 Kópavogi
Sími: 535-4300
Fax: 535-4301
Netfang: axis@axis.is

www.axis.is

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sækjum og sendum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11




# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




Húsfélagaræsting. Gólfbónun. Bónleysing. Teppahreinsun. Hreingerningar. Flutningsþrif og fl.

## Garðyrkja




Jarðtækni-smágröfur-hellulagnir-snjóbræðsla-drenlagnir-jarðvegsskipti. Útvegum öll efni, gerum föst tilboð. Vanir menn. Símar 660 0580 eða 660 0571.

Jarðtækni-smágröfur-hellulagnir-snjóbræðsla-drenlagnir-jarðvegsskipti. Útvegum öll efni, gerum föst tilboð. Vanir menn. Símar 660 0580 eða 660 0571.










**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**
Öll almenn lóðaumhirða. Sláttu-og garðaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

## Bókhald

**FRAMTAL 2010**
**Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verktaka. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.**

**Opið einnig um helgar. Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.**

## Til sölu




**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

**Skattaframtal 2010**
Bókhald,framtöl,stofnunfél,ársreikn.VSK uppgj, erfðarfjárskýrslur o.fl.HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977,framtal@visir.is

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







**GK Trésmíði ehf**
**s. 893 6314**
**Glugga og glerskipti, hurðaísetningar, þakvinna, parketlagnir, mótauppsláttur, ásamt allri viðhaldsvinnu.**
**gktresmidi.is**

**Húsaviðgerðir**
Skiptum um rennur og bárujárn á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315

Málarameistari, múrarar, flísalagnir, parket, svo sem málun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

**N & V Verktakar ehf**
Flísar - parket - gifs- steinslípun - gifsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Ryð og lekavarnir á þökum!**
Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málun á öllum stærðum og gerðum þaka. Varist kostnaðarsamar framkvæmdir. Byggingarfélagið Reisir. S. 773 4441.

## Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.




## Nudd

**NUDD**
Whole body massage. S. 841 8529.

Whole body massage. S. 849 5247.

Fantastic whole body massage S. 692 4599, Maria.

Gott nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264.

## Spádómar







**Spásímar Daddýar**
**846 6364 og**

**908 1888 - 250mín**
**Þegar þér hentar.**

Láttu spá fyrir þér beint á netinu. www.spamidill.is

## Önnur þjónusta



**GreenHouse**
vor -sumarvaran er komin. Verið velkomin að sækja frían bækling. Eldri vara seld með miklum afslætti. Opið í dag þriðjudag 13-19 GreenHouse Rauðagerði 26.

# KEYPT & SELT

## Til sölu







Öryggis- og peningaskápar.

Ísskápur á 15þ. Þvottavélar á 20-30þ. Stór amerískur þurrkari á 30þ. Þurrkari á 20þ. Barkalaus á 30þ., Bílahátalarabox á 5þ. CD á 4þ. Sófar á 10þ. Brauðrist á 2þ. Eldhúsborð á 5þ. Glerborð á 5þ. 28" tv á 10þ. Stólar á 3þ. Grill á 2þ. Teppi á 5þ. Línuskautar á 2þ. Rúm á 5 og 10þ. Flott klukka á 10þ. Stór vaskur á 3þ. Stál bakaraofn á 25þ. Bakaraofn með hellum á 10þ. Eldavél á 15þ. S. 896 8568.

**Rúllugardínur**
Þessar gömlu góðu, margir litir, afgreiðslan opin 14-17. Gluggakappar sf. Reyðarkvísl 12, Ártúnsholti, s. 567 1086.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

Óska eftir lítilli frystikistu. Sími 698 7828.

## Til bygginga




Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfurinn.is

## Verslun






LAGERSALA Á ELDRI VÖRUM!!! 1.000-3.000.kr 1.000-3.000.kr. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir á góðu verði. Uppl í síma 8916447 Óli.

Eðalnudd. Veldu það besta. S. 659 6019.

## NUDD
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## NUDD - AFRICANA - NUDD
## JB HEILSULIND
## S. 445 5000
Algjör nautn, 2ja klukkustunda meðferð 9900.- kr. Nuddari frá Senegal. Tilb. f. 2 skrúbb, heitur pottur, nudd kr. 9900.- kr. Detox úthreinsun f. 2 kr. 9900.- margar teg. nudd. slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf, snyrting. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 JB Heilsulind Skúlagötu 40.

## SPA - DREAM OASIS
**Fáðu kort og nudd frítt.**
NUDD: Heilln., Slökunarn., Skrúbb, Pottur, Sólbekkir og fleira. Símar 567-6666 og 862-0941. http://dreamoasis.magix.net

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
**Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**ALLTFASTEIGNIR**
Fasteignasala og leigumiðlun
www.alltfasteignir.is
**S. 565 1233**
Fasteignir óskast

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu á Bæjarhrauni 16 Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

Stúdíóíbúðir fullbúnar húsgögnum til leigu á Bæjarhrauni 16, Hfj. Uppl. í s. 899 7004.

2 herb. íbúð í 108 Vogahv. fyrir reglus., reykl. og barnlaust par eða einstakl. 78 þ. Eldri en 26 ára. Uppl. í s. 898 7868 milli kl. 13-16.

**SKAMMTÍMALEIGU**
SKAMMTÍMALEIGU-ÍBÚÐIR-RVÍK Í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Til leigu Björt og skemmtileg 55 fm 2ja herb. íbúð á fyrstu hæð í miðbæ Kópavogs. uppl. í s. 554 1238.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Til leigu. Uppl. í S. 866 7511.

## Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð á höfuðborgarsv. á 50-70 þús. Skilvísar greiðslur. Uppl. í s. 615 2205.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Öryggisfélagið**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30 (ca. 73,43% starfshlutfall). íslenskukunnátta skilyrði.(EKKI SUMARSTARF!) kokuhornid@kokuhornid.is S. 866 0060, Ingibjörg**

Bílvogur bifreiðaverkstæði óskar eftir bifvélavirkja í sumarafleysingar en gæti orðið til lengri tíma. Uppl. í s. 564 1180, 864 8459 eða 894 1181

Starfskraftur óskast til Danmerkur sem getur járnad og tamid ísl. hesta, einnig farid í hestaferdir med túrista, svo og alm. bústörf sem fylgja hestamennsku. Uppl. 004522343727 ( ísl.) eda 004523458649 (dk,deuts,english)

Tandoori veitingahús í Skeifunni óskar eftir hressum og ábyrgðarfullum þjónum í hlutastörf. Lágmarksaldur 22 ára. Uppl.s. 552 9100 Kristinn. Milli kl: 09-17 virka daga.

## Atvinna óskast

Italian chef with lots of experience in Iceland and Europe is seeking for work. Can start now. phone 8499811

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið frá kl. 13:00 og frameftir á virkum dögum. Opið allan sólahringin um helgar.**

**908 1616.**

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

- **Vinnusparnaður**
  Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.
- **Markviss leit**
  Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.
- **Þriggja mánaða ábyrgð**
  Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.
- **Ekkert staðfestingargjald**
  Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.
- **Fjöldi hæfra umsækjenda**
  Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.
- **Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
  Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.
- **Reynsla og þekking**
  Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.
- **Sanngjarnt verð**
  Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

**HH RÁÐGJÖF**
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Fundir / Mannfagnaður

HLAÐVARPINN

### Aðalfundur Hlaðvarpands ehf.

Aðalfundur Hlaðvarpands ehf., menningar- og styrktarsjóðs kvenna, verður haldinn miðvikudaginn 6. maí 2010 kl. 17.00, á Hallveigarstöðum við Túngötu. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2009.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.
3. Kosning í stjórn.
4. Kosning endurskoðanda félagsins.
5. Ákvörðun um hvernig fara skuli með tap félagsins.
6. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarkvenna.
7. Önnur mál.

Konur eru hvattar til að nýta rétt sinn sem hluthafar til að mæta á fundinn og kynna sér starfsemi sjóðsins.

Stjórnin

## Atvinna

MENNTASKÓLINN Á TRÖLLASKAGA

### Aðstoðarskólameistari

Laus er til umsóknar staða aðstoðarskólameistara við Menntaskólann á Tröllaskaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, en í síðasta lagi 20. maí 2010.

Aðstoðarskólameistari mun aðstoða skólameistara við uppbyggingu skólans, sinna áfangastjórnun og öðrum stjórnunarstörfum samkvæmt nánara samkomulagi. Í upphafi er gert ráð fyrir 100% starfi við undirbúning skólastarfs. Eftir að kennsla hefst er gert ráð fyrir að starfshlutfall við stjórnun verði 50% á móti kennslu á sínu fagsviði.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, skal aðstoðarskólameistari hafa starfsheitið **framhaldsskólakennari** og **viðbótarmenntun í stjórnun** eða **kennslureynslu á framhaldsskólastigi**.
Leitað er að starfsmanni sem er **leikinn í mannlegum samskiptum** og **sjálfstæður í vinnubrögðum**.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu hafa borist Láru Stefánsdóttur skólameistara í netfangið **lara@mtr.is** eða í pósti:
Menntaskólinn á Tröllaskaga, Ægisgötu, 625 Ólafsfirði í síðasta lagi **10. maí 2010**.
Nánari upplýsingar veitir skólameistari í síma 896-3357.

Skólameistari

Menntaskólinn á Tröllaskaga leggur áherslu á öflugt faglegt nám til stúdentsprófs og framhaldsskólaprófs sem tengjast ferðum og útivist, listum og fisktækni. Skólinn er framhaldsskóli með áfangasniði og leggur áherslu á fjölbreyttar verkefnamiðaðar kennsluaðferðir og margs konar námsmat með sérstakri áherslu á leiðsagnarmat. Skólinn tekur til starfa í ágúst 2010.




# Við leitum að góðu fólki

VÍSIR.IS og Fréttablaðið kynna nýjan og öflugan atvinnu- og raðauglýsingavef

Á vefnum getur þú með einföldum hætti flett í gegnum og skoðað atvinnuauglýsingar Fréttablaðsins. Þú kaupir atvinnuauglýsingu í **Fréttablaðinu** - öflugasta auglýsingamiðli landsins og hún birtist frítt í heila viku á einum stærsta vefmiðli landsins – VÍSIR.IS

**ALLT ATVINNA fylgir helgarblaði Fréttablaðsins... og birtist á VÍSIR.IS í viku**




+



FRÉTTABLAÐIÐ

VÍSIR.IS
...ég sá það á vísir.is




**Hringdu í síma**
# 512 50 60
**ef blaðið berst ekki**





512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Marheiður Viggósdóttir**

frá Siglufirði,
Hverfisgötu 47, Hafnarfirði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði sunnudaginn 25. apríl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Ásdís Guðmundsdóttir** **Birgir Sigmundsson**
**Bjarney Guðmundsdóttir** **Bjarni Guðjónsson**
**Guðlaug Guðmundsdóttir** **Jón Alfreðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lára Loftsdóttir**

frá Bólstað í Steingrímsfirði,

lést á Hrafnistu Reykjavík 21. apríl.

Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 28. apríl kl. 13.00.

**Pálfríður Benjamínsdóttir** **Hákon Örn Halldórsson**
**Sóley B. Frederiksen** **Lindy Ottosen**
**Jörgen Pétursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Alda Þórarinsdóttir,**

Hólum 15, Patreksfirði,

sem lést sunnudaginn 18. apríl, verður jarðsungin frá Patreksfjarðarkirkju, laugardaginn 1. maí kl.14.00.

**Árni Halldór Jónsson**
**Hrönn Árnadóttir** **Guðmundur Ólafur Guðmundsson**
**Þór Árnason** **Sigríður Einarsdóttir**
**Dröfn Árnadóttir** **Einar Jónsson**
**Jón Bessi Árnason** **Guðrún Gísladóttir**
**Sævar Árnason** **Elena Alda Árnason**
**Stefanía Heiðrún Árnadóttir** **Valgeir Ægir Ingólfsson**
**Brynja Árnadóttir** **Guðmundur Aðalsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Rósa María Þóra Guðmundsdóttir,**

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á Sjúkrahúsi Akraness föstudaginn 23. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 30. apríl kl. 14.00.

**Guðmundur Vésteinsson** **Málhildur Traustadóttir**
**Vésteinn Vésteinsson** **Elínborg Bessadóttir**
**Grétar Vésteinsson** **Gyða Ólafsdóttir**
**Sigurður Vésteinsson** **Hafdís Karvelsdóttir**
**Bjarni Vésteinsson** **Steinunn Sigurðardóttir**
**Viðar Vésteinsson** **Guðrún Lovísa Víkingsdóttir**
**Auður Vésteinsdóttir** **Sveinn K. Baldursson**
**Anna Margrét Vésteinsdóttir** **Höskuldur E. Höskuldsson**
**Guðbjörg Vésteinsdóttir** **Sveinbjörn M. Njálsson**
**Árni Þór Vésteinsson** **Ingibjörg Rögnvaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**





†

*Okkar ástkæru, dóttir mín og tengdasonur, foreldrar okkar, tengdaforeldrar, afi, amma, langafi og langamma,*

**Haukur Hafsteinn Gíslason**

rakari, Garðavík 3, Borgarnesi,

sem lést á Sjúkrahúsi Akraness, þriðjudaginn 20. apríl 2010 og

**Hanna Þóranna Samúelsdóttir**

húsmóðir, Garðavík 3, Borgarnesi,

sem lést á Sjúkrahúsi Akraness, miðvikudaginn 21. apríl 2010, verða jarðsungin frá Langholtskirkju, fimmtudaginn 29. apríl, kl. 13.00.

**Margrét Hannesdóttir**
**Bryndís G. Hauksdóttir Hauth** **Ólafur G. Gunnarsson**
**Ellý Hauksdóttir Hauth** **Jón Viðar Gunnarsson**
**Gísli Friðrik Hauksson** **Ragnheiður K. Óladóttir**
**Samúel Smári Hreggviðsson** **Sigríður Kr. Jóhannsdóttir**
**Ólafur Magnús Hreggviðsson**
**Guðgeir Veigar Hreggviðsson** **Sigrún Gestsdóttir**
**Margrét Dögg Hreggviðsdóttir** **Hallgrímur Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásdís Andrésdóttir Arnalds,**

Kleppsvegi 4, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 25. apríl.

**Sigurður St. Arnalds** **Sigríður María Sigurðardóttir**
**Andrés Arnalds** **Guðrún Pálmadóttir**
**Sigrún Jóhannsdóttir**
**Ólafur Arnalds** **Ása Lovísa Aradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Árnason,**

Hallakri 1, Garðabæ,

lést á Landspítalanum Hringbraut mánudaginn 26. apríl.

Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 30. apríl klukkan 13.00.

**Guðný Jónasdóttir**
**Hilmir Þór Gunnarsson** **Steinunn Lund Níelsdóttir**
**Jónína Gunnarsdóttir** **Guðni Magnús Ingvason**
**Gunnar Már Gunnarsson** **Laufey Þórarinsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær bróðir okkar,*

**Kristjón Pálmarsson,**

Tobbakoti, Þykkvabæ,

lést laugardaginn 24. apríl. Útför auglýst síðar.

**F. h. aðstandenda,**
**systur hins látna.**

**FERDINAND MAGELLAN (1480 -1521) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Kirkjan segir að jörðin sé flöt, en ég veit að hún er hnöttótt því ég hef séð skugga á tunglinu. Ég hef meiri trú á skugga en kirkjunni.“*

***Ferdinand Magellan var portúgalskur landkönnuður sem var drepinn þegar hann var hálfnaður á ferð sinni umhverfis jörðina.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FRUMKVÖÐULLINN** „Ég hvet alla áhugasama lagahöfunda til að senda inn lag. Það þarf bara að tengjast Vestfjörðum á einhvern hátt,“ segir Magnús. MYND/ÚR EINKASAFNI

SÖNGLAGAKEPPNI VESTFJARÐA: HALDIN Í FYRSTA SINN

## Vestfirsk lög vantar

„Þetta er búið að blunda með mér í nokkur ár,“ segir Magnús Hávarðarson, tölvu-og kerfisfræðingur á Ísafirði og frumkvöðull að vestfirsku sönglagakeppninni sem nú er að fara í gang í fyrsta sinn. „Ég tek eftir því að það vantar vestfirsk lög. Oft eru spiluð lög með BG og Ingibjörgu þegar tekið er fram að leikin er vestfirsk tónlist og þau eru auðvitað fín en það mætti fara að heyrast eitthvað nýrra.

Keppnin er ekki ætluð Vestfirðingum eingöngu að sögn Magnúsar heldur er verið að sverma fyrir tónlist frá öllu landinu. Þegar eru komin inn nokkur lög en skilafrestur rennur út á miðnætti 30. apríl. Sérstök valnefnd, skipuð fagfólki, mun velja lög til flutnings á úrslitakvöldunum sem verða tvö, annað á suðursvæði Vestfjarða og hitt á Ísafirði. Magnús segir sérstaka hljómsveit verða setta saman til undirleiks fyrir söngvara er valdir verða í samráði við höfund laganna. „Samkvæmt okkar villtustu draumum verður jafnvel gefinn út heill diskur með þeim lögum sem komast í úrslit. Að minnsta kosti verður sigurlagið gefið út í einhverri mynd,“ segir Magnús en segir þó málið aðeins þurfa að þróast. „Við verðum að sjá til hvað kemur af lögum og í hvaða gæðaflokki,“ segir hann.

Magnús hefur verið viðriðinn vestfirskar hljómsveitir í áratugi en segir þekktasta bandið sem hann hafi spilað í líklega vera Kan sem átti sveitfesti í Bolungarvík. „Ég var gítarleikari í Kan og átti einhver lög á plötunni sem við gáfum út 1984,“ rifjar hann upp. „Ég tek þátt í hljómsveitum sem eru settar upp hér fyrir vestan og hef gert alla tíð. Þetta er baktería sem er erfitt að losna við.“ Magnús kveðst hafa samið talsvert í seinni tíð og upplýsir að vera með plötu í vinnslu sjálfur með lögum eftir sig og textum eftir sig og aðra. „Ég er að vinna að þessu í samstarfi við góða aðila hér, þar á meðal Hrólf Vagnsson, sem er mikill músíkant,“ segir hann.

Margir þekktir popparar eru að vestan. Má þar nefna Mugison og Helga Björns auk þess sem hljómsveitin Grafík var ísfirsk hljómsveit. Magnús nefnir líka Rúnar Þór, Villa Valla og auðvitað Baldur Geirmundsson, sjálfan BG. Býst hann við lögum í keppnina frá þessum kempum? „Það væri auðvitað mjög gaman,“ viðurkennir hann. „Ég hvet að minnsta kosti alla áhugasama lagahöfunda til að senda inn lag. Við erum ekkert með sérstaka músíkstefnu sem við erum að fiska eftir, heldur bara alls konar tónlist. Hún þarf bara að tengjast Vestfjörðum á einhvern hátt.“

gun@frettabladid.is



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi,*

**Óttar Kjartanson**

kerfisfræðingur,

lést á líknardeildinni í Kópavogi laugardaginn 17. apríl. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju í dag, þriðjudaginn 27. apríl og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Jóhanna Stefánsdóttir, Oddný Kristín Óttarsdóttir,**
**Kjartan Sævar Óttarsson og Karen Birta Kjartansdóttir**

# VALUR! TIL HAMINGJU MEÐ N1 TITILINN

N1 DEILDIN

N1 ÓSKAR VALSSTÚLKUM OG STUÐNINGSFÓLKI ÞEIRRA INNILEGA TIL HAMINGJU MEÐ ÍSLANDSMEISTARA-TITILINN Í HANDKNATTLEIK KVENNA

Um leið þökkum við hinum liðunum sem tóku þátt í mótinu og starfsfólki HSÍ fyrir ánægjulegt samstarf. Einnig hvetjum við fólk til að mæta og hvetja sína menn í úrslitakeppni karla sem nú stendur yfir.

Fíton/SÍA



WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

www.soguslodir.is

**SÖGUSLÓÐIR 2010**

**sögumaður og/eða sýndarveruleiki?**

**Þjóðmenningarhúsinu, 29. apríl kl. 13.00-17.00**

**Málþing Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu (SSF)** í samvinnu við **Nýsköpunarmiðstöð Íslands.** Fjallað verður um mögulegt samspil lifandi sagnamennsku og margmiðlunartækni við þróun menningar- og söguferðaþjónustu á Íslandi. Belgískum gestafyrirlesara, með mikla reynslu af stórum Evrópuverkefnum á sviði menningarferðaþjónustu og sérfræðingur í margmiðlunarþróun, er boðið til ráðstefnunnar. Auk þess munu úrvalsfyrirlesarar frá Íslandi taka þátt. **Félagar í Samtökum um sögutengda ferðaþjónustu kynna starfsemi sína frá kl. 12.00 og í hléum.**

DAGSKRÁ

13.00 **Ávarp.** Berglind Hallgrímsdóttir, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

13.10 **Segðu mér sögu.** Rögnvaldur Guðmundsson, formaður SSF.

13.20 **The Interactive Storytelling and Virtual Reality for Heritage Tourism.** Daniel Pletinckx, margmiðlunarfyrirtækinu Visual Dimensions, Belgíu.

*14.00 Kaffihlé*

14.30 **Margmiðlunartækni í menningarferðaþjónustu á Íslandi.** Hringur Hafsteinsson, Gagarín ehf.

14.50 **Snjallsögumaðurinn. Sálfvirk leiðsögn fyrir snjallsíma.** Leifur Björn Björnsson, Locatify ehf.

15.10 **Let´s talk storytelling**Anna Bergljót Thorarensen, leikhópnum Kraðak.

*15.30 Kaffi og með því*

16.10 **Sagnamennska í leikskóla og grunnskóla.** Berglind Ósk Agnarsdóttir, leikskólakennari og sagnaþulur.

16.30 **Sagan um Auði.** Vilborg Davíðsdóttir, rithöfundur.

16.50 **Samantekt.** Skúli Björn Gunnarsson, Skriðuklaustri.

**Fundarstjóri:** Þorbjörg Arnórsdóttir, Þórbergssetri.

**Málþingsgjald: 4.000 kr.** **Gjald fyrir nemendur og félaga í SSF: 2.000 kr**

**Skráning:** Ásborg Arnþórsdóttir, ritari SSF **asborg@ismennt.is**

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

# Æskan og óttinn

**BAKÞANKAR**
**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**



Með undarlegri tímabilum fremur áhyggjulausrar barnæsku minnar var sumarið þegar ég var ellefu ára. Á þessum tíma var yfirvofandi Suðurlandsskjálfti í umræðunni. Sjónvarpið sýndi almannavarnamyndbönd um hvernig bregðast skyldi við ef jörðin tæki að skjálfa undir fótum manns og gáfulegir vísindamenn komu fram í fréttum og sögðu „það er ekki spurning hvort, heldur hvenær hann kemur“.

**SUÐURLANDSSKJÁLFTINN** breyttist í skrímsli í höfðinu á mér. Og þetta skrímsli tók sér bólfestu á heilanum á mér. Heilu næturnar lá ég andvaka, svitnaði köldum svita við að hugsa um hvernig ég og allt mitt fólk myndum kremjast undir húsarústum og týna lífinu.

**OG** ég fékk martraðir í vöku á meðan ég passaði litla óvitann hana systur mína á daginn. Ég spurði mömmu ítrekað hvernig ég ætti að bregðast við þegar skjálftinn riði yfir. Hvað ef ég væri úti í garði? En úti á leikvelli? Og kannski ofan í sandkassanum með litlu systur með mér? Mamma svaraði mér samviskusamlega en grunaði ekki hvaða hugsanir bærðust innra með mér. Ég hélt þeim fyrir mig, eins og ég óttaðist að þær yrðu að veruleika ef ég hleypti orðunum út.

**Í** minningunni varði þetta ástand í heilt sumar. Sennilega er vika nærri lagi. En óttinn var ekta, næstum áþreifanlegur. Ég hef aldrei fundið svona sterkt fyrir honum síðan.

**ÞEGAR** Suðurlandsskjálftinn svo reið yfir, mörgum árum seinna og svo miklu vægari en hann hafði verið í martröðum mínum, vissi ég ekki alveg hvernig mér átti að líða. Það eina sem ég upplifði var að hávaxinn kaktus dúaði fyrir augunum á mér, svolítið eins og mig svimaði. Svo var það búið.

**HVER** kynslóð hefur sína ógn til að lifa með. En ég er hrædd um að börn í dag hafi alltof margar til að velja úr. Nú keppast allir við að minna á Kötlu. Það sé ekki spurning um hvort heldur hvenær hún gjósi. Það verði sko svakalegt! Ef náttúruöflin duga ekki til að hræða líftóruna úr krökkunum getur tal um ævilangt skuldafangelsi og fátækt gert sama gagn.

**FORELDRAR** ættu að sleppa því að taka blöðin úr lúgunni á morgnana og láta krakkana sína frekar lesa Andrésblað yfir morgunmatnum. Skipta svo sjónvarpsfréttunum út fyrir rólega dinnertónlist undir kvöldmatnum. Og ekki segja börnum kreppubrandara! Ég hef heyrt nokkra pabba gera það og hlæja tryllingslega sjálfir. Börnin hlæja ekki með en verða skrýtin í framan og fá fjarrænt blik í auga. Þetta blik þekki ég vel. Það boðar ekki gott.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Hreint loft með cleanaer

nýtt

Tea Tree ilmur

Sótthreinsandi virkni sem drepur 99.9% af bakteríum og vírusum meðal annars svínaflensu H1N1 vírusinn.

VORTILBOÐ 9.995
FULLT VERÐ 12.995

Tea Tree hylki fylgir frítt með!

THE BRITISH ALLERGY FOUNDATION SEAL OF APPROVAL

- Hreinsar loft með sérstakri jónatækni
- Minnkar ryk og lykt í andrúmsloftinu
- Minnkar frjókorna- og dýraofnæmi
- Vottað af bresku ofnæmissamtökunum
- Hreinsar allt að 56m3 rými

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# Já, Dorrit

Leikhús

**Nei, Dorrit!**

Mánudagsleikhúsið á sunnudagskvöldi í Iðnó

Stuttur leikþáttur byggður á viðtali forsetahjónanna sem Joshua Hammer tók fyrir Condé Nast Portfolio. **Leikgerð:** Þórarinn Leifsson. **Leikarar:** Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Snorri Ásmundsson, Davíð Þór Jónsson, Kristín Anna Valtýsdóttir, Guðrún Ásmundsdóttir. **Hljóðmynd:** Ragnar Kjartansson og Davíð Þór Jónsson. **Aðstoðarleikstjóri:** Þorsteinn Bachman. **Leikstjóri:** Auður Jónsdóttir.

Að sviðsetja viðtal er frábær hugmynd. Umgjörðin er myndlistarverk sem gott er að hvíla augun á. Orðin sem sögð eru hríslast niður í kokið á áhorfendum sem geta ekki annað en hlegið þótt hálf skömmustuleg tilfinning fylgi þar með. Þau sitja við borð og viðtalið virðist hafa tekið þó nokkuð marga klukkutíma því af og til dottar hinn ráðvillti forseti og á meðan spjalla frúin og blaðamaðurinn um þessa þjóð og þennan forseta og þetta bankahrun og það líf sem hún lifir í þessu landi sem hún hafði aldrei séð fyrr en hún fylgdi Ólafi þangað.

Snorri Ásmundsson, sem er gjörningalistamaður, fer með hlutverk Ólafs í leiknum og þó svo að hann sé svolítið óskýrmæltur er stirðbusahættinum og vélrænunni vel komið til skila. Guðrún Ásmundsdóttir læðist af og til inn og hellir víni í glös Dorritar og blaðamannsins meðan skýrt er sýnt að forseti vor drekkur aðeins vatn. En þótt hann drekki vatn er hann samt eins og ölvaður. Meðhlæjendur geta orðið hífaðir og stundin verður áfeng eins og vín eins og stendur í



kvæðinu. Ásdís Sif Gunnarsdóttir er eins ólík Dorrit eins og hugsast getur og það var gott, það gerði fáránleikann stærri. Hér er um myndbrot úr raunveruleikanum að ræða. Davíð Þór Jónsson fer með hlutverk blaðamannsins. Hann heldur ætlun sinni allan tímann og hundurinn litli sem talar mannamál í meðförum Kristínar Önnu Valsdóttur undirstrikar orð Dorritar á skemmtilegan hátt. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Ótrúlega góð hugmynd, en ekki eins gott leikrit.



**TÓNLIST** Kristskirkja í Landakoti er rómuð fyrir hljómburð sinn til söngs.

# Kammerkór í Kristskirkju

Í kvöld verða tónleikar í Kristskirkju í Landakoti og hefjast kl. 20. Þeir bera yfirskriftina „María drottning, mild og skær“ og þar kemur fram Kammerkór Reykjavíkur undir stjórn Sigurðar Bragasonar. Einsöngvarar koma úr röðum kórfélaga. Á efnisskránni er íslensk og erlend kirkjutónlist.

Elsta íslenska verkið sem er á efnisskránni er álitið vera frá 1524 og tengist því kaþólskri trú á Íslandi. Einnig verða frumflutt tvö verk eftir stjórnanda kórsins við ljóð eftir Jón Arason, biskup á Hólum. Þá eru verk eftir Pál Ísólfsson, Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson, Jakob Hallgrímsson og fl. Á efnisskránni er einnig alþjóðleg kirkjutónlist m.a. eftir Wolfgang Amadeus Mozart og Franz Liszt. Efnisskráin tengir að vissu leyti saman íslenska og erlenda kirkjutónlist sem samin er í kaþólskum og lúterskum sið.

Kammerkór Reykjavíkur var stofnaður 27. febrúar 2002. Kórinn hefur haldið tónleika í Reykjavík og víða um land. Hann starfaði til ársins 2006 undir stjórn Sigurðar Bragasonar. Veturinn 2006-2007 stjórnaði Björn Thorarensen kórnum. Eftir tveggja ára hlé hóf kórinn aftur starfsemi haustið 2009 undir stjórn Sigurðar Bragasonar. **- pbb**

# Hádegi í Hafnarfirði

**Í dag verða hádegistónleikar í Hafnarfjarðarkirkju. Þeir hefjast kl. 12.15-12.45. Douglas Brotchie, organisti Háteigskirkju í Reykjavík, flytur fjölbreytta og fagra barokktónlist á Wegscheider-orgel kirkjunnar. Á efnisskrá eru verk eftir Otto Olsson (1879-1964), Johann Pachelbel (1653-1706), : Georg F Kaufmann (1679-1735), Johann Caspar Kerll (1627-1693), og Georg Muffat (1653-1704): Tónleikunum var aflýst í mars vegna veikinda. Listamaðurinn hefur sérstaklega valið efnisskrána með tilliti til hljóms þessa einstaka hljóðfæris sem er í upprunalegum þýskum mið-átjándu aldar stíl. Orgelsmiðurinn Kristian Wegscheider í Dresden þykir fremsti sérfræðingur heims um þessar mundir í smíði og endurgerð upprunahljóðfæra af þessari gerð.**

**Dr. Douglas Brotchie er fæddur í Skotlandi, orðinn Íslendingur eftir meira en 25 ára dvöl hér á landi og býr í Mosfellsbæ. Hann er organisti og kórstjóri Háteigskirkju, hefur komið fram sem einleikari á tónleikum víða um Ísland, í Skotlandi, Ungverjalandi og í Þýzkalandi og hefur spilað inn á fjölda geisladiska. - pbb**



**TÓNLEIKAR** Douglas Brotchie leikur síðbarokk í hádeginu.




## > NÁTTÚRULEGA UNG

Leikkonan **Demi Moore** hefur ávallt þrætt fyrir að hafa nokkurn tímann lagst undir hnífinn til að halda unglegu útliti. Nýlega sagðist hún aldrei hafa litað á sér hárið, enda væri gráu hárin svo fá að hún gæti plokkað þau burt.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Mamma saumar umslagið

„Mamma er ansi afkastamikil í saumaskapnum,“ segir tónlistarmaðurinn Skúli mennski.

Hann gaf nýlega út sína fyrstu sólóplötu, Skúli mennski og hljómsveitin Grjót, og hefur móðir hans hjálpað honum að sauma umslagið, sem er úr gallabuxnaefni. „Hún er alltaf tilbúin að aðstoða son sinn við eitthvað uppbyggilegt. Ég hef verið að sníða ofan í hana. Ég sauma örlítið sjálfur og ætla að gera meira ef þörf krefur, sem vonandi verður,“ segir hann. Mæðginin hafa þegar saumað tvö hundruð eintök en geisladiskurinn sjálfur var prentaður í eitt þúsund stykkjum.

Á útgáfudegi plötunnar spilaði Skúli á fjórtán stöðum í Reykjavík til að kynna plötuna. Lokatónleikarnir voru á Rosenberg um kvöldið. „Þetta gekk rosa vel. Það var vel af þessu látið alls staðar sem ég kom,“ segir Skúli.

Nýja platan hans hefur að geyma tíu þægileg djass- og blússkotin lög í amerískum þjóðlagastíl og eru þau öll eftir Skúla. Hann er uppalinn á Ísafirði og heldur tónleika þar 26. maí til að kynna plötuna. Næstu tónleikar hans í Reykjavík verða á Horninu í Hafnarstræti á miðvikudag. Þar kemur einnig fram Gísli Rúnar Harðarson. - fb



**UMSLAGIÐ** Umslag plötunnar er úr gallabuxnaefni og hefur mikil vinna farið í gerð þess.



**SKÚLI MENNSKI** Saumar umslag nýju plötunnar, Skúli mennski og hljómsveitin Grjót, með mömmu sinni. MYND/JULIA STAPLES

# Simon í megrun

Simon Cowell er nú í strangri megrun fyrir væntanlegt brúðkaup sitt í sumar og fylgist unnusta hans, förðunarfræðingurinn Mezhgan Hussainy, vel með gangi mála. Samkvæmt heimildarmönnum er Cowell mjög upptekinn af holdafari sínu og innbyrðir aðeins ávaxtadrykki í öll mál. Nýlega sást til Cowells og unnustu hans þar sem þau deildu með sér litlum fiskiforrétti á veitingastað en slepptu aðalréttinum.

Parið kynntist við tökur á American Idol-sjónvarpsþáttunum þar sem Hussainy starfar sem sminka, þau trúlofuðu sig í febrúar á þessu ári.



**SÖNG FYRIR GESTI** Emilíana Torrini söng fyrir gesti með aðstoð gítarleikarans Péturs Hallgrímssonar. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá gengur Emilíana með fyrsta barn sitt.


Hugarfar
Félag fólks með heilaskaða og aðstandenda þess

**Aðalfundur Hugarfars verður haldinn í Hátúni 10, 105 Reykjavík, í dag þriðjudaginn 27. apríl kl. 20:00.**

Dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf en undir liðnum önnur mál mun Auður Axelsdóttir frá Hugarafli segja frá sínu félagi og niðurstöður skoðanakönnunar sem Hugarfar stóð fyrir verða kynntar.

**Stjórnin**


# Vel heppnað kokkteilboð

**Um 170 manns mættu í kokkteilboð sem Útón hélt í Los Angeles til að kynna íslenska tónlist fyrir Bandaríkjamönnum. Emilíana Torrini söng þar fimm lög við góðar undirtektir.**

Boðið var haldið á heimili Lanette Phillips, sem er einn virtasti framleiðandi tónlistarmyndbanda í heiminum. Tilgangurinn var að kynna íslenska tónlist fyrir þeim sem koma tónlist að í kvikmyndum, auglýsingum og sjónvarpsþáttum í Bandaríkjunum. Mætingin í boðið var enn betri en í fyrra þegar það var haldið í fyrsta sinn. Þá var Jónsi í Sigur Rós hálfgerður fulltrúi íslenskrar tónlistar á svæðinu en í þetta sinn var það Emilíana Torrini og stóð hún sig með miklum sóma. Á meðal erlendra gesta var Eric Grunbaum, sem er yfirmaður Media Arts Lab, fyrirtækis sem býr til allar auglýsingar fyrir Apple. Einnig var þar Dilly Gent sem framleiddi Live Earth-verkefnið sem Al Gore stóð fyrir. Að auki hefur hún unnið með hljómsveitinni Radiohead við myndbandagerð. freyr@frettabladid.is



**GESTGJAFINN** Lanette Pillips ásamt Safta Jaffrey sem uppgötvaði hljómsveitina Muse og rekur umboðsskrifstofu fyrir upptökustjóra.



**ÁSAMT ERIC OG DILLY** Emilíana Torrini ásamt Eric Grunbaum, yfirmanni hjá markaðsfyrirtæki Apple, og framleiðandanum Dilly Gent.


ÚTSÖLU MARKAÐURINN
LOKADAGAR!
VERÐHRUN · VERÐHRUN · VERÐHRUN ·
VERÐIÐ Í ALGJÖRU RUGLI!
AÐEINS TVÖ VERÐ!
500,-
1.000,-
Hlíðasmári 14 - Kópavogur
Opið 12 - 18 alla daga
next


# 92 lög keppa í Þorskastríðinu

„Þetta er stórglæsilegt að fá svona mikinn fjölda,“ segir Jón Þór Eyþórsson hjá Cod Music. Lokað var fyrir innsendingar á efni í lagakeppnina Þorskastríðið 2010 um síðustu helgi og tóku alls 92 flytjendur þátt. Í fyrra tóku 135 flytjendur þátt í keppninni en þá mátti syngja á hvaða tungumáli sem er. Rúmlega 30 lög voru þá á íslensku og því er fjölgunin mikil í ár á íslensku lögunum. „Ég hefði verið sáttur við 40 til 50 lög. Ég bjóst ekki við að fá mikið meira en það,“ segir Jón Þór. Hann bætir við að innsendu lögin séu af ýmsum toga. „Eins og venjulega er þetta öll flóran og allar stefnur. Þarna inni eru nýgræðingar og aðrir sem hafa verið í tónlist í mörg, mörg ár.“

Dómnefnd fer nú yfir öll lögin og verður sigurvegari kynntur í beinni útsendingu á Rás 2 á föstudaginn. Auk Jóns Þórs sitja í dómnefndinni Ólafur Páll Gunnarsson og Matthías Már Magnússon frá Rás 2 og Jón Týril, framkvæmdastjóri G Festival.

Í verðlaun eru hljóðverstímar til að fullklára þrjú lög, ársbirgðir af þorskalýsi og svo verður sigurveganum flogið til Færeyja þar sem hann mun koma fram á tónlistarhátíðinni G festival 15. til 17. júlí. - fb



**MYSTERIOUS MARTA** Mysterious Marta vann síðasta Þorskastríð. Nýr sigurvegari verður kynntur á föstudaginn.



Sjóðheitt sumar
cougar town
Matarást með Rikku
Lie to me
Grey's Anatomy
STEINDINN OKKAR
DANCE
glee
LATIBÆR
MONK
Marley & Me
MENTALIST
Magnaður maí á Stöð 2
Frábært sumartilboð
Stöð 2 og Stöð 2 Extra á aðeins
6.320 kr á mánuði í þrjá mánuði
ef greitt er með VISA Kreditkorti.
VISA
Það er ódýrara að ferðast heima í sumar
skemmtilegri

NÝTT Í BÍÓ!







**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE LÚX | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | L |
| DATE NIGHT | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | kl. 3.40 | L |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 | 10 |
| BOUNTY HUNTER | kl. 10.15 | 7 |

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| DATE NIGHT | kl. 10 | 10 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 6 - 8 | L |

facebook.com/smarabio

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| DAS WEISSE BAND | kl. 5.20 - 8 | 14 |
| THE CRAZIES | kl. 10.20 | 16 |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 10.30 | 12 |
| DEAR JOHN | kl. 5.40 - 8 | L |
| KÓNGAVEGUR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

DAS WEISSE BAND ER Á BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| BLACK DYNAMITE | kl. 10.15 íslenskur texti | 16 |
| HACHIKO: A DOGS STORY | kl. 10 íslenskur texti | L |
| CRAZY HEART | kl. 5.45 - 8 íslenskur texti | L |
| UN PROPHÉTE | kl. 6 - 9 enskur texti | 16 |
| ONDINE | kl. 5.50 íslenskur texti | 12 |
| IMAGINARIUM OF DR. P... | kl. 5.45 íslenskur texti | 12 |
| DIALOG | kl. 8 íslenskur texti | L |
| THE LIVING MATRIX | kl. 10 íslenskur texti | L |
| MOON | kl. 8 íslenskur texti | 10 |

SÝNINGARTÍMA BÍÓDAGA ER AÐ FINNA Á MIDI.IS

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




ÞRIÐJUDAGAR ERU TILBOÐSDAGAR




**LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | 8 og 10.10 | 12 |
| THE CRAZIES | 10 | 16 |
| THE SPY NEXT DOOR | 6 | L |
| DATE NIGHT | 8 | 10 |
| I LOVE YOU PHILLIP MORRIS | 8 og 10 | 12 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D | 6 | L |
| NANNY MCPHEE THE BIG BANG | 5.50 | L |




**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| SHE'S OUT OF MY LEAGUE | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| KICK ASS | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 14 |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| CLASH OF THE TITANS | kl. 5:40 | VIP |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50(3D) | L |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE BLIND SIDE | kl. 8 | 10 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:30 | 12 |

**SAMBÍÓIN SELFOSSI**

| | | |
|---|---|---|
| DATE NIGHT | kl. 8 - 10 | 10 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8 - 10 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| INVICTUS | kl. 5.30 | L |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| KICK ASS | kl. 5:50 - 8:10D - 10:40D | 14 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CLASH OF THE TITANS 3D | kl. 8:10(3D) - 10:30(3D) | 12 |
| HOT TUB TIME MACHINE | kl. 8:10 - 10:30 | 12 |
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ensku. Tali | kl. 6(3D) | L |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| HOW TO TRAIN YOUR DRAGON 3D ísl. | kl. 6 | L |
| CLASH OF THE TITANS - 3D | kl. 8 | 12 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| KICK ASS | kl. 8 - 10:20 | 14 |
| MEN WHO STARE AT GOATS | kl. 10:20 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR


# Dúndrandi diskóbolti

Kvikmyndir ★★★

**Black Dynamite**

Leikstjóri: Scott Sanders

**Aðalhlutverk:** Michael Jai White, Salli Richardson-Whitfield, Tommy Davidson. Sýnd á Bíódögum Græna ljóssins.



Í kringum 1970 gerðist fólk af afrískum uppruna frekt til fjörsins í Hollywood og í kjölfarið spratt upp ansi hreint skemmtileg kvikmyndagrein sem kennd er við „blaxploitation". Myndir eyrnamerktar hugtakinu skörtuðu hörundsdökkum leikurum í öllum helstu hlutverkum auk þess sem tónlist, talsmáti og flest annað var sótt beint í menningarheim afrískættaðra Ameríkana.

Þeldökku diskókempurnar voru ægilegir töffarar sem stóðu flestum bleiknefja bíóhetjum framar. Þeir voru harðari, betri elskhugar, rifu kjaft helmingi hraðar og slógust og munduðu frethólka sem ofurmenni væru.

Þekktasti „blaxploitation"-kappinn er ofurlöggan Shaft sem fór mikinn í síða leðurjakkanum sínum og gekk milli bols og höfuðs rumpulýðs, í nokkrum myndum, allt frá Harlem til Afríku. Í Black Dynamite er brugðið hressilega á leik og gömlu „blaxploitation"-myndunum er sunginn fyndinn óður um leið og góðlátlegt grín er gert að kvikmyndagreininni.

Black Dynamite er einhver sá ægilegasti harðhaus sem sögur fara af. Hann er skjótari en skugginn að skjóta eða lemja menn í spað, getur fullnægt heilu kvennabúri í einni lotu og er mikill kung-fu-meistari. Hann er líka fyrrverandi CIA-maður en virðist helst hafa í sig og á með handrukkunum þegar hér er komið við sögu.

Þegar bróðir hans er drepinn hrekkur kallinn í gamla gírinn, fær aftur leyfi frá CIA til að drepa og hreinsar til í undirheimunum um leið og hann sópar öllu dópi af götunum. Allt er þetta gert með ægilegum ýkjum og yfirgengilegum töffaraskap og á slíkum hraða að varla finnst dauður punktur í myndinni sem er þar fyrir utan ansi hreint fyndin.

Undir þessum ósköpum dunar geggjuð tónlist áttunda áratugarins og myndin er öll löðrandi í dásamlegri „seventís" stemningu með tilheyrandi klikkuðum hárgreiðslum, rúllukragapeysum, berbrjósta píum og mögnuðum leðurjökkum.

Maður getur eiginlega ekki beðið um mikið meira og ég er illa svikinn ef þessi mynd kveikir ekki löngun hjá einhverjum eftir því að finna gömlu Shaft-myndirnar með Richard Roundtree og elta Pam Grier og fleira gott fólk uppi á meðan það var í toppformi.

**Þórarinn Þórarinsson**

**Niðurstaða:** Bráðskemmtilegur og eitursvalur snúningur í léttum dúr á blökkumannamyndunum sem gerðu garðinn frægan upp úr 1970. Hröð keyrsla og magnaðar ýkjur í stíl og slagsmálum gera þetta að fyrirtaks skemmtun.




# TAKTU SKREFIÐ



# SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

- umsóknarfrestur til 1. júní

## NÁMSBRAUTIR SEM HEFJAST Í HAUST:

Einnig í fjarnámi **LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI**

**GÆÐASTJÓRNUN**

**MATSFRÆÐI**

**PEDAGOGISTA**

**VERKEFNASTJÓRNUN – LEIÐTOGAÞJÁLFUN**

Umsagnir fyrrum nemenda:

„Eitt það besta við nám í Endurmenntun er að einungis er tekið fyrir eitt fag í einu og það klárað áður en næsta fag hefst. Ekki skemmir að andinn hjá Endurmenntun er frábær hvort sem er hjá nemendum eða starfsmönnum sem maður þarf að leita til."

**Laufey Sigurðardóttir, útskrifuð úr Gæðastjórnun**

„Námið fór langt fram úr mínum væntingum. Kennarar voru í fremstu röð íslenskra fræðimanna og mátti glögglega sjá að þar var valið af kostgæfni."

**Íris Sveinsdóttir, útskrifuð úr Leiðsögunámi á háskólastigi**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

## > Júlíus í viðræðum við Val

Júlíus Jónasson hefur verið í viðræðum við að taka við liði Vals undanfarna daga. Júlíus sagði við Vísi í gær að viðræður ættu að klárast á allra næstu dögum. „Viðræðurnar hafa ekki staðið lengi yfir," sagði Júlíus en þetta kom fram í dagsljósið sama dag og Valur lék úrslitaleik við Akureyri um laust sæti í úrslitarimmu Íslandsmótsins. Óskar Bjarni Óskarsson hefur gefið út að hann hættir með liðið. Júlíus er einnig þjálfari kvennalandsliðs Íslands. Aðspurður hvort viðræðurnar snerust um að finna lendingu í sínum málum hjá HSÍ sagði Júlíus: „Þetta mál er allt í algjörri skoðun."



**sport**
sport@frettabladid.is

KEFLVÍKINGURINN SVERRIR ÞÓR SVERRISSON: ÁTTI FRÁBÆRA INNKOMU AF BEKKNUM Í GÆR

# *Komum ekki til að taka þátt í sigurhátíð hjá þeim*

„Það kom ekkert annað til greina en að vinna," sagði Sverrir Sverrisson, leikmaður Keflavíkur, eftir sigurinn í Hólminum. „Við erum búnir að vera skelfilegir og vorum komnir með bakið upp við vegg. Við þurftum að sýna að það er karakter í okkur og að við erum alvöru keppnismenn."

Það var mjög hart barist í leiknum í gær. „Þetta eru hörð lið, það eru naglar í báðum liðum og þannig er þetta bara gaman. Menn voru grimmir og við vorum að taka slatta af lausum boltum. Vörnin var góð og hún ásamt grimmdinni skilaði þessum sigri. Sóknin var líka þokkaleg en hún kemur með ef hinir tveir þættirnir eru til staðar," sagði Sverrir. „Við vitum alveg hvað við þurfum að gera gegn Snæfelli. Þetta er sálrænt, þetta er ekki spurningin um að tala um hlutina heldur framkvæma þá."



Snæfellingar hefðu tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri en nú er ljóst að á fimmtudagskvöld verður alvöru oddaleikur í Keflavík. „Við komum ekki hingað til að taka þátt í sigurhátíð sem þeir voru búnir að plana. Við sáum til þess að það þurfti að fresta henni. Það er frábært að komast í oddaleik og verður gaman að taka þátt í honum."

Sverrir býst við rosalegum leik á fimmtudag. „Þetta eru svaðaleg stuðningslið sem bæði lið eiga og þetta verður líf og fjör," sagði Sverrir.

Guðjón Skúlason, þjálfari Keflvíkinga, var virkilega ánægður með varnarleik síns liðs. „Menn voru mjög einbeittir á það sem við þurftum að laga. Við héldum forystunni frá miðjum öðrum leikhluta. Stóru strákarnir stóðu sig vel og dreifingin í liðinu var mjög góð. Það er ekki einn leikmaður sem vinnur svona leiki heldur lið," sagði Guðjón.

„Við verðum ánægðir í kvöld en svo förum við að spá í hvað við þurfum að gera til að taka dolluna á fimmtudaginn. Það verður bara gaman."



**BORINN ÚT AF** Jón Norðdal Hafsteinsson var einn af þeim sem fékk slæmt högg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hart barist í Hólminum:

## Fossblæddi úr þremur í gær

**KÖRFUBOLTI** Það var mikið undir í leiknum í Hólminum í gær og hvorugt liðið gaf þumlung eftir. Þrír leikmenn fengu slæm högg í leiknum í Hólminum í gær þannig að fossblæddi úr þeim öllum.

Keflvíkingurinn Jón Norðdal Hafsteinsson meiddist fyrst um miðjan annan leikhluta eftir að hafa fengið högg í baráttu um frákast við Hlyn Bæringsson. Jón Norðdal yfirgaf húsið en sneri aftur eftir að seinni hálfleikurinn var byrjaður.

Tveir Snæfellingar meiddust síðan með stuttu millibili eftir samskipti við Keflvíkinginn Hörð Axel Vilhjálmsson í þriðja leikhluta, fyrst Sigurður Þorvaldsson og svo Emil Þór Jóhannsson. Báðir fengu skurð í kringum auga og um dágóða stund sátu þeir hlið við hlið fyrir aftan Snæfellsbekkinn á meðan gert var að sárum þeirra. Sigurður kom aftur inn í leikinn en bæði Jón Norðdal og Emil höfðu lokið leik eftir þessi högg. - óój

Byrjun Þóru í Svíþjóð:

## Með 96 prósent markvörslu

**FÓTBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Þóra Björg Helgadóttir hefur byrjað ferilinn vel með LdB FC Malmö í sænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.

Þóra hélt marki sínu hreinu í þriðja sinn í fjórum leikjum um helgina og LdB FC Malmö er nú eitt í efsta sæti deildarinnar með fullt hús stiga. LdB FC Malmö hefur þriggja stiga forskot á Jitex BK og markatala liðsins er 12-1. Eina markið sem Þóra hefur fengið á sig var í 6-1 sigri á móti Jitex BK í annarri umferð en hún hefur síðan haldið markinu hreinu í 257 mínútur.

Það er ekki eins og það hafi ekkert verið að gera hjá Þóru í leikjunum því hún hefur varið 24 skot í þessum fjórum leikjum eða 96 prósent þeirra skota sem hafa komið á hana. - óój



**EITT MARK Á SIG** Þóra Björg Helgadóttir spilar vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Keflvíkingar börðu fram oddaleik

**Það var mikil harka í fjórða leik Snæfells og Keflavíkur sem fram fór í Stykkishólmi í gær. Heimamenn gátu með sigri tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn en gestirnir mættu baráttuglaðir til leiks.**

**KÖRFUBOLTI** „Við vorum ekki að tapa neinu," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, eftir að liðið beið lægri hlut á heimavelli gegn Keflavík í gær 73-82. „Við erum að fara í Keflavík á fimmtudaginn til að vinna."

Með sigri hefðu Snæfellingar tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn en heimavöllur þeirra hefur ekki reynst þeim mjög happadrjúgur í úrslitakeppninni. Staðan í einvíginu er nú orðin jöfn 2-2 og því ljóst að bikarinn fer á loft eftir oddaleik á fimmtudaginn í Keflavík.

Fjárhúsið í Stykkishólmi var orðið þétt setið um klukkutíma fyrir leik og áhorfendum komið fyrir á öllum mögulegum og ómögulegum stöðum í salnum. Stemningin var mikil.

Snæfell byrjaði betur, komst strax í 10-2 og var með sjö stiga forystu að loknum fyrsta fjórðung. Þar voru þriggja stiga körfur og vítaskot í aðalhlutverki. Sóknarleikur Keflvíkinga var hikstandi í upphafi og Nick Bradford litlu að skila.

Gestirnir fundu betri takt í öðrum leikhluta og komust í fyrsta sinn yfir þegar fjórar mínútur voru liðnar af honum. Lykilmenn Snæfellsliðsins voru ekki að finna sig og um tíma virtist þeim illmögulegt að koma boltanum ofan í körfuna.

Jeb Ivey hélt Snæfellingum á floti á þessum kafla en tvær þriggja stiga körfur Harðar Axels Vilhjálmssonar fyrir Keflavík rétt fyrir hálfleik gerði það að verkum að þeir höfðu sex stiga forystu þegar gengið var til búningsherbergja, staðan 34-40.

Þriðji leikhluti einkenndist af mikilli hörku og fengu tveir Snæfellingar að finna vel fyrir Herði Axel sem blóðgaði bæði Sigurð Þorvaldsson og Emil Þór Jóhannsson. Þurftu báðir aðhlynningu og sárabindi um höfuðið. Baráttan var allsráðandi og fékk Hörður sína fjórðu villu fyrir síðasta fjórðunginn.



**ÞAKKAÐ FYRIR STUÐNINGINN** Leikmenn Keflavíkur þakka hér áhorfendum sínum fyrir stuðninginn í Hólminum í gær en Keflavík tryggði sér þar hreinan úrslitaleik um titilinn á heimavelli sínum í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**ANNAÐ ÁRIÐ Í RÖÐ** Nick Bradford er kominn í oddaleik um titilinn annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Keflvíkingar náðu mest ellefu stiga forystu snemma í leikhlutanum en heimamenn voru ekki dauðir úr öllum æðum og þar fóru fremstir í flokki Hlynur Bæringsson ásamt Ivey. Staðan var 57-60 fyrir síðasta fjórðunginn.

Gestirnir náðu svo níu stiga forystu 61-70 en þá hitti Jón Ólafur Jónsson niður mögnuðum þristi og kveikti í Snæfellingum á ný. Ivey bætti öðrum þristi við í kjölfarið og munurinn orðinn aðeins þrjú stig en lengra komust heimamenn ekki. Keflavík var með frumkvæðið og lét það ekki af hendi, vann níu stiga sigur.

„Harkan var mikil í þessum leik og stundum var þetta aðeins of mikið af því góða," sagði Ingi Þór. „Þrátt fyrir að hafa spilað fína vörn í byrjun þá náðum við ekki að skilja þá eftir og fyrir vikið komust þeir á bragðið. Þeir fengu hærri framlög frá fleirum í sínu liði og nú er bara að snúa bökum saman."

elvargeir@frettabladid.is

Þjálfari Lyon lofar meiri sóknarleik á móti Bayern í seinni undanúrslitaleik liðanna í Meistaradeildinni í kvöld:

# Vorum með handbremsuna á í München

**FÓTBOLTI** Í kvöld ræðst það hvort þýska liðið Bayern München eða franska liðið Lyon kemst í úrslit Meistaradeildarinnar en liðin mætast þá í seinni undanúrslitaleik sínum á Stade Gerland í Lyon. Bayern München vann fyrri leikinn 1-0 á heimavelli þrátt fyrir að hafa misst Franck Ribery út af með rautt spjald í fyrri hálfleik. Hollendingurinn Arjen Robben fékk skráð á sig sigurmarkið þegar hann skaut í félaga sinn Thomas Müller og í markið.

„Við vorum of varnarsinnaðir í fyrri leiknum og við verðum að breyta um taktík ef við ætlum okkur áfram. Við verðum að sækja meira," sagði Lisandro Lopez, framherji Lyon, og þjálfarinn Claude Puel tók undir þetta. „Við vorum með handbremsuna á í München en við eigum enn þá möguleika á að komast áfram," sagði Claude Puel.

„Við fórum til Real Madrid og komumst áfram. Núna ætlum við að gera það sama á okkar heimavelli. Ég er hrifnastur af þessum kringumstæðum því ég trúi því að maður spili besta fótboltann þegar liðið þarf að ná ákveðnum úrslitum. Ég er ekki of bjartsýnn en við höfum möguleika á að komast áfram ef við spilum okkar besta leik," sagði Puel.

Franck Ribery og Danijel Pranjic eru í banni hjá München auk þess sem miðverðirnir Martin Demichelis og Daniel van Buyten fengu högg um helgina og miðjumaðurinn Anatoliy Tymoshchuk glímir við magavírus. Lyon-menn fengu hins vegar leik sínum við Mónakó frestað og mæta því ferskir til leiks.



**MIKILVÆGT MARK** Hollendingurinn Arjen Robben fagnar sigurmarkinu í fyrri leiknum á móti Lyon ásamt Bastian Schweinsteiger. MYND/AFP

„Við erum ekki þannig lið sem mætir til leiks bara til að halda hreinu. Liðið hefur aldrei spilað þannig undir minni stjórn og byrjar ekki á því núna. Við erum með marga meidda menn en það verða samt ellefu sem byrja leikinn," sagði Louis van Gaal, þjálfari Bayern.

„Þegar ég var þjálfari í Hollandi og við þurftum að mæta þýsku liði varaði ég alltaf mína menn við að þeir þyrftu að spila leikinn allt til enda. Okkar lið er byggt upp á þýskum leikmönnum og mönnum sem hafa verið lengi í landinu. Þetta lið býr því yfir sönnum þýskum anda," sagði van Gaal. - óój

## ÚRSLITN Í GÆR

### *Iceland Express-deild karla*

**Fjórði úrslitaleikur um titilinn**

Snæfell-Keflavík 73-82 (34-40)

**Stig Snæfells:** Jeb Ivey 22 (7 stoðs.), Hlynur Bæringsson 20 (9 fráköst), Jón Ólafur Jónsson 10, Sigurður Á. Þorvaldsson 9, Emil Þór Jóhannsson 5, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 4, Martins Berkis 3.
**Stig Keflavíkur:** Uruele Igbavboa 20 (11 fráköst, 5 stoðsendingar), Sigurður Gunnar Þorsteinsson 18, Hörður Axel Vilhjálmsson 15, Nick Bradford 15 (6 fráköst, 6 stoðs.), Þröstur Leó Jóhannsson 6, Sverrir Þór Sverrisson 6 (11 stoðsendingar), Jón Nordal Hafsteinsson 2.

**Oddaleikurinn** um Íslandsmeistaratitilinn fer fram í Toyota-höllinni í Keflavík klukkan 19.15 á fimmtudagskvöldið.

### *N1-deild karla í handbolta*

**Oddaleikur um sæti í lokaúrslitum**

Valur-Akureyri 30-26 (14-15, 26-26)

**Mörk Vals (skot):** Elvar Friðriksson 8 (15/1), Fannar Þór Friðgeirsson 7/1 (17/1), Arnór Þór Gunnarsson 7/4 (12/6), Sigfús Páll Sigurðsson 3 (5), Jón Björgvin Pétursson 1 (1), Orri Freyr Gíslason 1 (1), Gunnar Ingi Jóhannsson 1 (1), Baldvin Þorsteinsson 1 (3), Sigurður Eggertsson 1 (7).
**Varin skot:** Hlynur Morthens 19 skot varin. Ingvar Guðmundsson 2 varin víti.
**Hraðaupphlaup:** 6 (Arnór, Gunnar, Jón, Baldvin, Elvar, Orri)
**Fiskuð víti:** 8 (Sigfús Páll 3, Orri 2, Sigurður 2, Baldvin)
**Utan vallar:** 8 mín.
**Mörk Akureyrar (skot):** Oddur Grétarsson 9/5 (10/6), Heimir Örn Árnason 6 (12), Guðmundur Hólmar Helgason 3 (7), Hörður Fannar Sigþórsson 2 (3), Jónatan Þór Magnússon 2 (7/1), Árni Þór Sigtryggsson 2 (9), Hreinn Þór Hauksson 1 (1), Geir Guðmundsson 1 (1).
**Varin skot:** Hörður Flóki Ólafsson 1 skot varið. Hafþór Einarsson 15/3 skot varin.
**Hraðaupphlaup:** 2 (Oddur, Árni)
**Fiskuð víti:** 7 (Hörður 3, Heimir 2, Oddur, Hreinn)
**Utan vallar:** 6 mín.

**Haukar og Valur** mætast í fyrsta úrslitaleiknum á Ásvöllum á föstudagskvöldið klukkan 20.00 en leikur tvö er síðan á sunnudaginn klukkan 16.00 í Vodafonehöllinni. Það lið sem fyrr vinnur þrjá leiki verður Íslandsmeistari.

Valsmenn mæta Haukum annað árið í röð í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn:

# Fannar Þór kláraði Akureyri

**HANDBOLTI** Valsmenn tryggðu sér farseðilinn eftir 30-26 sigur gegn Akureyri í gær en framlengingu þurfti til að gera út um hvort liðið færi í úrslitarimmuna í N1-deild karla.

Ljóst var að bæði lið voru vel undirbúin fyrir þennan slag og fylgdust liðin að allan fyrri hálfleikinn. Það var fín stemning í Vodafone-höllinni í gær en þó var ekki setið í öllum sætum stúkunnar þetta kvöldið.

Leikurinn var hraður og skemmtilegur en Valsmenn voru óheppnir snemma leiks er stórskytta þeirra Fannar Þór Friðgeirsson þurfti að yfirgefa völlinn eftir baráttu í vörninni. Kallað var eftir lækni því að sauma þurfti vörina á honum.

Eftir fimmtán mínútna leik misstu gestirnir tvo leikmenn útaf og Valsmenn því tveimur fleiri. Þeir nýttu liðsmuninn vel og voru skynsamir í sókninni. En norðanmenn voru seigir og leystu vel úr þessari stöðu.

Elvar Friðriksson kom ferskur inn í sóknina hjá heimamönnum og stimplaði sig strax inn í leikinn með tveimur sleggjum. Arnór Þór Gunnarsson fór mikinn í liði Vals í fyrrihálfleiknum með fimm mörk og Hlynur Morthens góður í markinu með 9 skot varin fyrir hlé.

Oddur Grétarsson í liði gestanna var heitur hinum megin með sex mörk í fyrri hálfleik.Gestirnir leiddu í hálfleik, 14-15.

Fannar Þór var mættur aftur út á völlinn með Valsmönnum í síðari hálfleik og fjörið hélt áfram. Stemningin lifnaði loks almennilega við í húsinu og spennustigið fór hækkandi.



**FLOTTUR Í FRAMLENGINGUNNI** Fannar Þór Friðgeirsson var góður á úrslitastundu í oddaleiknum á móti Akureyri í gær. Hér fær hann óblíðar móttökur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þegar síðari hálfleikur var hálfnaður voru Valsmenn komnir í góða stöðu, náðu þriggja marka forystu og leiddu leikinn. Gestirnir frá Akureyri gáfu þó lítið eftir og fylgdu þeim fast á eftir.

Síðustu mínútur leiksins voru æsispennandi. Akureyringar náðu að jafna og allt gat gerst. Orri Freyr Gíslason, línumaður heimamanna, skoraði gríðarlega mikilvægt mark er mínúta var eftir.

Rúnar Sigtryggsson, þjálfari gestanna, tók leikhlé í kjölfarið og lagði línurnar fyrir lið sitt. Dæmið gekk frábærlega upp hjá þeim og endaði með því að Jónatan Þór Magnússon stóð einn og óvaldaður á línunni, hann skoraði og tryggði sínum mönnum framlengingu.

Fannar Þór, leikmaður Vals, tók leikinn í sínar hendur og skoraði tvö mörk fyrir heimamenn, annað þeirra úr víti. Akureyringar fundu ekki leiðina framhjá Morthens í markinu og staðan eftir fyrri hluta framlengingar 28-26.

Hlynur Morthens gjörsamlega lokaði rammanum í seinni hlutanum og skoruðu gestirnir ekki mark. Sigfús Páll og Fannar Þór skoruðu svo hvor sitt markið og gulltryggðu sigur heimamanna.

Elvar Friðriksson var markahæstur í liði heimamanna með átta mörk en í liði gestanna var það Oddur Grétarsson með níu mörk. Hlynur Morthens varði lykilvörslur fyrir heimamenn undir lokin og endaði 19 skot varin.

Valsarar mæta Haukum í úrslitum um Íslandsmeistaratitilinn.

- rog



**AFTUR Í ÚRSLIT** Óskar Bjarni Óskarsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Óskar Bjarni Óskarsson:

## Ætlum í þetta til að klára þá

**HANDBOLTI** „Þessar rimmur við Akureyri hér í úrslitakeppninni eru einhverjar þær skemmtilegustu sem ég farið í á ævinni,“ sagði Óskar Bjarki Óskarsson, þjálfari Vals, eftir sigur liðsins gegn Akureyri í gær.

„Þeir eru algjörir stríðsmenn og Heimir Árnason var magnaður þarna hjá þeim ásamt Oddi Grétarssyni sem er einn efnilegasti ef ekki bara sá efnilegasti á landinu. Þeir spila líka góða vörn og voru erfiðir. En ég var mjög ánægður með framlenginguna því þar sýndum við úr hverju við erum gerðir og kláruðum þetta,“ bætti Óskar við en Valsmenn mæta Haukum í úrslitarimmunni.

„Ég er búinn að gefa það út að þetta er mitt síðasta ár með Val og ætla að gefa meira en allt til að reyna vinna þennan titil. Nú erum við með alla heila, annað en í fyrra, og við getum ekki keypt einhvern Nick Bradford ef við lendum í meiðslum. Vonandi getum við veitt þeim harða keppni. Við ætlum að fara í þetta til að klára þá, það er alveg hreinu,“ sagði Óskar.

- rog



## > Emily Deschanel

„Ég klæðist ekki fötum úr dýraafurðum og borða ekki dýr. En ég er ekki eingöngu í hollustunni því ég á það til að borða yfir mig af frönskum kartöflum.“

***Dechanel fer með hlutverk réttarmeinafræðingsins Dr. Temperance „Bones“ Brennan í þættinum Bones sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM FRÁSAGNARHÁTT

# Þáttur undan Eyjafjöllum

Jón Ársæll Þórðarson var með einn af sínum þáttum um Sjálfstætt fólk á sunnudagskvöld. Að þessu sinni voru hann og Steingrímur, tökumaður hans og framleiðandi, að keyra inn í gosmökkinn eystra meðan öskufallið var sem harðast. Þeir sóttu heim ábúendur á nokkrum bæjum en lunginn af þættinum voru viðtöl við ábúendur og heimamenn á Þorvaldseyri.

Jón Ársæll er búinn að gera hundruð svona þátta sem spruttu upp úr innslögum sem hann var með í 19:19 og seinna 19:20. Ætli það hafi ekki verið 1995 að hann var settur í að gera sína eigin þætti, eða 1996. Alla vega er langt síðan. Jón er nokkuð fyrirferðarmikill í flestum þáttanna, hann hefur markað sér persónulegan stíl sem stundum minnir á Jónas Jónasson, ábúðarmikinn, jafn svo hátíðlegan að stappar nærri tilgerð, en vegna þess að hann er næs gæi fyrirgefur fólk honum og rennur með.

Þátturinn á sunnudag hafði í sér stóra hluta sem voru á heimsmælikvarða. Jón var mest utan myndar, meira en oft er, og það var eiginlega Steingrímur, eða öllu heldur náttúran, sem tók þáttinn yfir. Það voru skot þarna sem voru hreint ótrúleg. Þau römmuðu síðan inn viðtöl við heimilismenn á Þorvaldseyri sem sýndu mikið æðruleysi í þeim hildarleik sem hafði áfallið jörðina þeirra.



Ekki þarf að velta fyrir sér að ein ástæða þess að þau komu svona fram var Jón og aðkoma hans utan vélar.

Þátturinn tók að vísu að riðlast er á hann leið en fram að því þá hugsaði gamall hundur af dagskrárdeildinni á Stöð 2: Þetta er efni sem á erindi út um allan heim, en þá kom langur endurtekningarkafli um hlaðinn varnargarð sem átti að vera staðsettur fyrr í fullri lengd. Og bláendinn var með öðrum gæðabrag.

Sem minnir á hvað það er mikið þol sem þarf til að vinna svona vikulegt prógramm og líka að menn þurfa að hafa bein og nef til að geta beðið vikuna og gert meira þegar á fjörur þeirra rekur efni sem er eins gott og mestallt var þennan hálftíma á sunnudag.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.30** Lyon – Bayern, beint
STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Að duga eða drepast
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.35** Modern Family STÖÐ 2



▶ **20.35** Með öngulinn í rassinum SKJÁREINN



▶ **21.50** That Mitchell and Webb Look STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Alla leið** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Jimmy Tvískór** (2:13)
**17.52 Sammi** (4:52)
**18.00 Múmínálfarnir**
**18.25 Dansað á fákspori** Þáttaröð um Meistaramót Norðurlands í hestaíþróttum. Umsjónarmaður er Arna Björg Bjarnadóttir, forstöðukona Söguseturs íslenska hestsins.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Að duga eða drepast** (Make It or Break It) (1:10) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð og keppa á Ólympíuleikum. Meðal leikenda eru Chelsea Hobbs, Ayla Kell, Josie Loren og Cassie Scerbo.
**20.55 Leiðin á HM** (10:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní.
**21.25 Ef nýrun gefa sig** Ný íslensk fræðslumynd um nýrnabilanir og áhrif þess sem og hvaða úrræðum læknavísindin hafa yfir að ráða við slíkar aðstæður.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Whitechapel** (Whitechapel) (3:3) Breskur sakamálaflokkur. Aðalhlutverk: Rupert Penry-Jones og Alex Jennings.
**23.05 Njósnadeildin** (Spooks VII) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 Extreme Dating**
**08.00 Thank You for Smoking**
**10.00 Happy Gilmore**
**12.00 Cats & Dogs**
**14.00 Thank You for Smoking**
**16.00 Happy Gilmore**
**18.00 Cats & Dogs**
**20.00 Extreme Dating**
**22.00 Submerged**
**00.00 First Descent**
**02.00 Carlito's Way**
**04.20 Submerged**
**06.00 Across the Universe**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (9:22)
**10.55 Cold Case** (22:23)
**11.45 Numbers** (11:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The First $20 Million Is Always the Hardest**
**15.00 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ben 10, Risaeðlugarðurinn og Strumparnir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (6:22)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (20:24)
**19.45 How I Met Your Mother** (6:20)
**20.10 How I Met Your Mother** (10:24)
▶**20.35 Modern Family** (13:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.
**21.00 Bones** (12:22) Spennuþáttur um réttarmeinafræðinginn Dr. Temperance „Bones“ Brennan.
**21.45 Curb Your Enthusiasm** (1:10) Larry David snýr nú aftur í sjöundu þáttaröðinni.
**22.15 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft.
**22.40 Southland** (4:7) Lögregluþættir sem fjalla um líf og störf lögreglumanna í Los Angeles.
**23.25 The Fixer** (2:6)
**00.10 The First $20 Million Is Always the Hardest**
**01.55 Bones** (12:22)
**02.40 Cold Case** (22:23)
**03.25 Numbers** (11:23)
**04.10 How I Met Your Mother** (10:24)
**04.30 Modern Family** (13:24)
**04.55 Curb Your Enthusiasm** (1:10)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Snæfell - Keflavík** Útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni í körfubolta.
**15.20 Bestu leikirnir: FH - KR 10.08.09** Tvö bestu lið landsins mættust þann 9. ágúst 2009 í Kaplakrika og úr varð stórbrotin skemmtun. Sóknarleikurinn var í fyrirrúmi í þessu magnaða leik sem enginn má láta framhjá sér fara.
**15.50 Snæfell - Keflavík** Útsending frá leik í Iceland Expressdeildinni í körfubolta.
**17.30 Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**18.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins. Sérfræðingarnir verða á sínum stað og spá í spilin.
▶**18.30 Lyon - Bayern** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**20.40 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**21.00 24/7 Mayweather - Mosley** Hitað upp fyrir bardaga Floyd Mayweather og Shane Mosley.
**21.30 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi.
**22.30 Lyon - Bayern** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**00.10 Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.10 Burnley - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.50 Hull - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni.
**19.00 Aston Villa - Birmingham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Chelsea - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**23.15 Everton - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Matarklúbburinn** (6:6) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (6:6) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál.
**18.30 Matarklúbburinn** (6:6) (e)
**19.00 Girlfriends** (12:22) (e)
**19.20 America's Funniest Home Videos** (38:50) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot.
**19.45 King of Queens** (23:25) (e)
**20.10 Accidentally on Purpose** (14:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola.
▶**20.35 Með öngulinn í rassinum** (4:6) Ný, íslensk þáttaröð þar sem tvíburabræðurnir Gunnar og Ásmundur Helgasynir keppa í laxveiði og ýmsu öðru því tengdu.
**21.05 Nýtt útlit** (9:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.55 The Good Wife** (16:23) Bandarísk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögfræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífshneyksli og er dæmdur í fangelsi fyrir spillingu í opinberu starfi.
**22.45 Jay Leno**
**23.30 CSI** (9:23) (e)
**00.20 Heroes** (26:26) (e)
**01.00 Battlestar Galactica** (13:22)
**01.40 The Good Wife** (16:23) (e)
**02.30 King of Queens** (23:25) (e)
**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Hrafnaþing** PC-heimurinn. Gunnar Guðmundsson, forstjóri OK og Hákon Halldórsson, markaðsstjóri OKG eru gestir Ingva Hrafns.
**21.00 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir sýnir réttar handbrögðin við garðyrkjustörfin.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Tryggvi Þór Herbertsson alþingismaður fær til sín góða gesti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# BETRI TÖLVUR

ThinkPad fartölvur frá Lenovo búa yfir fullkomnustu tækni sem völ er á enda hafa þær unnið til fjölda verðlauna.

Þeir sem vilja ná árangri velja hágæða umhverfisvottaðar fartölvur frá Lenovo.




lenovo ThinkPad



**ThinkPad T410**
Fyrir kröfuharða notendur
Core i5 520M örgjörvi
4GB minni
320GB diskur
14,1" LED skjár
Windows 7



**ThinkPad Edge**
Ný kynslóð ThinkPad fartölva
AMD L625 örgjörvi
4GB minni
320GB diskur
13,3" LED skjár
Windows 7



**ThinkPad X100e**
Nett vél fyrir fólk á ferðinni
AMD MV40 örgjörvi
2GB minni
250GB diskur
11,6" LED skjár
Windows 7

NÝHERJI

Nýherji hf. Borgartún 37 Sími 569 7700 | Kaupangur v/Mýrarveg Akureyri Sími 569 7620 | www.netverslun.is BETRI LAUSNIR

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.50**

**Curb Your Enthusiasm**

Larry David snýr nú aftur og í þetta sinn er hann studdur stjörnunum úr hinum vinsælu þáttum Seinfeld. Aðalgrínið í þáttaröðinni nú verður hvort eitthvert vit sé í endurkomu Seinfeld-þáttanna en aðalleikararnir hafa ákaflega misjafnar skoðanir á því.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Múmínálfarnir**

**Sjónvarpið kl. 18.00**



Sjónvarpið sýnir ævintýri Múmínálfanna sem hafa notið mikilla vinsælda hér á landi allt frá því fyrsta bókin kom út á íslensku árið 1968. Múmínálfarnir búa í Múmíndal en þar búa einnig Snorkurinn og Snorkstelpan, Snabbi, Mía litla, Snúður, Hemúllinn, Morrinn og Hattífattarnir. Í Múmíndal er ávallt líf og fjör og alltaf gaman að fylgjast með því hvað íbúar dalsins taka sér fyrir hendur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Söngfuglar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Borg
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Að fanga sumarið
**21.20** Tríó
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.20** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Ally McBeal** (4:22) Jenny er í forsvari fyrir Raymond í lögsókn gegn honum fyrir kynferðislega áreitni sem endar með því að hann býður henni á stefnumót og Glenn óskar eftir stefnumóti með Ally.

**18.30 Friends** (5:24) Fylgstu með ævintýrum, Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Ally McBeal** (4:22)

**20.30 Friends** (5:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 That Mitchell and Webb Look** (1:6) Grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með félögunum David Mitchell og Robert Webb. Þeir slógu í gegn í Peep Show og í þessum þætti fara þeir á kostum og bregða sér í alla kvikinda líki.

**22.20 American Idol** (32:43) Úrslitaslagurinn heldur áfram í American Idol og aðeins sjö bestu söngvararnir eru eftir.

**23.05 American Idol** (33:43) Sérstakur góðgerðar-þáttur þar sem fjöldinn allur af þekktum listamönnum koma fram. Allur ágóði er svo látinn renna til bágstaddra. Hér kemur einnig í ljós hvaða sex keppendur halda áfram.

**00.50 Supernatural** (8:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**01.30 Sjáðu**

**02.00 Fréttir Stöðvar 2**

**02.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.40** The Green Green Grass **13.10** The Weakest Link **13.55** Hustle **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** Only Fools and Horses **15.45** Blackadder the Third **16.15** EastEnders **16.45** The Weakest Link **17.30** Absolutely Fabulous **18.00** After You've Gone **18.30** Waterloo Road **19.20** Ashes to Ashes **20.10** After You've Gone **20.40** Keeping Up Appearances **21.10** Keeping Up Appearances **21.40** Monarch of the Glen **22.30** Waterloo Road **23.20** Ashes to Ashes

## DR 1

**12.00** Søren Ryge direkte **12.30** Sager der nager **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.05** Family Guy **14.30** Splint & Co **14.55** Minisekterne **15.00** Magnus og Myggen **15.15** Benjamin Bjørn **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Hammerslag på Mallorca **18.30** Spise med Price **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Talismanen **20.45** Kodenavn Hunter II **21.45** Gerningsstedet **22.05** Mission Ledelse **22.35** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Derrick **15.00** NRK nyheter **15.10** Bondeknolen **15.40** Oddasat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.45** Ut i naturen **18.15** Lisa goes to Hollywood **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **21.00** Kveldsnytt **21.15** Monty Pythons verden **22.10** Fem dager **23.10** Hitlåtens historie **23.40** Svisj gull

## SVT 1

**12.00** Plus **12.30** Örlogsmän **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Landgång **15.25** Mitt i naturen **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Inför Eurovision Song Contest 2010 **19.00** Att stå utanför och se in... **19.30** Kvartersdoktorn **20.00** Dox. Crazy love **21.35** Kommissarie Winter **22.35** Bubblan **23.05** Det kungliga bröllopet




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hef verið að láta nýju plötuna hennar Erykhu Badu rúlla, Erykah Badu New Amerykah Pt. 2. Frábær plata. Lögin Fall in love og Window seat eru að skara fram úr eins og er.“*

Benedikt Freyr Jónsson plötusnúður.

# Kynnti dagskrána með soninn í fanginu

„Þetta var smá flipp bara,“ segir sjónvarpsþulan Katrín Brynja Hermannsdóttir, sem kynnti dagskrá sunnudagskvöldsins með tveggja mánaða son sinn í fanginu.

„Ég stóðst ekki mátið. Ég var með hann þarna með mér og þetta er að verða búið. Ég hugsaði bara: „Ókei, þá verð ég bara rekin,“ segir Katrín Brynja, sem fékk ekki leyfi yfirmanna sinna fyrir uppátækinu.

Hún segir brátt skilið við Sjónvarpið rétt eins og hinar þulurnar og vill því kveðja með stæl. „Mér finnst þetta svolítið leiðinlegt. Við erum að hverfa af skjánum ein af annarri án þess að það sé neitt sérstakt gert. Það var ekki hægt að sleppa þessu.“ Sonur hennar, sem verður skírður í næsta mánuði, grét aðeins í settinu en stóð sig annars eins og hetja. „Hann var aðeins að tjá sig,“ segir Katrín, sem hefur fengið mjög góð viðbrögð við uppátækinu.

Rúm níu ár eru síðan Katrín hóf störf sem þula og segir hún tímann hafa verið æðislegan. Hún viðurkennir að erfitt verði að hætta. „Þetta verður mjög skrítið. Það er svo æðislegt fólk sem er að vinna þarna. Ég hugsa að ég hefði endað þarna með göngugrindina ef þeir hefðu ekki lagt þetta niður.“ - fb



**SJÓNVARPSSTJÖRNUR** Katrín Brynja Hermannsdóttir ásamt syni sínum sem verður skírður í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



LÁRÉTT
**2.** sælgæti, **6.** tveir eins, **8.** fornafn, **9.** heiður, **11.** leita að, **12.** félagi, **14.** mjaka, **16.** samtök, **17.** til viðbótar, **18.** hamfletta, **20.** tveir eins, **21.** færni.

LÓÐRÉTT
**1.** tísku, **3.** kringum, **4.** gróðrahyggja, **5.** af, **7.** hindrun, **10.** regla, **13.** gerast, **15.** sál, **16.** máttur, **19.** hæð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** buff, **6.** tt, **8.** mér, **9.** æra, **11.** gá, **12.** lagsi, **14.** fíkra, **16.** aa, **17.** enn, **18.** flá, **20.** dd, **21.** list.

**LÓÐRÉTT: 1.** stæl, **3.** um, **4.** fégirnd, **5.** frá, **7.** trafali, **10.** agi, **13.** ske, **15.** andi, **16.** afl, **19.** ás.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

**1** Valur.

**2** Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson.

**3** Í Sjanghæ í Kína.









**FENGIÐ GÓÐ VIÐBRÖGÐ** Örn Marinó og Þorkell Harðarson með fyrrverandi fálkasölumanninum Alan Howell Parrot á frumsýningu Feathered Cocaine sem vakið hefur óskipta athygli á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York. NORDICPHOTOS/GETTY

ÞORKELL HARÐARSON: BÓKAÐIR Í VIÐTAL HJÁ NEW YORK TIMES

# Fjaðrafok í New York út af íslensku fálkamyndinni

„Það hefur verið uppselt á allar sýningar hingað til og við höfum fengið góð og mikil viðbrögð,“ segir Þorkell Harðarson en hann frumsýndi ásamt Erni Marinó Arnasyni heimildarmyndina Feathered Cocaine á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York á föstudaginn. Feathered Cocaine fjallar um umfangsmikið smygl á evrópskum fálkum til Mið-Austurlanda en það sem hefur vakið hvað mestu athyglina er að í myndinni kemur fram að einn mest eftirlýsti maður heims, Osama bin-Laden, er ekki eins vel falinn og vestræn yfirvöld hafa haldið fram. Örn og Þorkell voru til að mynda bara hársbreidd frá því að komast í návígi við hryðjuverkamanninn. Þeir Þorkell og Örn hafa verið bókaðir í fjölda viðtala, meðal annars við stórblaðið New York Times.

Frumsýning myndarinnar á þessari kvikmyndahátíð í New York er engin tilviljun. Stórleikarinn Robert De Niro stofnaði hana eftir árásirnar á Tvíburaturnana 2001 sem áðurnefndur Laden og samtök hans, Al-Kaída, eru sögð hafa skipulagt. Þorkell segir myndina því hafa haft sterk áhrif á áhorfendur, þeir hafi verið reiðir og forviða eftir sýninguna. „Fólk hefur rætt árásirnar og sína upplifun á mjög hreinskilinn hátt við okkur. Myndin kemur augljóslega við kvikuna á fólki,“ útskýrir Þorkell sem vill þó ekki meina að CIA sé farið að fylgjast með ferðum þeirra um stórborgina. „Nei, enda held ég að þeir séu svo snjallir að við myndum aldrei sjá þá ef svo væri.“

Feathered Cocaine hefur verið lengi í vinnslu og þótt stressið fyrir frumsýningu hafi verið mikið segir Þorkell að hann og Örn hafi sofið eins og ungbörn um nóttina. „Ég hef ekki sofið jafn vært í sex ár,“ segir Þorkell en Feathered Cocaine heldur áfram ferðalagi sínu um Norður-Ameríku því hún tekur þátt á Hot Docs-hátíðinni í Toronto. „Þar hefur fólk talað um þessa mynd í þrjú ár, hún var orðin að hálfgerðri goðsögn þannig að það var kominn tími til að koma út úr skápnum með þessa mynd.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu þá er alheimsfegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** stödd í Kína ásamt fríðu föruneyti sem sér um íslenska básinn á heimssýningunni í Sjanghæ. Unnur og félagar hafa vakið mikla athygli, en tugir frétta og greina um íslenska skálann hafa birst í kínverskum fjölmiðlum. Ísland er í hópi þjóða sam taka þátt í prufuopnun sýningarinnar og hafa tekið á móti 15.000 gestum á þremur dögum. Gríðarlegar raðir hafa myndast við skálann og stundum hafa yfir 1.000 manns í einu staðið í röð.



Lindsay Lohan var nýlega rekin úr kvikmyndinni The Other Side því framleiðendum myndarinnar leist ekkert á að hafa vandræðagemsann innanborðs. Meðal annarra leikara í myndinni eru Woody Harrelson og Alanis Morrisette en klippari myndarinnar á imdb.com er sögð vera **Valdís Óskarsdóttir**.



Uppistandsgrínararnir í Mið-Íslandi gerðu góðan túr til Kaupmannahafnar um helgina. Þeir Bergur Ebbi Benediktsson, Dóri DNA, Ari Eldjárn og Jóhann Alfreð tróðu upp á Nordatlantens Brygge og þangað mættu um 150 grínþyrstir Kaupmannahafnarbúar og nærsveitamenn. Var góður rómur gerður að gríni félaganna og þótti kvöldið vel heppnað. Meðal gesta var **Gísli Marteinn Baldursson** borgarfulltrúi, sem hló manna hæst þegar þeir félagar gerðu grín að honum, og veitingamaðurinn Friðrik Weisshappel sem var yfir sig hrifinn af þeim félögum. Svo hrifinn var Friðrik að hann keypti fjölmörg eintök af grínplötu Ara og bauð grínflokknum í „bröns“ á veitingahúsi sínu daginn eftir.



- afb, fgg, hdm

HAFNARFJARÐARKIRKJA.IS

**SÍÐASTA HJÓNANÁMSKEIÐIÐ**

Vegna fjölmargra áskorana verður bætt við auka hjóna og sambúðarnámskeiði í Hafnarfjarðarkirkju **9. og 10. maí næstkomandi.**
Leiðbeinandi er sem fyrr sr.Þórhallur Heimisson.
Á námskeiðunum er nú lögð sérstök áhersla á hvernig hægt er að styrkja innviði fjölskyldunnar og samband hjóna á þeim erfiðu tímum sem ganga yfir land og þjóð.

**Skráning fer fram á thorhallur33@gmail.com.**
**Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á hafnarfjardarkirkja.is**
***Athugið að takmarkaður fjöldi kemst að.***

# Ardís úr Idol syngur einsöng

Ardís Ólöf Víkingsdóttir, sem lenti í fjórða sæti í fyrstu Idol-þáttaröðinni, útskrifaðist úr söngnámi í Bandaríkjunum fyrir tveimur árum. Hún syngur einsöng með Kammerkór Reykjavíkur í Kristskirkju í kvöld.

„Þegar ég var í Idolinu var ég að læra klassískan söng og það blundaði í mér að læra meira. Ég dreif mig út 2006 og var í námi til 2008,“ segir Ardís Ólöf, sem stundaði nám í bænum Princeton í New Jersey. „Þetta var rosalega góð lífsreynsla og það var gaman að prófa að búa annars staðar en á Íslandi. Þetta var hörkuerfitt en mjög skemmtilegt og ég sé ekki eftir því.“

Áður en Ardís fór út í nám var hún af og til í poppinu auk þess sem hún söng í Litlu hryllingsbúðinni hjá Leikfélagi Akureyrar. Hún hefur ekki sagt skilið við poppið en klassíski söngurinn á þó hug hennar allan þessa dagana. Hún hlakkar mikið til tónleikanna í kvöld. „Við erum búin að æfa mjög mikið. Þetta verður rosa gaman. Ég hef aldrei sungið í þessari kirkju og ég hef heyrt að hljómburðurinn sé góður og henti þessari tónlist vel sem við erum að syngja.“

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20 og á efnisskránni er íslensk og erlend kirkjutónlist. Stjórnandi Kammerkórs Reykjavíkur, sem hóf aftur störf síðasta haust eftir tveggja ára hlé, er Sigurður Bragason. - fb



**ARDÍS ÓLÖF VÍKINGSDÓTTIR** Ardís Ólöf syngur einsöng á tónleikunum í kvöld sem verða haldnir í Kristskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM






SMÁRÉTTIR
Í HLÉI AÐ HÆTTI
SIGGA HALL
Pantaðu í miðasölunni
AÐEINS 1.500 kr.

Tryggðu þér miða á fyrstu sýningar! **ATH. Sýningar hefjast kl. 19.00**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þri 27/4* kl. 13:00 Ö | Lau 8/5 kl. 19:00 U | Lau 22/5 kl. 19:00 Ö | Fös 11/6 kl. 19:00 aukas. |
| Mið 28/4* kl. 13:00 U | Mið 12/5 kl. 19:00 U | Sun 30/5 kl. 19:00 Ö | Lau 12/6 kl. 19:00 aukas. |
| Fös 30/4 kl. 19:00 U | Fös 14/5 kl. 19:00 U | Fim 3/6 kl. 19:00 Ö | |
| Lau 1/5 kl. 19:00 U | Mið 19/5 kl. 19:00 Ö | Fös 4/6 kl. 19:00 Ö | |
| Fös 7/5 kl. 19:00 U | Fös 21/5 kl. 19:00 Ö | Lau 5/6 kl. 19:00 Ö | |

* Sýning fyrir 60 ára og eldri

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
SÍMI 551 1200 LEIKHUSID.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spila póker í Mónakó



Þremenningarnir **Auðunn Blöndal**, **Egill Einarsson** og Sveppi eru nú staddir í Mónakó þar sem tveir fyrrnefndu taka þátt í risavöxnu lokamóti Evrópumótaraðarinnar í póker. Vegna eldgossins í Eyjafjallajökli var á tímabili óvíst hvort þeir kæmust á staðinn, en það blessaðist og félagarnir mættu í teiti með pókerstjörnum á borð við Boris Becker, Daniel Negreanu og Joe Hachem á laugardagskvöld. Þeir byrjuðu svo að spila í gær og voru báðir inni í mótinu síðast þegar Fréttablaðið fékk af þeim fréttir.



### Gripin eftir útgáfutónleika

**Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir** hélt útgáfutónleika plötunnar Bara plata í Fríkirkjunni á laugardag. Tónleikarnir gengu vel og kirkjan var full af áhugasömum börnum. Eftir vel heppnaða tónleika ók Ísgerður á brott á bílnum sínum, en var fljótlega stoppuð af laganna vörðum. Hún var ekki búin að spenna á sig beltið og var í þokkabót að tala í símann. Lögregluþjóninum fannst vandræðalegt að þurfa að stoppa Ísgerði á þessum gleðidegi, óskaði henni til hamingju með plötuna og baðst afsökunar áður en hann rétti henni sektina.



- afb

### Mest lesið vísir.is

1. Létust í bílslysi í Reykjanesbæ
2. Sakaður um pyntingar - dæmdur mánuði áður fyrir hrottaskap
3. Pilturinn í Reykjanesbæ grunaður um ölvunarakstur
4. Neyddu mann til þjófnaðar og pyntuðu hann í kjölfarið
5. Mikil sorg og áfall fyrir samfélagið





Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.



# Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

## IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi




## Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

## Fermingartilboð

| STÆRÐ | VALHÖLL | SAGA | ÞÓR | IQ-CARE |
|---|---|---|---|---|
| 90x200 | 69.900 | 89.900 | - | 134.900 |
| 100x200 | 74.900 | 94.900 | 104.900 | 144.900 |
| 120x200 | 84.900 | 109.900 | 124.900 | 164.900 |
| 135x203 | - | - | - | 169.900 |
| 140x200 | 89.990 | 119.900 | 139.900 | 179.900 |
| 153x203 | 99.900 | 129.900 | 149.900 | 179.900 |

Tilboð með leðurlituðum botni og fótum

**30% afsláttur af lökum og hlífðardýnum**

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á RÚMBOTNUM**




Svefn & heilsa ★★★★★




3 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is